

SHALDOR  
skoðun 16



3 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Fasteignir.is  
Hægindastólar



Atvinnumaður í spurningagerð  
Stefán Pálsson gerir harða atlögu að  
sæmdarheitinu Spurningahöfundur  
Íslands.  
fólk 34



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

12. desember 2011  
290. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

REST LESNA  
DAGLAÐ Á ÍSLANDI  
10  
ÁRA  
2001 - 2011

\*Samkvæmt reennbláttölum Cancer Cent Gullur apríl - júní 2011



**Elskar að búa á Íslandi**  
Tónlistarmaðurinn Ryan  
Karazija vekur athygli fyrir  
plötu sína.  
fólk 26

**Sólarfilma 50 ára**  
Eigendur hafa átt í farsælu  
samstarfi við hönnuði  
og ljósmyndara og haft  
heppnina með sér hvað  
varðar starfsmenn.  
tímamót 18



**Fram í annað sætið**  
Fram hafði betur gegn Val í  
borgarslag N1-deildarinnar.  
sport 28



**ÚRKOMULÍTIÐ** Í dag verða víðast  
austan 5-10 m/s og úrkomulítið  
en stökur skúrir eða él við N- og A-  
ströndina. Hiti í kringum frostmark.  
VEÐUR 4

Sólu tímabil  
5. - 19. desember

ÍSLENSK HÖNNUN  
OG RITSNILD Í ÞÁGU  
FATLAÐRA BARNA  
LEPPALÚÐI  
Nánar á [www.jolaoroinn.is](http://www.jolaoroinn.is)  
STYRKARFÉLAG LAMADRA  
OG FATLAÐRA

## Glæpatíðni langhæst í Eyjum

Fjöldi skráðra glæpa miðað við íbúatölu er mestur í Vestmannaeyjum árið 2010. Þjóðhátíð skýrir tölurnar að sumu leyti en ekki öllu, segir sýslumaður. Öryggismyndavélar verða settar upp í Herjólfssdal fyrir næstu Þjóðhátíð.

**LÖGREGLUMÁL** Vestmannaeyjar eiga met í skráðum lögbrotum á síðasta ári. Miðað við íbúatölu hefur lögreglan í Vestmannaeyjum sinnt flestum líkamsárásarmálum, fíkniefnabrotum, áfengislagabrotum og brotum gegn valdstjórninni, af öllum umdæmum landsins.

Þá eru Eyjar með næstmesta fjölda kynferðisbrota, eignaspjalla og skjalafölsunarbrot. Fjöldi umferðarlagabrota í Eyjum er þó með því lágsta sem gerist. Þetta kemur fram í afbrotatölfræði Ríkislögreglustjóra fyrir síðasta ár.

Í skýrslunni segir að líkt og árið 2009 hafi flest brot verið skráð í Vestmannaeyjum, eða 276 á hverja 10.000 íbúa, sem er fjölgun úr 230.

Tilteknir atburðir, svo sem bæjarhátíðir og samkomur um verslunarmannahelgar, geti haft áhrif á fjölda brota.

Karl Gauti Hjaltason, sýslu-

### Myndavélar í Dalinn fyrir næsta haust

Þjóðhátíðarnefnd vinnur nú að því að kaupa öryggismyndavélakerfi til að setja upp í Herjólfssdal fyrir næstu Þjóðhátíð. Páll Scheving, formaður nefndarinnar, segir málin í skoðun hjá fyrirtækjum sem selja slíkan búnað og unnið er að því að finna út hvaða lausnir henta best. „Það er alls konar búnaður í boði. Við viljum auðvitað þann sem hefur mest forvarnagildi, sem best eftirlit og til að aðstoða lögreglu í rannsóknum sínum.“

Að minnsta kosti tíu nauðganir voru tilkynntar eftir síðustu verslunarmannahelgi, þar af voru sex í Vestmannaeyjum.

Jóhannes Ólafsson, yfirlögregluþjónn í Vestmannaeyjum, segir það ekki óeðlilegt að það setji strik í reikninginn þegar íbúafjöldi samfélags þrefaldist yfir eina helgi. Þó beri að hafa í huga að þegar stór íþróttamót eru haldin í Eyjum hafi það engin áhrif á brotatíðni yfir árið.

maður í Vestmannaeyjum, segir Þjóðhátíð vissulega eiga hlut að máli, en hún skýri þó ekki allt.

„Við erum alltaf efstir og höfum verið alveg frá því ég man,“ segir hann. „Ég veit ekki af hverju. Þetta ætti að vera jafnmikið ann-

ars staðar, en svo er það nú ekki. Þetta hefur alltaf verið svona, við erum langt fyrir ofan alla aðra.“

Yfir 60 ákæru hafa verið lagðar fram í Vestmannaeyjum á þessu ári, flestar vegna líkamsárása, fíkniefnabrota og kynferðisbrota.



**SÁRT TAP** Stella Sigurðardóttir, lengst til vinstri, var vítanlega niðurlút eftir tapið gegn Rússlandi í gær. Það er Arna Sif Pálsdóttir líka en Anna Úrsúla Guðmundsdóttir gerir sitt besta til að hugga hana. Stelpurnar stóðu sig með þrýði í Brasilíu og koma heim sem hetjur.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Ísland er úr leik á HM í Brasilíu eftir að hafa tapað fyrir Rússlandi í gær:

## Stelpurnar féllu úr leik með sæmd

**HANDBOLTI** Stelpurnar okkar eru úr leik á heimsmeistararamótinu í handbolta eftir að hafa tapað fyrir núverandi heimsmeisturum Rússa, 30-19, í Barueri í Brasilíu í gær.

Þótt það hafi verið á brattann að sækja fyrir íslenska landsliðið þurftu heimsmeistararnir að hafa fyrir hlutunum og stelpurnar okkar voru oft í forystu í fyrri hálfleik. Munurinn var aðeins tvö mörk þegar 20 mínútur voru eftir en þá settu Rússarnir í fluggir og kláruðu leikinn.

„Það var ekkert öðruvísi að spila við þetta lið en Svartfjallaland, Noreg eða Þýskaland. Það vantaði

bara aðeins meiri yfirvegum í leik okkar og að fækka mistökunum. Þá hefði allt getað gerst,“ sagði leikstjórnandinn Karen Knútsdóttir eftir leikinn.

Faðir hennar, Knútur Hauksson, er formaður HSÍ og sagði við Fréttablaðið í gær að það væri oft erfitt að ná endum saman þegar landslið væri sent á stórmót sem þetta.

„Það erfiðasta við þetta er að við vitum aldrei hvaða fjárhagsstuðning við fáum áður en lagt er í svona stórmót,“ sagði Knútur. „Þannig er þetta hjá okkur og við gerum bara það sem þarf að gera til að redda hlutunum frá degi til dags.“

- esá, seth / sjá bls. 30

## Könnun um ESB-viðræður: Tveir þriðju vilja klára viðræður

**KÖNNUN** Tveir þriðju hlutar þjóðarinnar, eða 65,3 prósent, vilja ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið og setja samning í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Þriðjungur þjóðarinnar vill hins vegar draga aðildarumsóknina til baka.

Meirihluti þeirra sem segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn vill ljúka viðræðunum, eða 56,4 prósent.

Tæp 95 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar vilja ljúka viðræðunum og um rúm 76 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna.

Um 63 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokksins vilja hins vegar draga umsóknina til baka.

Heldur fleiri konur vilja hætta viðræðunum en karlar.

- kh, bj / sjá síðu 4

**Jólaleikur BYKO!**  
Nýr vinningur á hverjum degi  
**Vinningur dagsins:**  
Einhell, ryksuga - 12.990 kr.  
Sjá nánar á [www.byko.is](http://www.byko.is)

Kringlan  
12  
dagar til jóla  
Opið til 18.30  
Nýtt kortatímabil



SPURNING DAGSINS



Friðþór, mun Öskjuhlíðin ekki bera sitt barr?

„Hún ber sitt barr svo framarlega sem það kemst ekki lús í hana.“

Friðþór Eydal, talsmaður Isavia. Óskað hefur verið eftir því að tré í Öskjuhlíð verði lækkuð til að tryggja öryggi við flugumferð.

Ban Ki-moon hélt ávarp: Einstakt ár í mannréttindum

MANNRÉTTINDI Árið 2011 hefur verið einstakt mannréttindaár, sagði Ban Ki-moon, aðalritari Saminuðu þjóðanna, í ávarpi sínu á alþjóðlega mannréttindadaginn á laugardag.



BAN KI-MOON

„Við vitum að það er allt of mikil kúgun í veröldinni, allt of mikið refsileysi og of margir sem ekki búa við réttindi,“ sagði Ki-moon, en þrátt fyrir það hafi lýðræðislegum stjórnskiptum verið átt úr vör og ný skref stigin í átt að því að draga menn til ábyrgðar fyrir stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni á árinu. Þá hafi meðvitund fólks um réttindin aukist.

Forseti Rússlands rýfur þögn: Kosningaúrslit verða rannsökuð

RÚSSLAND, AP Rannsókn mun fara fram á því hvort kosningasvindl hafi átt sér stað í þingkosningum í Rússlandi 4. desember síðastliðinn. Dimitrí Medvedev, forseti landsins, tilkynnti um þetta á Facebook-síðu sinni í gær.

Fjöldi fólks brást við fréttunum á Facebook og virtust fæstir hafa trú á slíkri rannsókn. Tugir þúsunda mótmæltu kosningaúrslitunum í Moskvu á laugardag. Mótmælarn voru þau stærstu í Rússlandi eftir að Sovétríkin liðuðust í sundur. Næstu fjöldamótmæli eru skipulögð 24. desember næstkomandi og sögðust margir mótmælendur enn ákveðnari í að mæta á þau eftir yfirlýsingu Medvedevs.

Fjármálaráðherra segir breytingum á stjórnarráðinu ekki lokið og vill færri en öflugri ráðuneyti:

Öll efnahagsmálin sett undir eina stjórn

STJÓRNMÁL Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að í fyllingu tímans geti verið skynsamlegt að sameina Seðlabankann og Fjármálaeftirlitið. Hann efast þó um að rétti tíminn til þess sé upp runninn; nóg annað sé við að fást þótt ekki komi til skipulagsbreytingar.

Ráðherra segir að miðað við stærð íslenska hagkerfisins sé skynsamlegt að hafa boðleiðir stuttar. Sameining stofnananna gæti því verið skynsamleg. „Það er betra að sameina kraftana heldur

en að dreifa þeim. Lykileiningar í hagkerfinu verða að vinna saman og við verðum að beita öllum kröftum í sameiningu að efnahagsvörnum. Við þurfum að vera betur á verði gagnvart áhættumörkum en við vorum á sínum tíma.“

Steingrímur segir mikilvægt að menn þori að endurskoða þessi mál og horfa til framtíðar. Hann segir endurskipulagningu stjórnarráðsins ekki komna á endapunkt. Rétt sé að stefna að færri en öflugri ráðuneytum.

„Við gerðum rétt í því að sam-

eina ábyrgð og forræði á efnahagsmálum á einn stað. Þá hefur verið í kortunum að búa til öflugt atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og styrkja umhverfisráðuneytið, með umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Það mundi ýta undir hugmyndafræði sjálfbærrar nýtingar.

Við eigum að horfa á þetta með sama hugarfari og þegar við komum velferðarráðuneytinu og innanríkisráðuneytinu á fót. Það hefur skilað árangri og hagræðingu að sameina stóra mála-flokka.“



FLEIRI SAMEININGAR Steingrímur J. Sigfússon segist vilja skoða sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins.

Sprenging í sushi-áti meðal ungra fólksins

Íslendingar borða að meðaltali fisk tvisvar í viku samkvæmt nýrri könnun Matis. Helmingur fólks yfir átján ára tekur lýsi á hverjum degi. Ýsa er enn vinsælust en þorskur sækir á. Neysla á sushi meira en fjórfaldaðist á síðustu fimm árum.


MATVÆLI Íslendingar borða fisk sem aðalrétt að meðaltali tvisvar sinnum í viku samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Matis á neysluvenjum og viðhorfi fólks á aldrinum átján til áttatíu ára til sjávarfangs.

Meðal þess sem fram kemur er að aldurshópurinn 18 til 26 ára neytir nú talsvert meira fiskmetis en fyrir aðeins fimm árum. Það skýrist helst með fiskneyslu utan heimilis. „Í þessum aldurshópi hefur orðið aukning í neyslu á ferskum fiski, sushi, saltfiski og á kældum hálf-tilbúnum réttum,“ segir í tilkynningu frá Matis. Í skýrslunni kemur fram að neysla á sushi hefur meira en fjórfaldað frá árinu 2006, langmest meðal yngra fólksins.

„Ýsa er vinsælasta tegundin á borðum landsmanna og er neytt um einu sinni í viku, en næst á eftir er þorskur. Að jafnaði taka Íslendingar lýsi um fjórum sinnum í viku, en alls tekur um helmingur landsmanna lýsi daglega og 62 prósent þrisvar í viku eða oftar,“ segir í tilkynningu Matis þar sem einnig kemur fram að langflestir telji fisk hollan og góðan.

„Flestir, sérstaklega fólk í eldri aldurshópum, telja fremur dýrt að borða fisk. Hins vegar finnst þeim fiskur frekar peninganna virði en þeim sem yngri eru. Svo virðist þó sem yngsti hópurinn sé jafnvel tilbúinn til að borga meira fyrir fisk, þar sem þeirra skoðun er að meira úrval af tilbúnum fiskréttum og fiskréttum á veitingastöðum gæti haft áhrif til aukinnar fiskneyslu,“ segir Matis.

Meðal þess sem var kannað var munur eftir búsetu. „Íbúar á Vestfjörðum borða mun oftar ýsu og skötu en íbúar í öðrum landshlutum,



FISKUR SEM VIÐ BORDUM A þessu grafi sést að ýsan stendur hjarta Íslendinga enn næst. Þorskur og lax hafa þó sótt mikið á síðustu fimm árin.

og íbúar á Suðurlandi borða sjaldnar þorsk en fólk í öðrum landshlutum. Þá borða íbúar á Norðurlandi eystra oftar silung en aðrir. Algengara er að þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu neyti fisks að heiman en aðrir Íslendingar. Höfuðborgarþéttbúnaði Íslendinga hálf-tilbúnaði rétti úr ferskfiskborðum og sushi, en sjaldnast frosinn fisk. Frosinn fiskur er hins vegar tíðastur á borðum á Vesturlandi, meira en tvöfalt á við höfuðborgarsvæðið,“ segir í skýrslunni.

Þá segir að almennt sé fólk vanafastara í kringum fiskmáltíðir á Vesturlandi, Vestfjörðum og Suðurlandi, og meira ef það ólst upp við sjávarsíðuna. „Íbúar á höfuðborgarsvæðinu versla oftar í fiskbúðum en aðrir, en íbúar á Norðurlandi vestra og á Austurlandi kaupa sjaldnast fisk í fiskbúðum og úr ferskfiskborði. Fersk flök eru oftar keypt á Vesturlandi, en á Vestfjörðum beint frá sjómönnum. Þá virðast íbúar á Norðurlandi vestra oftar en aðrir snæða eigin veiði.“

Leitarmenn tepptir í fannfergi: Fluttir í þyrlu til Egilsstaða

BJÖRGUN Fjórir menn sem fóru að ná í eftirlegukindur voru um kvöldmatarleytið í gær fluttir með þyrlu Landhelgisgæslunnar ofan af hálendinu á Austurlandi til byggða á Egilsstöðum. Óttast var um mennina í gær eftir að ekki hafði heyrst frá þeim síðan á laugardagsmorgun.

Áhöfn þyrlunnar fann mennina heila á húfi í Egilsselsskála við Kollumúlavatn. Þá voru þeir hópar leitarmanna rétt ókomnir á staðinn. Sterkur grunur lék á að mennirnir væru einmitt þar. Áður höfðu björgunarsveitir fundið jeppa mannanna við Keldárstíflu sem er í töluvert frá skálanum. Mennirnir voru tepptir vegna snjóa.

Könnun Fréttablaðsins: Fáir vilja flugvöllinn í burtu

KÖNNUN Aðeins fimmtán prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins vilja að Reykjavíkflugvöllur verði færður úr Vatnsmýrinni samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls sögðust 69,5 prósent fólks sem búsett er á höfuðborgarsvæðinu því mjög eða frekar fylgjandi að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni. Um 15,5 prósent sögðust hvorki fylgjandi því né andvíg að flugvöllurinn fari, og 15 prósent sögðust vilja að hann fari.

Stuðningurinn við áframhaldandi veru flugvallarins í Vatnsmýrinni er heldur meiri hjá íbúum landsbyggðarinnar.

Séu niðurstöðurnar skoðaðar án tillits til búsetu sögðust 71,4 prósent vilja að Reykjavíkflugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni, 15,1 prósent sagðist hlutlaust, og 13,5 prósent sögðust vilja að völlurinn fari.

Tæpur þriðjungur landsmanna vill takmarka aðkomu Þjóðkirkjunnar að skólastarfi: Vilja ekki draga úr aðkomu kirkju

KÖNNUN Ríflega helmingur landsmanna er því andvígur að aðkoma Þjóðkirkjunnar að skólastarfi verði takmörkuð frá því sem verið hefur, samkvæmt niðurstöðu skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var í síðustu viku.


Alls sagðist 51,1 prósent mjög eða frekar andvíg því að dregið verði úr aðkomu kirkjunnar. Um 17,9 prósent sögðust hvorki hlynt né andvíg og 31 prósent sagðist hlynt því að draga úr aðkomu kirkjunnar.

Reykjavíkurborg hefur nú stigið skref í átt að því að takmarka aðgengi presta Þjóðkirkjunnar að skólunum, en almennt virðist takmarkaður stuðningur við þær aðgerðir ef marka má niðurstöður könnunarinnar.

Stuðningsmenn VG skera sig nokkuð úr í afstöðu sinni og vilja frekar takmarka aðkomu kirkjunnar en stuðningsmenn annarra flokka.

Karlar eru almennt frekar á þeirri skoðun að takmarka eigi aðgang kirkjunnar að skólunum en konur.

Heldur fleiri borgarþátttakara vilja takmarka aðgang Þjóðkirkjunnar að skólunum en þeir sem búa á landsbyggðinni. Um 33,2 prósent borgarþátttakara vilja draga úr aðgenginu en 50,7 prósent eru því andvíg. Um 25,6 prósent íbúa landsbyggðarinnar vilja minnka aðgengi



kirkjunnar, en 52,1 prósent vill það ekki. Hringt var í 800 manns dagana 7. og 8. desember. Alls tóku 98,5 prósent afstöðu til spurningarinnar.

Advertisement for Bosch Kaffikvörn MKM 6003 and Siemens Kaffivél TC 60201V. Includes images of the coffee machines and promotional text.



DEVOLD

Columbia  
Sportswear Company

Jbs



# GEFÐU HLÝLEGA JOLAGJÖF

DEVOLD FÆST Í ELLINGSEN



DEVOLD EXPEDITION  
BUXUR  
KK og KVK, margir litir  
**9.490 KR.**



DEVOLD ACTIVE BUXUR  
KK og KVK  
**8.990 KR.**

DEVOLD EXPEDITION  
BOLUR  
KK og KVK, margir litir  
**9.490 KR.**



DEVOLD ACTIVE BOLUR  
KK og KVK, einnig  
til án renniláss  
**9.490 KR.**



DEVOLD ACTIVE BABY  
Stærðir 62-98  
BUXUR **3.490 KR.** SAMFELLA **4.490 kr.**



COLUMBIA BASELAYER  
BUXUR  
KK og KVK, margir litir  
**12.990 KR.**



JBS NÆRBUXUR  
Stærðir S-XXL  
**2.995 KR.**

JBS HLÝRABOLUR  
Stærðir S-XXL  
**2.995 KR.**



COLUMBIA BASELAYER  
BOLUR  
KK og KVK, margir litir  
**12.990 KR.**

DEVOLD BREEZE BOLUR  
KK og KVK, margir litir  
**9.990 KR.**



DEVOLD ACTIVE BARNAFÖT  
Stærðir 2-10 ára  
BUXUR **4.990 kr.** BOLUR **4.990 kr.**



DEVOLD HÚFUR OG VETTLINGAR  
í miklu úrvali

SPORTKRAGI/HÚFA INNERLINER VETTLINGAR  
**3.490 kr.** **3.490 kr.**



**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16  
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • [ellingsen.is](http://ellingsen.is)

Munið gjafabréfin!



**Ellingsen**  
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA



GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	118,62	119,18
Sterlingspund	185,53	186,43
Evra	158,5	159,38
Dönsk króna	21,317	21,441
Norsk króna	20,572	20,694
Svænsk króna	17,542	17,644
Japanskt jen	1,5255	1,5345

SDR 184,31 185,41

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
215,4886

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Tveir í fangaklefa á Akureyri: Handteknir vegna leiðinda

**LÖGREGLUMÁL** Tveir gistu í fangaklefa á Akureyri aðfaranótt sunnudags en þeir voru handteknir vegna ölvunar og almennra leiðinda að sögn varðstjóra.

Einn var tekinn grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna fyrir norðan í fyrrinótt en nokkuð mikill erill var hjá lögreglunni á Akureyri.

Þá var einn tekinn grunaður um ölvunarakstur á sunnudagsmorgun í umdæmi lögreglunnar á Selfossi.

Erill hjá lögreglunni:

## Ók á umferðarmannvirki

**LÖGREGLUMÁL** Nokkur erill var hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins aðfaranótt sunnudags og voru um 80 verkefni skráð niður frá miðnætti til átta um morguninn, að sögn varðstjóra.

Tveir ökumenn voru handteknir vegna gruns um að keyra undir áhrifum áfengis í miðborg Reykjavíkur, annar á laugardagskvöldið en hinn snemma í gærmorgun. Sá hafði ekið á umferðarmannvirki í miðbænum og skemmt bílinn sinn mikið en engin slys urðu á fólki. Ökumaðurinn gisti fanga-geymslu og var yfirheyrður þegar hann hafði sofði úr sér áfengisvímuna.

## SKIPULAGSMÁL

### Athugasemdir við brettavöll

Fjöl margar athugasemdir bárust borginni vegna staðsetningar brettavallar norðan Engjavegar og vestan Þrótttheima. Með tilkomu vallarins á að fella úr gildi 186 áður fyrirhuguð bílastæði. Skipulagsstjóri hefur nú vísað málinu til skipulagsráðs.

Opnunardagur á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins í gær:

# Tvö þúsund manns í Bláfjöllum

**TÓMSTUNDIR** „Það er frábært færi. Við getum ekki beðið um betri opnunardag,“ sagði Magnús Árnason, framkvæmdastjóri Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins en Bláfjöll opnuðu skíðasvæðið fyrir almennung í gær.

Tvö þúsund manns sóttu Bláfjöll heim á þessum fyrsta degi. „Maður getur alltaf búist við hnökrum hér og þar á fyrsta deginum svo þetta var þægileg byrjun á skíðavetrinum,“ segir Magnús en færið í brekkunum var mjög gott þó að lítið væri um snjó utan troðinna brauta. Stólalýftur í Kóngsgili voru



**FRÁBÆRT FÆRI** Tvö þúsund manns renndu sér niður brekkurnar í Bláfjöllum á opnunardeginum en frábært skíðafæri var þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

opnar sem og kaðall og diskalýftur í Suðurgili. Einnig var barnalýftan opin.

„Við erum búin að bæta í snjó-girðingar út um allt og það hefur hjálpað okkur mikið að safna snjó í brekkurnar. Ef við værum með snjóvélar værum við hins vegar búnir að framleiða snjó fyrir allan veturinn því að það er búið að vera svo mikið frost og stilla undanfarnar vikur,“ segir Magnús en hann á þó von á góðu skíðafæri út næstu viku og kannski þá næstu líka. „Við höfum opið á meðan veður leyfir og hvetjum bara alla til að skella sér á skíði í jólaundirbúningnum.“ Skíðasvæði Bláfjalla er opið frá klukkan 14 á virkum dögum.

- áþ

Vonskuveður í Eyjum:

## Bílar festust í snjósköflum

**VESTMANNEYJAR** Blindbylur ríkti í Vestmannaeyjum á laugardag og var færð á götum afar erfið. Starfsmenn þegarjans unnu sleitulaust við að ryðja vegi. Þá var Björgunarfélag Vestmannaeyja ræst út í hádeginu á laugardag til að aðstoða fólk er hafði fest bíla sína í sköflum. Mikil snjókomu og skafrenningur var í bænum og um tíma var veður svo slæmt að ekki sást á milli húsa.

Samkvæmt lögreglunni í Eyjum er sjaldgæft að slíkur blindbylur eigi sér stað í bænum.

- sm

Launatölur Hagstofunnar:

## Laun hækkað um 7,7 prósent

**VINNUMARKAÐUR** Laun hafa að meðaltali hækkað um 7,7 prósent frá árinu 2010. Hækkunin var 8,5 prósent á almennum vinnumarkaði en 6,1 prósent hjá opinberum starfsmönnum. Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands.

Laun opinberra starfsmanna hafa hins vegar hækkað lítillega meira á milli ársfjórðunga. Regluleg laun þeirra hækkuðu um 4,1 prósent að meðaltali frá öðrum til þriðja ársfjórðungs 2011, en á almenna vinnumarkaðnum hækkuðu þau að meðaltali um 3,9 prósent. Það þýðir meðaltalshækkun allra reglulegra launa um 4 prósent á milli ársfjórðunga.

- kóp



**HERJÓLFUR** Skipið mun sigla áfram til Vestmannaeyja.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Baldur ekki til Vestmannaeyja:

## Herjólfur siglir áfram til Eyja

**SAMGÖNGUR** Fulltrúar innanríkisráðuneytisins, Vestmannaeyjabæjar, Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar hafa ákveðið að Herjólfur verði áfram notaður á meðan unnið er að framtíðarlausn siglinga milli lands og Eyja. Þessu greindi BB.is frá á fimmtudag.

Áhersla verður nú lögð á smíði nýrrar ferju auk þess sem leita verði leiða til að tryggja að aðstæður við höfnina verði slíkar að hentugri ferja geti haldið uppi samgöngum þangað allt árið. Hugmyndir hafa verið uppi um að ferjan Baldur taki við siglingum af Herjólfni en af því verður ekki.

- sm

# Um 65% vilja ljúka viðræðum við ESB

Meirihluti landsmanna vill heldur ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið en draga umsóknina til baka samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Hlutföllin nú svipuð og í könnun í upphafi ársins.

**KÖNNUN** Tveir af hverjum þremur landsmönnum vilja ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið og setja samning í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Þriðjungur vill draga aðildarumsóknina til baka.

Alls vildu 65,3 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni ljúka viðræðunum en um 34,7 prósent sögðust vilja draga umsóknina til baka.

Heldur fleiri vilja ljúka aðildarferlinu nú en þegar síðast var spurt um aðildarumsóknina í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, í september síðastliðnum. Þá vildu 36,6 prósent draga umsóknina til baka en 63,4 prósent ljúka viðræðunum.

Afstaða landsmanna nú er að heita má sú sama og í könnun sem gerð var í janúar síðastliðnum. Þá vildu 65,4 prósent ljúka viðræðunum en 34,6 prósent hætta þeim.

Meirihluti þeirra sem segjast myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn yrði gengið til kosninga nú vill ljúka viðræðunum, eða 56,4 prósent stuðningsmanna flokksins.


Stuðningsmenn Framsóknarflokksins voru aferandi í andstöðu við aðildarviðræðurnar. Um 63,3 prósent vildu draga umsóknina til baka en 36,7 prósent halda viðræðunum áfram.

Þorri stuðningsmanna Samfylkingarinnar, 94,6 prósent, vill ljúka viðræðunum, einungis 5,4 prósent vilja draga umsóknina til baka. Meðal stuðningsmanna Vinstri grænna sögðust 76,2 prósent vilja ljúka viðræðunum.

Heldur fleiri konur vilja hætta viðræðunum en karlar, auk þess

## Aðildarviðræður við ESB

Hvort myndir þú heldur kjósa: 1) Að draga til baka umsókn um aðild að Evrópusambandinu, eða 2) Að ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið og halda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamninginn?



Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2

sem íbúar landsbyggðarinnar eru líklegri til að vilja draga aðildarumsóknina til baka en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu.

Hringt var í 800 manns dagana 7. og 8. desember. Þátttakendur voru valdir með slembiurtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Hvort myndir þú heldur kjósa: 1) Að draga til baka umsókn um aðild að Evrópusambandinu, eða 2) Að ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið og halda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamninginn? Alls tók 89,1 prósent afstöðu til spurningarinnar.

brjann@frettabladid.is

22.00

Opið til tíu öll kvöld til jóla


byggto**gbú**ð **TIGER** KRINGLUNNI

## VEÐURSPÁ



**RÓLEGHEIT Í DAG** Finasta veður um allt land í dag en á morgun gengur í hvasa norð-austanátt með snjókomu um allt norðan- og austanvert landið en víða bjart sunnan heiða. Dregur úr vindi og úrkomu fyrir norðan á miðvikudag.

Á MORGUN 8-18 m/s. MIÐVIKUDAGUR 5-13 m/s.



## HEIMURINN

Alicante	17°
Basel	7°
Berlín	6°
Billund	5°
Frankfurt	7°
Friedrichshafen	5°
Gautaborg	6°
Kaupmannahöfn	6°
Las Palmas	21°
London	10°
Mallorca	17°
New York	8°
Orlando	25°
Ósló	3°
París	9°
San Francisco	13°
Stokkholmur	4°


Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádeg.



# next

## KRINGLUNNI

### FULL BÚÐ AF FLOTTUM FATNAÐI



Barnakjöll, 3-12 ára  
kr 5.490



Dömukápa,  
kr 13.990



Barnakjöll, 3-12 ára,  
kr 7.990



Dömukápa,  
kr 19.990



Barnakjöll,  
3 mán. - 5 ára,  
kr 5.990



Dömskór, leður,  
kr 17.490



Brjóstahaldari, 2 í pk,  
kr 4.990  
Nærbuxur, 2 í pk,  
kr 2.490



Dömuúr,  
kr 3.490



Dömu inniskór,  
frá kr 1.990



Dömu náttbuxur,  
kr 3.490  
Dömu náttjakki,  
kr 3.990



Dömskór með hæð,  
kr 4.990



Dömukjöll,  
kr 10.490



Dömuúr,  
kr 3.490

Ráðandi - auglýsingastofa ehf

## NÝJAR DÖMU-, HERRA- OG BARNAVÖRUR Í HVERRI VIKU



NEXT - SÍMI: 5513200





Styður þú veru Íslands í NATO?

Já	67,3%
Nei	32,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Eru skór settir út í glugga á þínu heimili fyrir jólin?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Fimm samningskaflar opnaðir á þriðju ríkjaráðstefnu Íslands og ESB í Brussel:

# Opna fimm kafla og loka fjórum í dag

**UTANRÍKISMÁL** Fimm samningskaflar verða opnaðir á þriðju ríkjaráðstefnu í samningaviðræðum Íslands og ESB sem haldin er í Brussel í dag.

Kaflarnir sem opnaðir verða í dag eru um félagarétt, atvinnu- og iðnstefnu, evrópsk samgöngu- og framlagsmál og um réttarvörslu og grundvallarréttindi. Gert er ráð fyrir að fjórum af þessum köflum verði lokað á saman fundi. Aðeins framlagakaflinn verður áfram opin. Honum er jafnan lokað þegar

samningsniðurstaða í öllum öðrum köflum liggur fyrir. Eftir daginn í dag hafa verið opnaðir alls ellefu af þeim 33 köflum sem eru til umfjöllunar og átta verið lokað. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra leiðir íslensku sendinefndina í dag.

Kaflinn um réttarvörslu og grundvallarréttindi er sá fyrsti sem er opnaður og ekki er hluti af EES-samningnum. Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands, segir kaflann verða lokað samdægurs.

Það helgist meðal annars af því að Ísland sé aðili að Mannréttindasáttmála Evrópu og öðrum alþjóðasáttmálum á sviði mannréttinda. Þessi kaflar hafi reynt öðrum umsóknarríkjum, nú síðast Króatíu, þungur fyrir fæti og mikið reynt á.

„Að við skulum ljúka þessum kafla svo fljótt í ferlinu, og á sama degi og hann er opnaður, endurspeglar því hve nærri Ísland stendur Evrópu í mörgu tilliti,“ segir aðalsamningamaður Íslands. - gar



STEFÁN HAUKUR JÓHANNESSON OG ÖSSUR SKAPRHÉÐINSSON Aðalsamningamaður Íslands í viðræðunum við ESB og utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ríkisstjórnin fylgist með

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir tíðindin frá Evrópu ekki munu hafa áhrif á aðildarumsókn Íslendinga. Þau hafi fyrst og fremst áhrif á þau lönd sem eru í evrusamstarfinu. „Ég tel að þarna hafi menn reynt að stilla saman strengi og spila þannig úr að evran væri ekki í hættu. Það eru meiri hagsmunir ríkjanna að halda saman en sundrast og þau sjá ávinning í evrusamstarfinu.“



Það er aðallega skuldavandi örfárra þjóða sem hefur leitt til þessa vandamáls. Þeir eru að reyna að ná utan um það með þessum hætti.“

Jóhanna segir aðildarumsókn Íslendinga vera í eðlilegum farvegi og stjórnvöld reyna að spila eins vel úr málum og hægt er. Ríkisstjórnin muni hins vegar fylgjast vel með framvindu mála í Evrópu.

Ekki í stöðu til að dæma

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að menn þurfi að átta sig betur á því sem verið var



ad samþykka í Evrópu og hvaða þýðingu það muni hafa. „Þetta er rammi og margar eyður í honum sem eftir á að fylla í.“

Við þurfum að fylgjast með því hvernig það verður gert og hver þróunin verður.“ Steingrímur segir að íslensk stjórnvöld þurfi að sjálfsögðu að fylgjast grannt með þróuninni. „Ef við metum það þannig að það séu ástæður til að skoða aftur aðildarumsókn okkar þá gerum við það. Við erum ekki í þeirri stöðu að dæma um það á þessu stigi.“

Ekki náðist í Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokksins.

# Stjórnarflokkar í Bretlandi ósammála um ESB-málin

Breska ríkisstjórnin er klofin í afstöðunni til breytinga á Evrópusambandinu. Leiðtogi frjálslyndra demókrata gagnrýndi forsætisráðherrann harðlega og sagði Breta eiga á hættu að verða utanveltu í ESB.

**EVROPUMÁL** Ósætti er innan bresku ríkisstjórnarinnar vegna ákvörðunar Davids Cameron forsætisráðherra um að hafna breytingum á Lissabon-sáttmálanum og taka ekki þátt í nýju fjárlagabandalagi innan Evrópusambandsins.

Nick Clegg, aðstoðarforsætisráðherra Bretlands og leiðtogi frjálslyndra demókrata, gagnrýndi Cameron í gær fyrir þetta. Clegg sagði ákvörðun Camerons slæma fyrir Bretland, en breytingunum er ætlað að bjarga evrusamstarfinu. Þá sagðist hann hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum með niðurstöður leiðtogafundar Evrópusambandsins í síðustu viku, þar sem Bretar voru einir á móti nýju stöðugleikabandalagi innan sambandsins.

„Nú er hættu á því að Bretland einangrist og verði sett á jaðarinn í Evrópusambandinu,“ sagði Clegg. Hann sagðist þó ætla að gera allt sem í sínu valdi stæði til að tryggja að þessi ágreiningur stjórnarflokkanna í Bretlandi verði ekki langvinnur. Cameron mun ræða ákvörðunina í breska þinginu í dag, en William Hague, utanríkisráðherra og flokksbróðir forsætisráðherrans, gagnrýndi ummæli Cleggs í gær, og sagði hann hafa vitað af afstöðu forsætisráðherrans og verið henni samþykkur fyrir leiðtogafundinn. „Við erum ekki á jaðrinum, ég get fullvissað ykkur um það. Okkar samþykki þarf í mörgum málum sem eru á döfnni í ESB.“

Eð Miliband, leiðtogi Verkamannaflokksins, sagði Cameron eiga að nýta tíma sinn í þinginu í dag til að útskýra hvers vegna hann hefði tekið ákvörðun sem kæmi



CAMERON Forsætisráðherrann breski mun ræða umdeilda ákvörðun sína á þinginu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PA

sér mjög illa fyrir Bretland og fyrir vinnuþróunina í Bretlandi. „Hann gerði það vegna þess að sá hluti íhaldsflokksins sem hefur efasemdir um Evrópusambandið hefur tekið stjórnina og það er ekki þjóðinni í hag,“ sagði hann í breska ríkisútvarpinu í gær.

Öll önnur aðildarríki ESB hafa ákveðið að stofna stöðugleikabandalag í fjármálum. Svíar, Ungverjar og Tékkar gáfu samþykki sitt með fyrirvara um að það verði borið undir þjóðþing ríkjanna. Bandalagið felur í sér að í stjórnarskrár verði sett ákvæði um að fjárlagahalli verði ekki meira en hálf prósent af landsframleiðslu. Þá verður mun strangara eftirlit með fjármálum ríkjanna auk þess sem refsíákvæði munu sjálfkrafa fara í gildi ef fjárlagahalli fer yfir þrjú prósent. thorunn@frettabladid.is

Krísan magnast enn meira

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, segir fundinn um og fyrir helgina



þýða tvennt. „Ég held að þetta sé upphafið að mjög umfangsmiklu breytingaferli og krísan eigi eftir að magnast. Þetta mun hafa mikil efnahagsleg og samfélagsleg

áhrif. Í öðru lagi er þessi fundur áhyggjuefni vegna þess að þarna eru gerðar veigamiklar breytingar á sáttmálum og eðli Evrópusambandsins og þegar stórbjóð eins og Bretland biður um að fá ákveðnar undanþágur þá eru þær ekki einu sinni til umræðu.“

Fjarlægjumst evruna

„Mér skilst á þeim fréttalutningi sem ég hef séð að það hafi ekki verið gengið nógu langt. Það eru



ennþá miklar blikur á lofti varðandi stöðugleika í Evrópu,“ segir Birgitta Jónsdóttir þingmaður Hreyfingarinnar. Hún segist telja að Ísland fjarlægist evruna óðum.

„Þess vegna vona ég að það sé verið að skoða aðrar leiðir, upptöku á öðrum gjaldmiðli.“ Það sé hluti stefnu Hreyfingarinnar að fá annan gjaldmiðil, því ljóst sé orðið að ekki sé hægt að losna við verðtryggingu nema skipta um gjaldmiðil.

# Nýjustu heyrnartækin og ókeypis heyrnarmæling

Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og kynntu þér nýjustu heyrnartækin sem við höfum að bjóða. Þú trúir örugglega ekki þínum eigin augum - hvað þá eyrum!

HEYRNARSTÖÐIN



Læknastöðin • Kringlunni  
Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is





Peugeot 5008

# Sjö manna

sjálfskiptur, dísil.



Aukabúnaður á mynd: Glerþak, þakbogur og álfelgur.



**Peugeot 5008**, micro-Hybrid, sjálfskiptur, dísil.

Innanbæjar akstur **5,4L/100km - 1.110km** á einum eldsneytistanki

Utanbæjar akstur **4,8L/100km - 1.302km** á einum eldsneytistanki

Blandaður akstur **4,9L/100km - 1.224km** á einum eldsneytistanki

CO<sub>2</sub> útblástur **127g/km**.

Peugeot 5008 sjálfskiptur, dísil kr.

# 4.495.000

beinskiptur, dísil kr. **4.290.000**

Sjáðu heiminn í nýju ljósi á nýjum sjö manna Peugeot 5008. Verðlaunaðri, fimm stjörnu fjölskyldubifreið þar sem allir í fjölskyldunni eiga sitt upphaldssæti. Hver og einn með nægjanlegt rými til að njóta akstursins, hvort sem er í lengri eða styttri ferðum. Með nýrri micro-Hybrid tækni tryggir Peugeot síðan lægri eldsneytiseyðslu sem dregur enn frekar úr lágum rekstrarkostnaði 5008.

**Peugeot 5008**, þar sem allir eru í sjöunda himni, í öllum sjö sætunum.

PEUGEOT **5008**




**PEUGEOT**  
MOTION & EMOTION



Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535





Gullsmíðjan  
Gullsmíðar

LÆKJARGATA 34C  
HAFNARFIRÐI  
565 4453



GULLSMÍÐJAN

## FRÉTTAVIDTAL: Eignarhald á Landsvirkjun

# Skapa þarf fjarlægð frá stjórnámálumönnum

Ásgeir Jónsson hagfræðingur vill gefa einkaaðilum tækifæri á að kaupa sér hlut í Landsvirkjun. Tryggja verði samt að ríkið eigi meirihluta og haldi þannig utan um auðlindir þjóðarinnar. Þetta mundi létta ábyrgð af ríkinu og bæta lánshæfismat þess. Skapa verði fjarlægð við stjórnámálamenn þegar kemur að orkusölu.

Ásgeir Jónsson er annar höfunda skýrslu um arðsemi orkusölu til stóriðju, sem kynnt var ríkisstjórn í síðustu viku. Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá kemur þar fram að arðsemi af orkusölu til stóriðju er minni en til annarra atvinnugreina og lægri en til sambærilegrar starfsemi í öðrum löndum. Skýrsluhöfundar, Ásgeir og Sigurður Jóhannesson, leggja til að að unnið verði að því að breyta Landsvirkjun og öðrum fyrirtækjum í opinberri eigu í almenningshlutafélag og leggja áherslu á verkefnafjármögnun þegar kemur að nýjum framkvæmdum.

### Norska leiðin

Ásgeir segir skýrsluna umræðu-grundvöll. Nauðsynlegt sé að ræða af yfirvegum um hvað henti best varðandi jafn mikilvægt fyrirtæki og Landsvirkjun. Ekki þýði að fara í skotgrafirnar og hrópa hátt um að nú eigi bara að einkavæða. Hann vill horfa til reynslu Norðmanna.

„Ég vil skoða hvernig eignarhaldi Statoil er háttað. Þar er hugsunin sú að ríkið haldi utan um auðlindirnar með því að eiga meirihlutann í fyrirtækinu, en á sama tíma er reynt hafa eins mikið aðhald í starfsemi félagsins og hægt er, en á sama tíma geti fyrirtækið fjármagnað sig á markaði sjálfstætt og sé ekki með ríkisábyrgð og hafi ýmislegt aðhald að markaðnum. Það næst að einhverju leyti með hlutafélagavæðingu.“

### Fjarlægð frá stjórnámálum

Statoil er að 2/3 hluta í eigu ríkisins en 1/3 í eigu einkaaðila. „Með þessu sleppum við að einhverju leyti við þau vandamál sem við höfum glímt við á Íslandi; stjórnámálamenn sem búa til störf með því að selja raforku á kostnaðarverði.“



ÁSGEIR JÓNSSON Norska leiðin á eignarhaldi, að einkaaðilar fái að eiga hluta af Landsvirkjun en hún sé í meirihluta ríkisins, mundi auðvelda fyrirtækinu að fjármagna sig og létta ábyrgð af ríkissjóði. Það gæti hækkað lánshæfismat, bæði fyrir ríkisins og ríkisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þú sérð það bara á þessum umræðum sem hafa verið um Helgúvík. Þær raddir hafa verið uppi á Alþingi um að það ætti bara að láta Landsvirkjun selja Helgúvík orku eða einhverjum öðrum. Í hvernig samningsstöðu heldurðu að fyrirtækið sé? Það þarf að skapa ákveðna fjarlægð við stjórnámálamennina hvað þetta varðar.“

### Bætt lánshæfismat

Landsvirkjun er gríðarlega stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða. Það nýtur ríkisábyrgðar og því hefur skuldastaða þess áhrif á lánshæfismat ríkissjóðs. Ásgeir vill skoða leiðir til að skattgreiðendur taki ekki ábyrgð á skuldunum en njóti engu að síður hagnaðarins. Þar komi norska leiðin sterk inn.

„Það mundi hjálpa Landsvirkjun töluvert að fá meira eigið fé, við erum með of lítið eigið fé miðað við sambærileg fyrirtæki erlendis og lágt eigið fé miðað við það sem lánshæfisfyrirtækin vilja. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt miðað við það að búið er að fara í mjög mikla uppbyggingu sem var bara gert með lánsfé.“

Ef Landsvirkjun fengi meira

eigið fé og ríkisábyrgð hætti gæti fyrirtækið fengið sjálfstætt lánshæfismat sem væri jafnvel hærra en hjá ríkinu. Þá ertu kominn með betri fjármögnun og það er líka gott fyrir ríkið að vera ekki í ábyrgð fyrir Landsvirkjun.“

Ásgeir segir einn lærdóm bankahrunsins vera að skuldastaða ríkisins sé eitt og ábyrgð ríkisins annað.

„Í framtíðinni er hollt að líta ekki bara til þess sem við skuldum heldur hverjar ábyrgðirnar eru. Sjá til dæmis ábyrgð ríkisins af apparötum eins og Landsvirkjun og Íbúðalánasjóði og svo náttúrulega „implicit“ ábyrgð á bankakerfinu, en allir héldu að þar væri ríkisábyrgð.“

Það hjálpar ríkinu líka til að hækka aftur lánshæfið að við séum ekki með ábyrgð á Landsvirkjun, af því að efnahagsreikningur fyrirtækisins er svo stór. Það bætir vaxtastig á lánnum.“

Kolbeinn Óttarson Proppé  
kolbeinn@frettabladid.is



jól.is  
á Vísi

sögur  
uppskriftir  
leikir  
gjafir  
o.fl. o.fl.

VÍSIR

## Frábær tilboð

Lay-Z-Spa heitir pottar.  
Aðeins örfá stykki til  
á gamla verðinu.

69.900 kr.



15X10 6X139,5  
sex gata stálfelgur,  
passa undir flesta jeppa,  
á aðeins

9.990 kr.

Nazran motocross-  
og útivistarfatnaður  
á frábæru verði.



Borgartún 36  
105 Reykjavík  
588 9747  
www.vdo.is



## Ráðherrar vilja ekki hlutafélag

Ekki stendur til að hlutafélagavæða Landsvirkjun, ef marka má orð Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra og Katrínar Júlíusdóttir. „Ég hef ekki hallast að því að við ættum að gera það, vegna þess að við ætlum okkur að styrkja og styðja við Landsvirkjun þannig að hún geti skilað alvöru arðsemi til þjóðarinnar. Fyrirtækið er þess eðlis að við eigum mikla hagsmuni undir því að við eigum það áfram og teflum því ekki í tvísýnu,“ sagði Katrín við Fréttablaðið á miðvikudag. „Varðandi eignarhaldið sjálft stendur ekki til að hrófla við því, það liggur fyrir. Árið 2010 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þess efnis,“ bætti Steingrímur við.

Ásgeir vill hins vegar að menn ræði málin fordómalaust. Hann segist ekki hafa lausn á öllu en menn verði að vera tilbúnir til að ræða málin. Hættulegt sé þegar þingmenn og hagsmunaaðilar komi að og vilji skella jarðytunum af stað. „Af hverju má ekki ræða það hvernig sé best að gera hlutina í stað þess að vera alltaf fastur í einhverri hugmyndafræði? Ég mundi ekki mæla með því að selja Landsvirkjun og einkavæða hana. Ég held að það sé ekki málið. Það er hins vegar mjög nauðsynlegt að setja rekstrarformið í þann farveg að taka fyrir þessa pólitísku hættu sem fylgir þessu.“



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR



„Crackled“-brennsluker

1890 kr.



Jólabrennsluólíur 740 kr.  
hvert glas

# Jólagjöfina færðu í Body Shop



1190 kr.

Lítill sturtusápa,  
húðnæring og  
baðlilja saman



3290 kr.

Gjafakassi með „Of a man“-herravörum



5490 kr.

Gjafakassi með „White musk for men“-herravörum



4590 kr.

„Deluxe“-gjafakassi með  
E-vítamín-andlitsvörum



4990 kr.

Askja með farðaburstum og  
-penslum og tösku undir þá



3990 kr.

Gjafakassi með „Strawberry“-dekurvörum



3990 kr.

Gjafakassi með „Coconut“-dekurvörum



3790 kr.

3790 kr.

Gjafakassi með sturtusápu og ilmvatni:  
„Dreams unlimited“ eða „Love etc...“



5490 kr.

Gjafakassi með „Olive“-dekurvörum



5490 kr.

Gjafakassi með „Coconut“-dekurvörum



4290 kr.

Kassi með „Vanilla spice“-dekurvörum



3490 kr.

Askja með fjórum tegundum af  
„Body butter“- húðnæringu



2990 kr.

Fimm tegundir af  
varasalva saman í  
sleikipinnaumbúðum

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GLERÁRTORGI

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299



Forsætisráðherra segir góða efnahagsstjórn skila sér í auknum hagvexti:

## Hagvöxtur eykst sem og fjárfestingar

**EFNAHAGSMÁL** Hagvöxtur var 3,7 prósent á fyrstu níu mánuðum ársins. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir þetta mjög ánægjulegar tölur sem sýni að hagvöxtur fárra þjóða aukist jafn hratt og Íslendinga. Hún segir auknar útflutningstekjur og í atvinnuvegafjárfestingu þýða meiri atvinnu og þá hafi ferðaþjónustan komið sérstaklega vel út. Einkaneysla sé einnig að aukast.

„Þetta er í raun eins og við bjuggumst við og í samræmi við



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Forsætisráðherra segir nýjar hagvaxtatölur mjög ánægjulegar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

okkar spár. Þetta er þvert á bölmóð stjórnarandstöðunnar og sýnir að efnahagsstjórnin hefur

heppnast vel,“ segir Jóhanna. Hún segir bætt ástand endurspeglast í hærri launum og lífeyri og hærri atvinnuleysisbótum. Þá hafi kaupmáttur vaxið um 3,5 prósent frá desember 2010 til október 2011. Árangur sem ríkisstjórnin hafi stefnt að sé að skila sér.

„Við þurfum bara að halda áfram og skila enn meiri hagvexti. Það er útlit fyrir að spár okkar varðandi kjarasamningana muni ganga fram og við vonumst eftir enn meiri hagvaxtaraukningu, minna atvinnuleysi og

meiri atvinnuvegafjárfestingu.

Það hafa allir lagt sig fram um að ná árangri í efnahagsstjórninni og góður árangur hefur náðst í ríkisfjármálum.“

Forsætisráðherra segir mælikvarða sem settir voru við fjárlagagerð munu nást. Ríkissjóður sé rekinn með 1,2 prósent halla en frumjöfnuður sé jákvæður um 2 prósent. Það þýði 35 milljarða, sem sé ótrúlega góður árangur.

„Þetta endurspeglast í herra lánshæfismati og er mjög jákvætt fyrir Ísland.“

- lóp



**STYTTA FLUTT Á FJALL** Þessi stytta af Lísu í Undralandi eftir súrrealistann Salvador Dalí var flutt með þyrlu upp í skíðaskála í svissnesku Ölpunum.

NORDICPHOTOS/AFP

# Jólahollusta

Bjóðum upp á Naturfrísk engiferöl um hátíðarnar.

**Vegdrasill**

Naturfrísk engiferöl er hollur og bragðgóður jólagosdrykkur, laus við öll óæskileg aukefni, s.s. viðbættan sykurlitar- og rotvarnarefni.

Þú færð Naturfrísk engiferöl í helstu matvöruverslunum landsins.



**LOFTSLAGIÐ RÆTT** Christiana Figueras, framkvæmdastjóri sautjándra aðildarríkjaþings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál sem haldin var í Durban í Suður-Afríku ræðir við þátttakendur.

MYND/NORDIC PHOTOS/AFP

## Öll ríki verði skuldbundin losunarkvóta

Ísland, ESB-ríki, Nýja-Sjáland og Ástralía eru meðal ríkja sem taka á sig nýjar skuldbindingar um losun gróðurhúsalofttegunda. Tillaga Íslands um að reikna til tekna endurheimt votlendis hlaut brautargengi.

**LOFTSLAGSMÁL** Samkvæmt samkomulagi sem gert var í fyrrinótt á loftslagsráðstefnu í Durban í Suður-Afríku taka þrjú ríki á sig lagalega bindandi skuldbindingar um minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda á grundvelli Kýótóbókunarinnar.

Í tilkynningu frá íslenska umhverfisráðuneytinu segir að nýtt samningaferli um lagalega bindingu allra ríkja eigi að hefjast á næsta ári og leiða til samkomulags árið 2015.

Samkvæmt Kýótó-samkomulaginu taka nær 40 þrjú ríki á sig skuldbindingar um takmörkun á losun gróðurhúsalofttegunda árin 2008 til 2012. Umhverfisráðuneytið segir viðræður um nýjar skuldbindingar hafa staðið í um fimm ár en hafa verið lengi í sjálfheldu vegna skilyrða frá ríkjunum sem bera skuldbindingarnar. „Annars vegar vilja þau að Bandaríkin, sem staðfestu bókunina ekki, hafi sambærilegar skuldbindingar og Kýótó-ríkin, en hins vegar að stór og ört vaxandi þróunarríki á borð við Kína, Indland og Brasilíu taki á sig aukna ábyrgð,“ segir ráðuneytið.

Japan, Rússland og Kanada

segjast ekki tilbúin að taka á sig frekari skuldbindingar undir Kýótó. Þá segir umhverfisráðuneytið þróunarríki hafa lagt ofurþunga á að Kýótó haldi áfram eftir 2012 þrátt fyrir að þau eins og Bandaríkin ætli að standa fyrir utan.

Ríkin sem eru tilbúin að taka á sig nýjar skuldbindingar innan Kýótó eru ríki ESB, Ísland, Norvegur, Sviss, Ástralía, Nýja-Sjáland og nokkur fleiri að. „Þessi ríki eru ábyrg fyrir um 16 prósentum heimslosunar,“ segir ráðuneytið.

Á lokasperttinum í Durban náði ESB því fram að vinna hefjist við gerð nýs lagalega bindandi samkomulags sem náði til allra ríkja ekki síðar en 2020. Eftir 2012 verður Ísland ekki með sérstaka tölulega skuldbindingu innan Kýótó heldur verður undir sameiginlegu „hvolfi“ flestra Evrópuríkja. Samþykkt sú tillaga Íslendinga að endurheimt votlendis komi til tekna varðandi losunarkvóta. „Votlendistillaga Íslands hefur almennt fengið jákvæðar undirtektir,“ segir umhverfisráðuneytið.

gar@frettabladid.is

## Gjafakort sem hægt er að nota hvar sem er

Finnur þú ekki réttu gjöfina?

Gjafakort Arion banka hentar við öll tækifæri.

Hægt er að nota gjafakortið við kaup á vöru og þjónustu hvar sem er. Þú velur fjárhæðina, þiggjandinn velur gjöfina. Einfaldara getur það ekki verið.

Gjafakortið fæst í öllum útibúum Arion banka og er án endurgjalds í desember.





Ríkisstjórn sendir ekki kort:

## Setja sjö milljónir í góðgerðir

**SAMFÉLAGSMÁL** Ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa ákveðið að senda ekki jólakort innanlands fyrir jólin en gefa þess í stað peninga til góðgerðasamtaka.

Sjö milljónir króna munu skiptast milli tíu góðgerðasamtaka, sem aðstoða þá sem minna mega sín. Samtökin eru mæðrastyrksnefndir í Reykjavík, á Akureyri, í Hafnarfirði, Kópavogi og á Vesturlandi, Hjálparstarf kirkjunnar, Samhjálp, Hjálpræðisherinn, Rauði krossinn og Fjölskylduhjálp Íslands. - þeb



**STYRKPEGAR** Alls fengu fjórir einstaklingar styrk úr Þórsteinssjóði til náms eða rannsókna.

Þórsteinssjóður úthlutar:

## Styrkir upp á tvær milljónir

**MENNTUN** Þórsteinssjóður hefur úthlutað þremur námsstyrkjum til blindra og sjónskertra stúdenta við Háskóla Íslands og einum vegna rannsókna.

Upphæðin nemur samtals tveimur milljónum króna.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja blinda og sjónskerta við rannsóknir.

Námsstyrkina hljóta Bergvin Oddsson, Rósa María Hjörvar og Sigríður Björnsdóttir. Rannsóknarstyrk hlýtur Hanna Björg Sigurjónsdóttir til rannsóknarinnar Jafnrétti til náms – Réttur og raunveruleiki fatlaðra nemenda við Háskóla Íslands. - sv

Umferðartölfræði Vegagerðar:

## Samdráttur var minni en spár gerðu ráð fyrir

**SAMGÖNGUR** Umferð á höfuðborgarsvæðinu í síðasta mánuði dróst saman um 0,9% miðað við nóvember í fyrra, en svipaður samdráttur var í umferð um Hringveginn. Að því er fram kemur á vef Vegagerðarinnar var búist við meiri samdrætti á höfuðborgarsvæðinu.

Samdráttur um allt land frá áramótum er 5%, en Vegagerðin spár því að umferðin í ár dragist saman um 4,9 prósent.

Umferðin í ár stefnir því í það að vera nokkuð minni en hún var árið 2006 en heldur meiri en hún var 2005. - þj

Harður áreksur á Kjalarnesi:

## Einn fluttur á slysadeild

**SLYS** Tveir bílar skulu saman við brúna yfir Blikadalsá á Kjalarnesi um níu leytið á laugardagskvöldið. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var einn fluttur á slysadeild og tveir aðrir voru með minni háttar meiðsli en þó ekki eins alvarleg.

Töluverð seinkun var á umferð um veginn og var bílum hleypt í áföngum framhjá slystað. Afar slæmt veður var á Kjalarnesi á laugardagskvöldið og hafnaði rúta á leið til Akranes utan vegar.

Alþjóðleg vottun fyrir íslenska sjávarútvegsfyrirtækið Akraborg:

# Fyrst í sínum flokki til að fá vottun

**SJÁVARÚTVEGUR** Fiskvinnslufyrirtækið Akraborg ehf. á Akranesi fékk á dögum alþjóðlega gæðavottun frá International Food Standard (IFS).

Akraborg sérhæfir sig í framleiðslu á niðursöðinni þorsklifur og tengdum afurðum og er, að því er fram kemur í tilkynningu frá fyrirtækinu, fyrsti framleiðandi sinnar tegundar á heimsvísu til að fá IFS-vottun.

Vottunin er sögð mikilvæg fyrir Akraborg þar sem flestar stærstu verslanakeðjurnar í

Evrópu geri kröfu um slíkt frá birgjum sínum.

Fyrirtækið hlaut fyrr á árinu umhverfsvottun frá Marine Stewardship Council.

Í tilkynningunni segir Rolf Hákon Arnarson, framkvæmdastjóri Akraborgar, að þetta sé ánægjulegur áfangi.

„IFS vottun styður enn frekar við sölumál fyrirtækisins og opnar nýjar dyr. Þá veitir staðallinn okkur sjálfum aðhald í gæðamálum og tryggir að við stefnum áfram á mestu gæði.“

Uppbygging gæðakerfisins og undirbúningurinn fyrir IFS vottunina var unnin í samstarfi við Matvæla- og gæðakerfi ehf. - þj



**VOTTUÐ** Akraborg fékk á dögum alþjóðlega gæðavottun. Á myndinni sést Rolf Hákon Arnarson framkvæmdastjóri taka á móti vottuninni úr höndum Gústafs Helga Hjálmarssonar framkvæmdastjóra Matvæla- og gæðakerfa.

Töklu Flugfélag

Jólatilboð!

1.100 kr.

1-10 KG Á

TIL ALLRA ÁFANGASTAÐA

SENDU JÓLAPAKKANA  
HRATT OG ÖRUGGLEGA

Jólatilboð fraktflugs Flugfélags Íslands gerir þér kleift að senda pakka frá 1–10 kg, hvert sem innihaldið er og til allra áfangastaða, fyrir aðeins 1100 kr. Tilboðið gildir frá 10. til 20. desember.

➔ [flugfelag.is](http://flugfelag.is)

Akureyri	460 7060
Egilsstaðir	471 1210
Grimsey	467 3148
Ísafjörður	456 3000
Reykjavík	570 3400
Vestmannaeyjar	481 3300
Vopnafjörður	473 1121
Þórshöfn	468 1420

FLUGFÉLAG ÍSLANDS



Náttúruminjasafn Íslands í Urriðaholti í Garðabæ

# Á náttúran að hýsa safnið?

Það er ríkjandi sjónarmið að Náttúruminjasafn Íslands eigi að vera í Reykjavík. Miðbærinn, Laugardalurinn og Vatnsmýrin eru títt nefnd. Svo eru þeir sem hafa allt aðra sýn og spyrja: Af hverju á náttúran ekki að hýsa náttúrusafn?

Helgi Torfason, safnstjóri Náttúruminjasafns Íslands, sagði í viðtali í Fréttablaðinu 24. nóvember frá baráttu sinni fyrir því að safnið kæmist upp úr kjallara gömlu Loftskeytastöðvarinnar við Brynjólfsstötu. Í hnotskurn snýst málið um þá staðreynd að þrátt fyrir að Náttúruminjasafnið sé skilgreint í lögum sem eitt þriggja höfuðsafna landsins þá er það ósýnilegt, ólíkt Listasafni Íslands og Þjóðminjasafninu sem hafa fengið aðstoðu við hæfi. Þrátt fyrir digurbarkalegar yfirlýsingar ráðamanna um mikilvægi náttúrunnar og safnsins í gegnum áratugina hefur það verið á hrakhólum í 120 ár.

Siv Friðleifsdóttir, þingkona Framsóknarflokksins, einn ötulasti baráttumaður þess að húsnæðisvandi safnsins verði leystur, sagði á Alþingi á dögunum að málið væri ráðamönnum og þjóðinni til skammar. Enginn virðist vera á annarri skoðun.

Í viðtalinu lýsti Helgi þeirri skoðun sinni að safnið væri best staðsett miðsvæðis í Reykjavík. Þeirri skoðun deila fjölmargir og þeirra á meðal Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarráðherra, sem útlökar þó ekki aðra kosti verði sýnt fram á að þeir séu raunhæfir. Hins vegar, og það er gömul saga og ný, að ekki hefur verið vilji til að byggja safnahús. Hugmyndir um uppbyggingu er eitt fórnarlamba hrunsins og vill Katrín meina að bíða þurfi fram til ársins 2015 áður en framhaldið verður ákveðið. Ekki eru allir svona þolinmóðir.

## Ekkert til fyrirstöðu

„Að okkar mati yrði það táknrænt fyrir samfélagið, yfirvöld eða ríkisstjórn landsins að taka um það ákvörðun að ráðist yrði í byggingu á nýju náttúruminjasafni. Það er mjög eftirsóknarvert að náttúran verði í öndvegi í þeirri uppbyggingu samfélagsins sem er fram undan og mönnum er svo samt að vitna til. Safnið er táknrænt fyrir þá hugsun. Besta staðsetningin fyrir safnið er því ekki í Vatnsmýrinni eða kaffihúsapýrpingunni í miðbæ Reykjavíkur. Þeir sem nú halda um valdataumana, og hafa gefið sig út fyrir að aðhyllast þessi sjónarmið, eiga að grípa tækifærið til að sýna í verki að þeim sé alvara,“ segir Sigurður Gísli Pálmason, einn forsvarsmanna Urriðaholts ehf. sem er félag í eigu styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa og Sigurðar Gísla og Jóns Pálmasona.

## Til vansa

Þetta eru meginrök Urriðaholtsmanna sem deila þeirri skoðun að það sé til vansa að Náttúruminjasafn Íslands skuli ekki hafa sýningaradstöðu. Þeir vilja hins vegar koma málinu á hreyfingu strax og telja að þrátt fyrir þrengingar í ríkisbúskapnum séu allar aðstæður fyrir hendi til að koma upp aðstöðu fyrir náttúruminjasafn sem sómi er



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að og hafa áhuga á því að leggja Náttúruminjasafninu lið.

„Við leggjum til lóð undir safnið í heimanmund, án skilyrða um að eitthvað annað og meira fylgi í kjölfarið. Því til viðbótar hefur félagið og eigendur þess mikinn áhuga og metnað til að taka þátt í uppbyggingu og þróun slíks safns. Félagið hugsar til framtíðar og hefur áhuga á samfélagsmálum, sem er stór hluti af sögu Oddfellowa. Þetta fellur allt saman í Urriðaholti; umhverfið á byggingarreitnum, hugsjónir okkar, það hvar við erum stödd sem þjóð og hvernig við hljótum að vilja umgangast náttúruna,“ segir Sigurður Gísli. „Af hverju á safn náttúruminja endilega að vera umkringgt steypu og malbiki? Er ekki meira viðeigandi að safnið sé staðsett í nálægð við það sem því er ætlað að koma á framfæri? Á fámum stöðum á höfuðborgarsvæðinu finnst betra tækifæri til þess.“

Sigurður Gísli kaupir ekki tal um blankheit. Enginn sé að tala um milljarða framkvæmdir í fyrstu atrennu og auðvelt sé að áfangaskipta uppbyggingu safnsins. Hins vegar gætu stórkarlalegar hugmyndir verið málinu farartálmi, að hans mati. Hægt væri að koma upp sýningaradstöðu í Urriðaholti við hliðina á Náttúrufræðistofnun sem sómi væri að fyrir 300 milljónir, að hans sögn. Og bætir við að til viðbótar því megi síðan laða að til samstarfs aðila á sviði umhverfis- og náttúruverndar, fyrirtæki í ferðaþjónustu, listamenn og og jafnvel áhugafólk um næturhimin til að taka þátt í frekari þróun þessarar hugmynda.

Urriðaholtsmenn taka enga afstöðu til þess með hvaða hætti samstarfi Náttúru-

fræðistofnunar og Náttúruminjasafnsins verður best háttáð, en um það er fjallað í lögum. Skipulagslega og framkvæmdalega telja þeir að hægt sé að draga mjög skýr mörk þar á milli en samt sem áður njóta þess hagræðis sem hlýst af staðsetningu beggja stofnananna í Urriðaholti. Að þeirra mati ætti bygging safnsins að vera sjálfstæð í hönnun og útliti en síðan yrði það yfirvalda að ákveða hversu náð samstarf yrði þar á milli, sem hagnýt atriði í hönnun tækju mið af.

## Ekki bara Reykjavík

Helstu rökinn fyrir því að staðsetja náttúruminjasafn miðsvæðis í Reykjavík hniga að því að þar sé líklegast að safnið nýtist öllum jafnt; skólafólki, almenningi og ferðamönnum.

Safnið þarf að vera sjálfbært og tekjumöguleikarnir eru taldir meiri ef ferðamaðurinn getur „dottið inn“ á rölti um bæinn. Það er jú staðreynd að túristi sækir höfuðborg heim, hvar sem hann er og leitar uppi hjarta hennar.

Urriðaholtsmenn telja þessa hugsun þrönga. „Höfuðborgin er ekki bara Reykjavík. Það er allt höfuðborgarsvæðið. Hér búa tveir þriðju þjóðarinnar. Frá skipulagssjónarmiði verðum við að horfa á þetta svæði sem eina heild. Og hérna gefst eitt tækifæri til að gefa suðurhluta svæðisins vægi. Samgöngur eru ekki vandamál, eins og látið hefur verið í veðri vaka. Tengingar Urriðaholtsins við Reykjanabraut eru fyrsta flokks, en það er afkastamesta samgönguæðin á svæðinu. Á álagstímum er hægt að ferðast höfuðborgarsvæðið endanna á milli

**SÉÐ FRÁ ÓBYGGÐU SAFNAHÚSI** Urriðaholtið er einstakt svæði, að mati Urriðaholtsmanna. Jarðfræðilega er svæðið einstakt og í raun um sýnidæmi íslenskrar náttúru að ræða í nágrenninu. Nýtt hús Náttúrufræðistofnunar er fyrir á byggingarreitnum og þar eru fullkomnar geymslur fyrir náttúrugrípi, bæði vísindasafna og sýningargrípa.

eftir Reykjanabrautinni á skemmri tíma en tekur að fara Miklubraut niður í miðbæ,“ segir Sigurður Gísli.

## Ristir dýpra

Náttúruminjasafni Íslands er ætlað að varpa ljósi á náttúru landsins, náttúrusögu, nýtingu auðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og samspil hennar í alþjóðlegu samhengi.

Urriðaholtsmenn sjá fyrir sér að með staðsetningunni í Urriðaholti skapist tækifæri til að tengja saman það sem fram fer innandyra við þá fjölbreyttu náttúru sem þar er í nágrenninu og magna þannig upp fræðslu, upplifun og túlkun á íslenskri náttúru. Hugmyndin er jafnframt að þar risi eins konar náttúrusetur með aðlaðandi og áhugaverðu rými fyrir listamenn til að túlka náttúruna. Einnig svokölluð planetarium sem sýni íslensk sérkenni á því sviði – sem hægt væri að starfrækja samhliða eins og fjölmörg dæmi eru um erlendis. „Í allri umræðunni um hverjir muni sækja safnið þá viljum við búa til stað sem meirihluti ferðamanna finnst að þeir þurfi að heim-sækja,“ segir Sigurður Gísli. „Þar fái þeir yfirsýn og tilfinningu fyrir náttúru landsins. Þetta á ekki að vera skemmtigarður, með blöðrusölu. Heldur safn í faðmi náttúrunnar í friði fyrir stundarhagsmunum.“

**Svarar Hávarðsson**  
svavar@frettabladid.is




## Minum á teiknisamkeppni Skólarmjólkdagsins fyrir 4. bekkina

Hægt er að skila inn myndum fram að jólafríi til Mjólksamsölnnar, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík.



Nánari upplýsingar á [www.ms.is](http://www.ms.is)



**HUGMYNDAHÚSIÐ** Samtals er lóðin 3.300 fermetrar sem Urriðaholtsmenn hafa boðið yfirvöldum. Útlitsmyndin var gerð til að sýna fram á hugsanlegt útlit hússins. Húsið getur staðið eitt eða tengst Náttúrufræðistofnun með tengibyggingu. MYND/URRIÐAHOLT




# Veidileg Fél

HEAT  
factory

VARMAPÚÐAR,  
SOKKAR, HÚFUR OG  
FLEIRA Í ÚRVALI

Munið vinsælu  
gjafabréfin okkar!



## CASCADÉ VEIÐITASKA

Frábær veiðitaska sem tekur stangirnar, hjólin, boxin, línurnar, taumana eða bara allt í veiðiferðina. Frábært verð.

Aðeins **29.900,-**



## SIMMS FREESTONE VÖÐLUPAKKI

Allir þekktja Simms gæðin. Öndunarvöðlur og skór.

Aðeins **49.900,-**



## REDINGTON FLUGUVEIÐIPAKKI

Fjögurra hluta stöng með lífstíðarábyrgð. Okuma Airframe hjól ásamt þrem aukaspólum í tösku. Fullt verð 45.895,-

Jólatilboð aðeins **36.995,-**



## HEAT FACTORY ULLARVETTLINGAR

- með thinsulate einangrun og Heat Factory varmapokum.

Verð aðeins **3.895,-**



## BUFFALO RIVER VERÐMÆTAHÓLF

Ódýrt öryggishólf fyrir skotfæri eða verðmæti. Gott verð.

Aðeins **10.995,-**



## BERETTA BAKPOKI

Sérhannaður fyrir skotveiðimenn. Byssufesting á hlið pokans. Felulituð veðurhlíf fylgir. Frábært verð.

Aðeins **18.995,-**



## NIKKO STIRLING FJARLÆGÐARMÆLIR

Mælir allt að 800 metra. Frávik +/- 1m. Tilvalinn fyrir skotveiðimanninn eða kylfinginn. Hvergi betra verð. Fullt verð 26.980,-

Jólatilboð aðeins **22.980,-**



## SAMANBRJÓTANLEGUR ÍSBOR Í TÖSKU

Skiftiblöð fylgja. Frábært verð.

Aðeins **14.995,-**



## SCIERRA FLUGUVEIÐISETT

Fjögurra hluta stöng, hjól og góð flotlína með baklínu. Frábært verð.

Aðeins frá **19.995,-**

## DANVISE

Vinsælasta öngulklemman um langt árabil. Nauðsynleg fyrir fluguhnýtarann. Fullt verð 12.995,-

Jólatilboð aðeins **9.995,-**

Gerðu verðsamanburð



## DAM VÖÐLUTASKA

Vel hönnuð taska undir vöðlur og skó. Taskan er með öndun og hörðum, vatnsheldum botni.

Aðeins **5.995,-**



## ÍSLENSK FLUGUBOX ÚR ÍSLENSKU BIRKI

Hægt að fá boxin sérmerkt. Verð með 10 vönduðum laxaflugum aðeins 11.400. Merking innifalin í verði.

Aðeins **11.400,-**

## NIKKO STIRLING NÆTURSJÓNAUKI

Digital sjónauki sem gerir þér kleift að sjá í svarta myrkri. Frábært verð.

Aðeins **41.995,-**



## RJÚPNAVESTI

Þessi gömlu góðu. Yfir 20 ára gömul hönnun. Fullt verð 8.995,-

Jólatilboð aðeins **5.995,-**



## NRS FLOTVEIÐIVESTI

3 stærðir. Fullt verð 18.995,-

Jólatilboð aðeins **14.995,-**



## DAM HNÍFASETT

Ómissandi í veiðitúrinn. 3 hnifar, stál og bretti í tösku. Frábært verð.

Aðeins **5.995,-**



## GERVIGÆSIR

Vinsælu skeljarnar með lausum hausum. 12 í kassa og festijárnin fylgja með. Fullt verð 18.995,-

Jólatilboð aðeins **14.995,-**



## RON THOMPSON REYKSUÐUKASSAR

Töfraðu fram veislumáltíð á einfaldan hátt. Fullt verð 10.995,-

Jólatilboð aðeins **8.995,-**

Eigum einnig beykisag í kassana!



## OKUMA SLV FLUGUHJÓL

Líklega mest keyptu fluguhjólin á markaðnum. Large arbour hjól úr léttmálmi. Góð bremsa og frábært verð.

Aðeins frá **11.995,-**

## RON THOMPSON OG DAM KASTSTANGIR

- í miklu úrvali og ómótstæðilegu verði.

**20% jólaafsláttur**



## OKUMA OG DAM KASTHJÓL

Gott úrval og frábært verð.

**20% jólaafsláttur**

Veidibúð allra landsmanna -  
**VEIDIMADURINN.IS**



VEIDIHORNID



VEIDIHORNID - SÍÐUMÚLA 8 - 568 8410 - VEIDIHORNID.IS

SPORTBÚÐIN - KRÓKHÁLSI 5 - 517 8050



# Hringjum inn j



1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum síma!

**Nokia X3-02**

**2.790 kr. í 12 mán.**

29.990 kr. stgr.



1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum síma!

**LG Optimus One**

**2.990 kr. í 12 mán.**

32.990 kr. stgr.



1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum síma!

**HTC Wildfire S**

**3.690 kr. í 12 mán.**

39.990 kr. stgr.



1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum síma!

**iPhone 3Gs (8 GB)**

**4.490 kr. í 18 mán.**

69.990 kr. stgr.

## Ódýrustu hjá Nova!



**Tónlist**

Viðskiptavinir Nova geta skráð sig fyrir aðgangi að lagalistum Nova hjá Tónlist.is inn á [www.nova.is](http://www.nova.is). Þú getur hlustað á Nova listana í tölvunni þinni og farsímanum. Við mælum einnig með Tónlist.is appinu fyrir Android og iPhone/iPad.



500 kr. notkun á mán. í 6 mán. fylgir þessum síma!

**Nokia C2-01**

**1.790 kr. í 12 mán.**

19.990 kr. stgr.



500 kr. notkun á mán. í 6 mán. fylgir þessum síma!

**Samsung Galaxy 5**

**1.790 kr. í 12 mán.**

19.990 kr. stgr.



500 kr. notkun á mán. í 6 mán. fylgir þessum síma!

**Nokia 2730**

**1.690 kr. í 12 mán.**

18.990 kr. stgr.



500 kr. notkun á mán. í 6 mán. fylgir þessum síma!

**Samsung Galaxy Y**

**2.290 kr. í 12 mán.**

24.990 kr. stgr.

**NOVA**

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter



# Ólin með Nova!




2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum síma!

iPhone 4 (8 GB)

6.490 kr. í 18 mán.

99.990 kr. stgr.



3.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum síma!

iPhone 4s (16 GB)

8.990 kr. í 18 mán.

149.990 kr. stgr.



1GB notkun fylgir þessum!

iPad 2 3G/WiFi (16 GB)

6.690 kr. í 18 mán.

109.990 kr. stgr.



NetFrelsi

2ja mán. netáskrift fylgir öllum iPhone og iPad hjá Nova!

iPad 2 WiFi (16 GB)

4.990 kr. í 18 mán.

84.990 kr. stgr.

NetFrelsi

2ja mán. netáskrift fylgir með Samsung Galaxy S II hjá Nova!

## Ófursnjallir hjá Nova!



500 kr. notkun á mán. í 6 mán. fylgir þessum síma!

Nokia C5-03

2.790 kr. í 12 mán.

29.990 kr. stgr.




2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum síma!

Samsung Galaxy S II

6.490 kr. í 18 mán.

99.990 kr. stgr.



2.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum síma!

Nokia N9 (16 GB)

6.690 kr. í 18 mán.

109.990 kr. stgr.

0 kr.  
Nova  
í Nova!

1.000 mínútur og  
500 SMS/MMS á mán.

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

NOVA



Evrópusambandið klofnaði ekki á leiðtogafundi.

## Samkomulag um harðari aga

Niðurstaða leiðtogafundar Evrópusambandsins fyrir helgina varð að mörgu leyti önnur en sú sem menn höfðu spáð eða vonast til.

Þannig þýðir niðurstaðan að skref eru tekin í átt til meiri samræmingar ríkisfjármála í aðildarríkjunum. Það er jákvætt og getur komið í veg fyrir að skuldakreppa á borð við þá sem nú þjakar evrusvæðið endurtaki sig. Það leysir hins vegar ekki núverandi vanda. Þar er enn ýmislegt ógert; hvorki Evrópski seðlabankinn né Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa enn þau tæki í höndum sem þarf til að taka í taumana og róa markaðina. Útkoma fundarins er því ekki nein lokalausn á skuldavandanum.

Því hafði líka verið spáð fyrir fundinn að hann gæti leitt til þess að Evrópusambandið klofnaði í tvær fylkingar, evruríkin og ríkin sem ekki notuðu gjaldmiðilinn. Það gekk ekki eftir; 23 ríki urðu sammála um að setja sér harðari reglur um aga í ríkisfjármálum og fá stofnunum Evrópusambandsins vald til að halda þeim aga með refsiaðgerðum gegn ríkjum sem reka ríkissjóð með halla og safna skuldum. Þrjú til viðbótar hyggjast vera með, að fengnu samþykki þjóðþingsins.

Bretland stendur þannig eitt utan þessa samkomulags, sem þýðir að það verður ekki fellt inn í stofnsáttmála Evrópusambandsins heldur hefur stöðu milliríkjasamnings. Það jafngildir hins vegar ekki klofningi Evrópusambandsins, heldur að Bretar standa þar einangraðir. Það er hvorki í fyrsta né annað sinn. Engu að síður hafa Bretar ekki snúið baki við Evrópusambandinu og oftast tekið þátt í framþróun þess, þótt með semingi sé.

Brezka ríkisstjórnin er raunar klofin í afstöðunni til málsins og það er atvinnulífið í landinu einnig, þar með talinn fjármálageirinn. Talsmenn margra fjármálafyrirtækja eru efins um að Cameron forsætisráðherra hafi með því að beita neitunarvaldi tekið að verja hagsmunum fjármálageirans, eins og hann sagðist vilja gera.

Íslensk stjórnvöld þurfa að skoða rækilega hvort og þá hvaða áhrif niðurstöður leiðtogafundarins hafa á aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið. Í fljótu bragði virðast þau ekki verða mikil. Ein meginröksemdin fyrir því að sækjast eftir aðild að Evrópusambandinu er að þá á Ísland kost á að taka upp evru í stað krónunnar. Það er mikið hagsmunamál heimila og fyrirtækja í landinu, eins og forystumenn Alþýðusambandsins hafa til dæmis fært góð rök fyrir í greinum hér í blaðinu tvær undanfarnar helgar. Til þess að vera í myntbandalagi þarf harðan aga í ríkisfjármálum.

Jafnvel þótt Ísland ætlaði alls ekki í ESB og vildi heldur ekki evruna, er járnagi í ríkisfjármálunum ein forsenda þess að efnahagslífið nái sér á strik. Skortur á slíkum aga er ein ástæðan fyrir því að íslenskt efnahagslíf fór út af sporinu. Það er því vandséð hvað Ísland ætti að hafa út á það að setja að þurfa að undirgangast aga, sem það þyrfti hvort sem er að beita sjálft sig í framtíðinni. Eini munurinn er sá að með því að gangast undir þann aga innan ESB fær Ísland stuðning sameiginlegra stofnana sambandsins, sem það hefði ekki án ESB-aðildar.

**FRÉTTABLAÐIÐ**  
 ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STIÖRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTIÓRI OG ÚTGÁFUSTIÓRI: Ari Edwald  
 RITSTIÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTIÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



**Miele**

Miele ryksugur

**EIRVÍK**

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### NATO og Rússland

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra skrifaði nýverið grein um utanríkisstefnu Íslands, NATO og tengsl NATO-ríkanna við Rússland. Greinin birtist í Morgunblaðinu á föstudag en þar segir meðal annars að Rússar hafi síðustu misseri varlega fetað sig nær Vesturlöndum á ýmsum sviðum. Þá tekur Össur sem dæmi nýlega inngöngu Rússa í Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) og nefnir vitaskuld að Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra var aðalsamningamaður WTO í viðræðum stofnunarinnar við Rússa.

#### Ballettmeistari í Bolshoi

Össur virðist ekki hafa lítið álit á Stefáni Hauki, sem er einnig aðalsamningamaður Íslands í aðildarviðræðunum við ESB, og segir hann hafa leitt seinni hluta viðræðnanna við Rússa eins og ballettmeistari á stóra sviðinu í Bolshoi-leikhúsinu í Moskvu. Össur er greinilega ánægður með sinn mann.

#### Fullnaðarsigur

Á föstudag féll dómur í skattahluta Baugsmálsins svokallaða. Voru þau

Jón Ásgeir Jóhannesson, Kristín Jóhannesdóttir og Tryggvi Jónsson dæmd sek um ákveðin brot en verða þó ekki látin sæta refsingu haldi þau skilorði í eitt ár. Jakob R. Möller, lögmaður þremminganna, sagði við Fréttablaðið á laugardag að þetta hefði verið hagstæðasti mögulegi dómur utan sýknu. Jón Ásgeir sagði hins vegar að þetta þýddi að fullnaðarsigur hefði unnist í Baugsmálinu. Það má þá spyrja hvað sýkna hefði þýtt. Fullkominn fullnaðarsigur? magnusl@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Að gefnu tilefni

### Tölvuviðskipti



Halldór Jörgensson framkvæmdastjóri Microsoft Ísland

Mér er bæði ljúft og skylt að leiðrétta misskilning sem gætir í grein Bjarna Ákasonar framkvæmdastjóra Epli.is, sem birtist í Fréttablaðinu fimmtudaginn 8. desember síðastliðinn. Ófugt við það sem skilja má af grein Bjarna hefur Microsoft ekkert við auknar vinsældir svokallaðra spjaldtölva að athuga – heldur fagnar þeim þvert á móti. Microsoft hefur þróað hugbúnað fyrir spjaldtölvur allar götur frá því að fyrirtækið kom með sína eigin „Tablet PC“ á markað fyrir um 10 árum.

Spjaldtölvur hafa þróað hratt á undanförunum misserum, m.a. vegna virkrar samkeppni tölvuframleiðenda. Microsoft styður þessa þróun heilshugar og fagnar því að slíkar tölvur nýtist einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum. Um þetta erum við Bjarni bersýnilega sammála og áhyggjur hans eru því algjörlega óþarfar.

Hins vegar finnst mér Bjarni fara aðeins út af sporinu þegar hann lætur eftirfarandi orð falla: „Einnig væri ekki vitlaust að skoða hversu margir (og hverjir) hafa á undanförunum árum farið í boðsferðir til Redmond í Seattle. Þar er til húsa stór hugbúnaðarframleiðandi sem

hefur afar mikla hagsmuni af viðskiptum við íslenskar stofnanir.“ Hér á Bjarni greinilega við Microsoft.

Nú er það svo að Microsoft Ísland ehf. (sem er í 100% eigu Microsoft Corporation sem er með höfuðstöðvar sínar í Redmond) þarf, líkt og önnur bandarísk fyrirtæki sem starfa víða um heim, að uppfylla ströng skilyrði. Þar með talið sérstaka löggjöf sem nefnist „United States Foreign Corrupt Practices Act (FCPA)“. Meðal annars er þar lagt blátt bann við hvers konar greiðasemi við starfsmenn hins opinbera. Háar sektir eru lagðar á þá sem þessar reglur brjóta.

Starfsemi Microsoft á Íslandi fellur einnig undir þessar reglur og vel er fylgt með því að þeim sé fylgt. Fabúleringar Bjarna eru því algjörlega tilefnislausar. Engar boðsferðir með opinbera starfsmenn hafa verið farnar á okkar vegum. Til að enda þetta greinarkorn á uppbyggilegum nótum vil ég velja þeirri hugmynd upp að ég og Bjarni Ákason tökum höndum saman og hvetjum til þess að íslensk löggjöf á þessu sviði verði eflað. Til þess að allir, ekki bara þeir sem reka hér sérstök dótturfyrirtæki, sitji við sama borð.



# „Andans eigin dóttir“

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur



Hannes Hafstein er 150 ára um þessar mundir. Og eins og öll skáld á öllum tímum á hann við okkur brýn erindi. Við sáum hann í Kiljunni um daginn svífa niður tröppur með þessu settlega göngulagi sem samherjar dýrkuðu en andstæðingar hötuðu. Margir dýrkuðu hann, sumir hötuðu hann og ýmsir hötuðu að dýrka hann.

Hann var flottari en danski kóngurinn þegar hann kom til Íslands 1907. Það var allnokkuð fyrir þrautpinda þjóð í töttrum! Arfleifð hans snýst um glæsimennsku – en líka þrótt, djörfung og löngun til að skapa hér góð lífskjör. Og auðvitað um frændhygli, klíkuræði, ofríki og eyðslusemi – nema hvað. En það er samt með ólíkindum hversu miklu Hannes kom í verk á sínu fyrra valdaskiði frá 1904 til 1908 – og með ólíkindum að þjóðin skyldi láta æsa sig upp til að hafna honum og verkum hans eftir fyrsta kjörtímabilið vegna formsatriða, útúr-súnings og æsinga í Uppkastinu svokallaða, svo að það tafðist um tíu ár að Íslendingar fengju fullveldi.

Hannes var maður lýðréttinda – átti það sammerkt með sínum helsta keppinaut og skoðanabróður, Skúla Thoroddsen, að vera frumkvöðull meðal valdakarla í kvenréttindamálum, svo að dæmi sé tekið. Honum fannst þjóðin vera ung en ekki gömul, framtak-

söm en ekki dauf, hress og kát en ekki fúl og þreytt. Honum fannst hún eiga allskostar við heiminn en ætti ekki að einangra sig, full þvermóðsku og ótta. Sjálfstæðisbaráttu-glamrið var honum eitur í beinum og hann skopstæði meðal annars Óxar við ána.

Hann var skáld dagsbirtunnar, framfaranna og dáðanna, skáld æsku og vors: umfram allt lífsins. „Himneskt er að lifa“ hrópar hann fagnandi í sínum indælu vísium um blessaða sólina sem elskar allt. Þetta á erindi við okkur á hverjum degi.

Líka þetta sem hann segir í ljóðinu Vantar menn: „Orð, orð / innantóm / fylla storð / fölskum róm“. Það er eins og kynni hans af Georg Brandes og raunsæisstefnunni gefi honum víðari sýn á Ísland. Hann sér þetta samfélag í ljósi nútímalegrar evrópskrar borgarmennningar. Hann sér þjóðfrelsisbaráttuna og þær ógöngur sem hún hafði smám saman ratað í þar sem meiri áhersla var lögð á innantómar kröfur um hárnákvæman lagabókstaf og form en raunverulegar umbætur á lífi landsmanna sem svo sárlega þurfti. Þar með er ekki sagt að Hannes hafi ekki unnað frelsinu og ekki þráð frelsi til handa sinni þjóð.

Pyki okkur nóg um æsinginn og ófyrirleitnina og drullupollaskvampið í þjóðfélagssumræðunni á okkar dögum þá er hún hátíð hjá því sem tíðkaðist á dögum Hannesar Hafstein þegar menn skirrðust ekki við að bera hver annan hinum verstu sökum á prenti, hnakkristust, kölluðu hver annan sýfllissjúklinga, fyllibyttur, illmenni og það sem verst var: leirskáld. En þetta er samt svolítið slæmt ennþá og kvæðið „Strikum yfir stóru orðin“ á enn erindi við

okkur. Það má heita kredó Hannesar Hafstein og það ættu allir að lesa reglulega, ritstjórar, stjórn-málamenn, blogggarar, pistlaskúmar. 1. erindið er svona:

„Strikum yfir stóru orðin, / standa við þau minni reynum. / Skjöllum ekki skrilsins vammir, / skiljum sjálfir hvað vér meinum.“

Reynum að vanda okkur við það hvernig við tölum og skrifum. Hættum þessu gargi, þessu lýðskrumi, hættum að espa upp verstu kenndir fjöldans, leggjum af þessa ofsafengnu umræðu en reynum heldur að segja það sem

“ Hann vegsamaði náttúruöflin – blessað rokið sem allir tala svo illa um að ósekju – og lífsnautnirnar sem mörgum er svo illa við. Hann gerði gys að þjóðernisbelgingi. Hann bað okkur að strika yfir stóru orðin en reyna heldur að standa við þau minni.

við meinum og meina það sem við segjum. Skilja það sem við meinum. Við verðum að reyna að endurheimta orðin.

Hannes Hafstein aðhylltist sem sé frelsið – meira en mörg yfirlýst þjóðfrelsisbetjan sem fyrst og fremst aðhylltist frelsi stórbænda og höfðingja til að ráða yfir sínu fólki. Hannes aðhylltist frelsi í viðskiptum, frelsi í búsetu og

atvinnu, frelsi til að kjósa, tjá sig, lifa sínu lífi. En hann vildi sem sé að frelsið hefði merkingu, inntak. Svona er 2. erindið í kvæðinu:

„Fleiprum ei að frelsi höfum, / fyrr en sjálfir hugsa þorum. / Segjum ekki að vér hlaupum / er í sömu hjökkum sporum.“

Reynum að vera raunsæ, segjum satt, misnotum ekki háleitt orð. Þannig brýnir hann fyrir þjóð sinni að leita frelsis andans, hrista af sér klafa úrelts hugsunarháttar og þrælsundar. En frelsið var líka dýrmætara en svo að við getum eftirlátið það þeim sem hafa gert óréttlæti og misskiptingu gæða að lífshugsjón sinni og leggja að jöfnu frelsi og óheft peningaumsvif. Svona er 3. erindið hjá Hannesi:

„Frelsið er ei verðlögð vara, / veitist ei með tónum lögum. / Það er andans eigin dóttir / ekki mynd úr gömlum sögum. // Enginn verður frjáls, þótt fari / feikna-hring í tjóðurbandi. / Mýldur fúnum trúartaumum, / teymist hvergi frelsis-andi.“

Hannes Hafstein var frelsis-sinni, frjálslyndur maður. Hann á við okkur brýn erindi: hann orti um lífið og sólina, líka þegar hann stóð í myrkrinu andspænis dauðanum. Hann vegsamaði náttúruöflin – blessað rokið sem allir tala svo illa um að ósekju – og lífsnautnirnar sem mörgum er svo illa við. Hann gerði gys að þjóðernisbelgingi. Hann bað okkur að strika yfir stóru orðin en reyna heldur að standa við þau minni. Hann benti á að frelsi er ekki bara orð sem maður tekur sér, það veitist ekki bara með lagasetningu, það verður ekki metið til fjár, það er ekki „mynd úr gömlum sögum“ og það veitist okkur ekki með heitstrengingum og derringi. Það er „andans eigin dóttir“.

AF NETINU

## Kemur öllum lýðræðisþjóðum við

Ef heimskreppa er að skella yfir mun það geta haft áhrif þarna austur frá til hins verra rétt eins og gerðist í Þýskalandi í heimskreppunni. Enginn veit hvort einhver rússneskur Hitler eigi eftir að spretta upp og sækja inn í valdatóm, sem skapast ef völd og áhrif Pútíns dvína og hann missir stjórn á atburðarásinni. Þróunin í Rússlandi kemur öllum lýðræðisþjóðum við, einkum Evrópuþjóðum, sem hafa átt sér þann draum að sjá myndast samfelldan hóp lýðræðisríkja sem ná allt frá Atlantshafi yfir endilanga Evrasíu til Kyrrahafsins.

[omarragnarsson.blog.is](http://omarragnarsson.blog.is)

Ómar Ragnarsson

## Dæmigerð viðbrögð fjármálaráðherra

Sjóðsfélagar eiga þennan rétt og hann er stjórnarskrárvarinn og þeir hafa tilkynnt að þeir munu verja hann. Það skiptir engu þó fjármálaráðherra reyni að stilla þessu upp eins og lífeyrissjóðir séu einhver tilfinningalaus lýður sem sé á móti íslenskum heimilum. Lífeyrissjóðir hafa engan vilja, lífeyrissjóðir eiga ekki neina fjármuni. Það eru sjóðsfélagar sem eiga þessa fjármuni og það hefur komið fram að þeir vilja gjarnan að tekið verði á þessum vanda, en þessi leið er einfaldlega ekki fær.

Það verður að gera þetta með almennri skattlagningu, ekki láta tiltölulega lítinn hluta landsmanna greiða þennan reikning, enda er það ólöglegt og er jafnframt brot á jafnræðisreglu.

[gudmundur.ejyan.is](http://gudmundur.ejyan.is)

Guðmundur Gunnarsson

## PASSLEGUR Á SVO MARGA VEGU



Tilboðsverð frá

**4.690.000 kr.**

BEINSKIPTUR MEÐ DÍLSÍLVEL

Staðalbúnaður m.a. Bluetooth búnaður, Rockford hljómflytningskerfi, aldri 4WD og 17" felgur

Mitsubishi ASX er rúmgóður án þess að vera of fyrirferðamikill. Nýja ClearTec dílsílvél er aflmikil en um leið einstaklega sparneytin og eyðir aðeins 5,7 l á hverja 100 km. Mitsubishi ASX er nettur og fallegur að utan sem innan og hið afburðagóða Rockford Fosgate hljómflytningskerfi fylgir hverjum bíl sem staðalbúnaður. Ef þú elskar lífið, þá elskar þú Mitsubishi ASX. **Komdu og reynsluaktu!**



ÖRFÁ EINTÖK Á SÉRSTÖKU KYNNINGARVERÐI TIL AFHENDINGAR STRAX

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is) · [hekla@hekla.is](mailto:hekla@hekla.is) · umboðsmenn um land allt







**60 ÓLAFUR P. HARÐARSON HÁSKÓLAPRÓFESSOR** er 60 ára í dag. „Þó bankarnir og ofvöxtur þeirra hafi orsakað hrunið þá ber stjórnmalakerfið ábyrgð á leikreglum, eftirliti og vörnum.“

## Merkisatburðir 12. desember

- 1901** Marconi-félaginu tekst að senda útvarpskeyti yfir Atlantshafið í fyrsta skipti.
- 1904** Fyrstu rafljós á Íslandi eru kveikt er Jóhannes Reykdal setur upp fyrstu rafmagnsveitu landsins í Hafnarfirði.
- 1911** 200 ára afmælis Skúla Magnússonar landfógeta er minnst í Reykjavík með samsæti.
- 1914** Dow Jones-vísitalan fellur um 24,39%, sem er mesta prósentulækkun á einum degi frá upphafi vísitölunnar.
- 1947** Björgunaraðferðin við Látrabjarg hefst þar sem 12 skipverjum úr togaranum Dhooon er bjargað.
- 1948** Sex manns farast er snjóflóð fellur á bæinn Goðdal í Strandasýslu. Fjórum dögum síðar bjargast húsbóndinn úr flóðinu.
- 1963** Kenía hlýtur sjálfstæði frá Bretlandi.

PETTA GERÐIST 12. DESEMBER 2003

## Keikó deyr úr lungnasjúkdómi

Háhyrningurinn Keikó, sem öðlaðist heimsfrægð í myndunum Free Willy, dó úr lungnasjúkdómi hinn 10. desember 2003. Hann hafði greinst með sjúkdóminn tveimur dögum fyrr. Keikó fæddist við Íslandsstrendur árið 1976. Árið 1979 var hann fangaður og seldur til Þjálfunar, sem bandaríski sjóherinn annaðist í fyrstu. Árið 1993 sló Keikó í gegn í kvikmyndinni Free Willy og hann var einnig stjarnan í framhaldsmyndunum tveimur; Free Willy 2: The Adventure Home (1995) og Free Willy 3: The Rescue (1997). Hinn 9. september 1998 var Keikó fluttur aftur til Íslands, þar sem átti að gera honum kleift að lifa eins og aðrir

háhyrningar og að því búnu sleppa honum lausum. Þjálfunin fór fram við Vestmannaeyjar og fylgdi honum heill hópur af aðstoðarfólki sem ætlaði að hjálpa honum að læra hætti villtra háhyrninga. Það var svo í júlí 2002 að þjálfarar hans töldu að hægt væri að sleppa honum lausum. Í september 2002 varð vart við hann við Hælsa í Noregi, þar sem íbúar sáu til hans og léku jafnvel við hann. Stuttu síðar, að beiðni dýraverndasamtaka, var almenningi bannað að eiga samskipti við hann, þar eð hann átti að aðlagast lífi háhyrninga og ekki að umgangast fólk.



## Jólatónleikar RÚV

Jólatónleikar Ríkisútvarpsins verða haldnir í Kristskirkju í Landakoti klukkan 20 í kvöld.

Á tónleikunum flytur Kammerkórinn Carmina trúarlega tónlist úr íslenskum sönghandritum frá 15., 16. og 17. öld, bæði í upprunalegri mynd og í útsetningum íslenskra tónskálda. Fluttar verða útsetningar eftir Hildigunni Rúnarsdóttur, Önnu Þorvaldsdóttur og Huga Guðmundsson. Þá syngja einsöngvarar úr hópnun trúarlega söngva við meðleik Karls Nyhlin lútuleikara. Stjórnandi er Árni Heimir Ingólfsson og kynnir er Arndís Björk Ásgeirsdóttir. Tónleikarnir eru framlag Ríkisútvarps-



**KAMMERKÓRINN CARMINA** Flytur trúarlega tónlist á Jólatónleikum Ríkisútvarpsins í Kristskirkju í kvöld.

ins til jólatónleikadags EBU – Sambands evrópskra útvarpsstöðva. Aðgangur er ókeypis.

Tónleikarnir verða hljóðritaðir og þeim síðan útvarpað á Rás 1 og víða um heim sunnudaginn 18. desember kl. 16.05. - fsb



STARFSFÓLK SÓLARFILMU Eigendurnir Kathleen og Þórhallur og sölumennirnir Helgi Jónsson og Ágúst Birgisson.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SÓLARFILMA: Á HÁLFRAR ALDAR AFMÆLI Í ÁR

## Póstkortin hafa fylgt okkur

„Þetta er löng saga og margt hefur breyst. Tölvutæknin hefur til dæmis gerbreytt bæði viðskiptaháttum og framleiðslu. Fyrir örfáum árum þurftum við að kaupa alla vinnu við ljósmyndir en nú vinnum við þá hluti sjálf í tölvunum,“ segir Þórhallur Birgisson, sem ásamt konu sinni, Kathleen Bearden, rekur hið fimmtíu ára gamla korta- og minjagripafyrirtæki Sólarfilmu.

Minjagripir Sólarfilmu eru fjölbreyttir og í stöðugri þróun. Flestir eru þeir framleiddir í Kína en öll hönnunin er íslensk að sögn Þórhalls. „Við höfum átt afar í farsælu samstarfi við hönnuðina Brian Pilkington og Björk Bjarnadóttur og íslenska ljósmyndara á borð við Hauk Snorrason og Daníel Bergmann,“ lýsir hann og kveðst líka afar heppinn með starfsmenn.

Þórhallur er sonur Birgis Þórhallssonar sem stofnaði Sólarfilmu

árið 1961, ásamt mági sínum Snorra Snorrasyni flugstjóra. Þeir störfuðu báðir hjá Flugfélagi Íslands. „Pabbi og Snorri voru í tengslum við ferðamannastrauminn til landsins og áttuðu sig á þörfinni fyrir íslenskt myndefni. Báðir voru áhugaljósmyndarar, Snorri var mikilvirkur á því sviði og það fyrsta sem Sólarfilma gaf út voru skuggamyndasamstæður. Fyrstu póstkortin komu út árið 1963 og þau hafa fylgt fyrirtækinu síðan. Jóna- og tækifæriskort voru líka snar þáttur í framleiðslunni lengi vel og fullyrða má að jólakort með vetrarmyndum eftir Snorra Snorrason hafi farið inn á flest heimili í landinu.“

Þórhallur man eftir sér litlum að klippa út jólakort. „Pabbi kom heim með prentarkir úr prentsmiðjunni og við strákarnir sáu okkur leik á borði, klipptum kortin út með skærum

og buðum nágrönnunum þau til sölu. Okkur var yfirleitt vel tekið!“ rifjar hann upp.

Það var árið 1992 sem Þórhallur og kona hans, Kathleen, tóku formlega við rekstri Sólarfilmu. Á þeim tíma voru minjagripir með íslenskum teikningum orðin vinsæl söluvara fyrirtækisins og árið 1999 ákveða þau hjón að einbeita sér að minjagripum og póstkortum og selja tækifæris- og jólakortin út úr fyrirtækinu. Ég gat fækkað starfsmönnum og reksturinn varð miklu einfaldari. Þetta voru í rauninni svo mikil straumhörf að stundum finnst mér eins og fyrirtækið sé ekki fimmtíu ára heldur tólf ára,“ segir Þórhallur. „En auðvitað byggðum við á traustum grunni. Ég naut þess að vinna með pabba í fimmtán ár og tileinka mér hans hugsun í umgengni við viðskiptavini, bæði innanlands og erlendis. Það var góður skóli.“ gun@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Eva Þórsdóttir,**  
Sundlaugavegi 18 Rvk.

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þann 28. nóvember sl. Útför fer fram frá Fossvogskirkju þann 13. desember kl. 13.00.

Kristinn V. Danielsson  
Sigríður I. Daniélsdóttir  
Þór Ingi Danielsson  
Einar Daniélsson  
Hraunur Danielsson  
Barnabörn og barnabarnabörn.

Unnur Garðarsdóttir  
Þórður Guðmundsson  
Anneli Planman  
Kristjana Sigurðardóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir og afi,

**Ólafur Tryggvi Þórðarson**  
tónlistarmaður,

sem lést á Grensásdeild Landspítala sunnudaginn 4. desember, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 13. desember klukkan 13.

Dagbjört Helena Óskarsdóttir  
Þórður Daníel Ólafsson  
Brynhildur Nadía Þórðardóttir  
og aðrir aðstandendur.

## Fé sem stuðlar að framförum

Stjórn Menningar- og framfarasjóds Ludvigs Storr hefur úthlutað styrkjum, samtals að upphæð 20 milljónir króna til sex einstaklinga og fimm verkefna. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að framförum á sviði jarðefnafræða, byggingarfræði og skipasmíða. Styrkhafar í ár eru Aldís Sigfúsdóttir ráðgjafarverkfræðingur, Birgir Jónsson, dósent við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands, Borge Johannes Wigum jarðverkfræðingur, Haukur Jörundur Eiríksson, verkfræðingur og aðjunkt við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands, Ragnar Sigbjörnsson, prófessor við Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði, og Sigurður Erlingsson, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands.

Ludvig Storr var fæddur í Kaupmannahöfn 21. október 1897. Hann settist að á Íslandi árið 1922, stofnaði byggingarvörðslu Ludvigs Storr & Co. sem varð að Glerslípun og speglagerð hf. og var með umsvifamikinn rekstur hér á landi. Auk þess lét hann til sín taka í félags- og menningarmálum.

Menningar- og framfarasjóður Ludvigs Storr var stofn-



VIÐ AFHENDINGUNA Styrkþegar ásamt formanni stjórnar sjóðsins og háskólarektor.

aður árið 1980 af Svövu Storr, seinni konu Ludvigs og Önnu Dúfu Storr Pitt, einkadóttur hans frá fyrra hjónabandi. Sjóðurinn úthlutaði síðast styrkjum árið 2007 en í ár er úthlutunin sérlega vegleg í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands og þrjátíu ára afmælis sjóðsins.



## Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

**MOSAÍK** Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 www.mosaik.is





**Sýningin Sérkenni sveinanna** stendur nú yfir í Þjóðminjasafninu. Þar er meðal annars jólahús með gripum tengdum jólasveinunum sem hjálpa börnum að skilja nöfnin þeirra og jólatré og jólakort frá ýmsum tímum. [www.thjodminjasafn.is](http://www.thjodminjasafn.is)

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir [jmh@365.is](mailto:jmh@365.is) 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir [brynjadan@365.is](mailto:brynjadan@365.is) 512 5465 Snorri Snorrason [snorris@365.is](mailto:snorris@365.is) 512 5457

**MABEF**

**20% afsláttur af öllum trönum til jóla.**

**LISTALAGERINN JARN&GLER**

Járn & Gler hf. - Skútuvegur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík  
S: 58 58 908. [www.jarngler.is](http://www.jarngler.is)

Íslenskt hugvít og íslensk hönnun í Spark Designspace.

## Mikilvægt að styðja við nýsköpun

**É**g er ekki viss um að fólk átti sig á því hvað hve mörg áhugaverð verkefni eru í gangi á Íslandi og hve miklu máli skiptir að styðja við þau með því að kaupa hluti og vörur sem íslenskir hönnuðir og íslensk fyrirtæki eru að koma á markað,“ segir Sigríður Sigurjónsdóttir prófessor við Hönnunar- og arkitektúrdeild LHÍ og eigandi Spark design Space á Klapparstíg.

„Mér finnst svo mikilvægt að við séum meðvituð um hvað við kaupum í dag, sérstaklega í ljósi umræðunnar um allar verslunarferðirnar til útlanda.“

FRAMHALD | 2



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Besta jólagjöfin er góð heilsa**

Heilsudrekinn er þitt val

- heilsu meðferð
- heilsuvörur
- dekur
- leikfimi
- heilsute
- spavörur

**HEILSU DREKINN**

Kínversk heilsulind

Skeifunni 3j • Sími 553 8282 • [www.heilsudrekinn.is](http://www.heilsudrekinn.is)

**Gerid gæða- og verðsamanburð**

**Svefn & heilsa** ★★★★★

**Sofðu vel um jólin**

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150  
Opid virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)





**Björg Juto** vöruhönnuður sýnir litríkar stjórnur á Skörinni hjá Handverki og hönnun, Aðalstræti 10. Björg hannar smáhluti fyrir heimili og börn undir vörumerkinu Móra.

**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar  
Umboðsmenn um land allt  
**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS

**Samasem**  
Allt efni til innpökkunar fyrir verslanir og fyrirtæki.  
Mikið úrval af körfum og glervösum.  
samasem@samasem.is  
Samasem, Grensásvegur 22 S, 530 3500

**TÍSKA**  
ÍSKA  
CHANEL

## Framhald af forsiðu

Ég er ekkert endilega bara að tala um hönnunarvöru heldur líka þegar við kaupum mat og fleira. Þetta skiptir máli fyrir uppbyggingu í þjóðfélaginu og snýst líka um hvernig við viljum hafa samfélagið. Viljum við til dæmis búa í borg þar sem eru skemmtilegar verslanir, veitingastaðir og góð bakarí? Þá verðum við að versla við þessi fyrirtæki," segir Sigríður.

Í Spark Design Space stendur nú yfir Salon, þar sem vörur frá öllum sem sýnt hafa í Sparki frá upphafi er að finna. Sigríður segir vörurnar gefa góða mynd af íslensku hugviti og hugmyndaauði. „Þetta eru allt framúrskarandi íslensk hönnunarverkefni sem hafa gengið vel," segir Sigríður og bendir meðal annars á árangur Víkur Prjónsdóttur. „Þar vinnur hópur hönnuða með Víkurprjóni og gerir vörurnar þeirra samkeppnishæfar á alþjóðamarkaði. Grow me er annað fallett verkefni en það eru sjálfvökvandi blómapottar sem nemendur LHÍ unnu í samstarfi við Bjarkarás, vinnustofu fatlaðra. Þá er Flothettan eftir Unni Valdísi Kristjánsdóttur algerlega ný hugmynd en mér finnst einmitt að í baðmenningu Íslendinga séu tækifæri sem við höfum ekki nýtt ennþá til vörubrúna," segir Sigríður og bendir á að þótt vörurnar séu ekki allar framleiddar á Íslandi standi íslenskt hugvit á bak við þær. „Ilmvatn Andreu Maack myndlistarmanns er dæmi um íslenska hugmynd sem fengið hefur frábærar viðtök og er komin í dreifingu í 60 löndum eftir aðeins eitt og hálf ár. Lítil en vel unnin verkefni geta vaxið og orðið að einhverju stærra og meira þegar við styðjum við nýsköpun." Saloninn í Sparki stendur til 31. janúar 2012.

heida@frettabladid.is

Flothettan eftir Unni Valdísi Kristjánsdóttur.



Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót. Mitsh.Carisma árg. '98 ek. 190þ.1,6l sj, sk. verð 340þ. uppl. í s. 897 9252.

**Húsbíll og kona**  
Grannur,myndarlegur og reglusamur 51árs karlmaður vantar húsbíl og konu. Aldur skiptir ekki máli. Framtíðin er björt. lífiderfullkomid@gmail.com



## krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. afturendi, 6. til dæmis, 8. húðsepi milli taa, 9. vefnaðarvara, 11. tónlistarmaður, 12. hængur, 14. pilla, 16. bókstafur, 17. kvikmyndi, 18. kerald, 20. þys, 21. skrifa.

## LÓÐRÉTT

1. tala, 3. frá, 4. eyja, 5. stykki, 7. dagshluti, 10. dvelja, 13. upphrópun, 15. skrambi, 16. krot, 19. bardagi.

## LAUSN

LÁRÉTT: 2. rass, 6. td, 8. fit, 9. tau, 11. ans, 16. pár, 19. at.  
LÓÐRÉTT: 1. átta, 3. af, 4. síkiley, 5. sk, 7. dagtím, 10. una, 13. úff, 15. 18. áma, 20. ys, 21. rita.  
LÓÐRÉTT: 1. átta, 3. af, 4. síkiley, 5. sk, 7. dagtím, 10. una, 13. úff, 15. 18. áma, 20. ys, 21. rita.  
LÁRÉTT: 2. rass, 6. td, 8. fit, 9. tau, 11. ans, 16. pár, 19. at.



Hamborgarahryggur og kartöflusalat

Jólasíldarsalat

Dönsk lífrakæfa, sveppir og beikon

# JÓLABAKKINN FRÁ SÓMA ER KOMINN

**TORTILLA VEISLUBAKKI**  
30 bitar

**TORTILLA OSTABAKKI**  
20 bitar

**GAMLI GÓÐI**  
20 bitar

**ÁVAXTABAKKI**  
Fyrir 10 manns

**EDALBAKKI**  
20 bitar

**LÚXUSBAKKI**  
20 bitar

**DESERTBAKKI**  
50 bitar

Pantaðu í síma **565 6000** eða á [www.somi.is](http://www.somi.is) Frí heimsending\*

Hver samlokubakki er hæfilegur fyrir fjóra eða fimm. \*Frí heimsending gildir aðeins ef pantaðir eru 4 eða fleiri bakkar.

## „Petta ríður okkur að fullu“ aðferðin

**BAKPAKKAR**  
Jóns  
Sigurðar  
Eyjólfssonar

Það virðast engin takmörk fyrir því hversu langt sérfræðingar geta leitt okkur á tæknisviðinu. Með hugvitið að vopni hafa menn fundið upp tæki sem gera fótalausum kleift að hlaupa á við mestu spretthlaupara, fólki sem er lamað fyrir neðan mitti kleift að ganga um gólf og síðan senda þeir vélmanni til Mars.

**EN HVERNIG** skyldi standa á því að þeim sem vinna að samfélagsumbótum gengur ekki jafnvel? Hvernig stendur á því að okkur þykir fornir verkfræðingar frumstæðir en þegar við heyrum af fornum heimspekingum hugsum við „æ, bara ef við hefðum svona hugsuði í dag?“



**ÉG HELD** að ástæðan sé ein setning sem tekið hefur sér bólfestu í toppstykkinu og skýtur síðan upp kollinum í hvert skipti sem boðað er til breytinga. Þessi setning hljómar einhvern veginn svona: „Petta mun ríða okkur að fullu.“

**Í UPPHAFI** síðustu aldar var sjómönnum fyrirmanað að festa svefn á túrnum. Framsýnum mönnum þótti brýnt að gera bragarbót á. Útgerðarmenn brugðust hart við og sögðu að ef sjómönnum yrði leyft að sofa myndi það ríða togaraútgerðinni

að fullu. Til allrar hamingju hlustuðu menn ekki á þessa vitlesu og árið 1921 voru vökulögin samþykkt. Meira að segja Ásbjörn Óttarsson er örugglega sáttur við þessar umbætur í dag (þetta eru fordómar hjá mér en ég geng með þá flugu að menn sem eru á móti listamannalaunum séu annaðhvort gamaldags eða með unglinga-veikji, hið síðarnefnda getur ekki átt við um Ásbjörn).

**NÚ Á** dögum virðist hins vegar vera nóg að segja að eitthvað rífi atvinnuveginum að fullu og þá er buið verja hann gagnvart umbótum og breytingum. Kolefnisgjald hefði til dæmis ríðið stóriðjunni að fullu og svo hefur ríkisstjórnin ekki fundið neinn mótleik við því er útvegsmenn reiknuðu svo til að fyrningarleið myndi ríða útgerðinni að fullu. Róbert Marshall fann ekkert betra svar við þeim útreikningum en að rífa kjaft á fundi í Eyjum og nafni minn Bjarnason er mun kurteisari. Svo ríður það náttúrulega hagkerfinu að fullu (aftur) ef tekið er á stórum fjárfestum með sömu festu og vesælum almenningi.

**„PETTA** ríður okkur að fullu“ aðferðin virðist vera orðin skák og mát á síðari tímum. Ef tæknin væri á sama róli og þessi opinbera umræða, sem alltaf er verið að lofsama, þá væru örugglega framsýnir menn þessa dagana að ýta Thomsensbíl upp Bakarabrekkuna.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman




### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman



**BYLGJAN** 25 ÁRA 989

**Heimir & Kolla vakna með þér í bitíð**

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



# PHILIPS



**37"**  
**LED**

**3D SMART LED TV**

**AMBILIGHT  
BAKLÝSING**



Aukin upplifun verður með Ambilight Spectra 2. Þessi einkaleyfavarða hönnun Philips stækkar skjáinn með að varpa ljósi út frá tækinu á vegginn bakvið tækið. Ambilight breytir sjálfkrafa lit og birtu í takt við myndina á skjánum svo upplifunin verður framúrskarandi. Ljósið má stilla í takt við lit á vegg þannig að upplifunin helst óbreytt sama hvernig litur er á veggnum bakvið tækið. Myndir hreinlega lifna við með Ambilight Spectra 2.

**Philips 37PFL7606T**

37" 3D LED Full HD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Precise HD, 400Hz Perfect Motion, AMBILIGHT SPECTRA 2 baklýsingu, HD natural motion, 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum DVB-T2/C móttakara, USB, VGA, Scart, 4x HDMI, Ethernet, Optical út, VGA, SD kortalesari, CI rauf, Smart TV (tengist við netið þráðlaust) ofl.

**TILBOÐ**

**199.995**

FULLT VERÐ 249.995



Pixel  
Precise HD



Philips 42PFL7406T

**TILBOÐ**

**229.995**

FULLT VERÐ 259.995



Philips 42PFL7606T

**TILBOÐ**

**249.995**

FULLT VERÐ 289.995



Philips 47PFL7606T

**TILBOÐ**

**329.995**

FULLT VERÐ 369.995



Philips 55PFL7606T

**TILBOÐ**

**449.995**

FULLT VERÐ 499.995



Philips hefur hlotið EISA verðlaun fyrir sjónvörp 10 ár í röð. EISA eru virtustu verðlaun í Evrópu þar sem yfir 50 fagtimarit bera saman bækur sínar og velja bestu tækin ár hvert.

Philips fékk EISA verðlaun fyrir besta sjónvarp Evrópu 2011.



**Heimilistæki** ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT





## KVÖLDLOKKUR Á JÓLAFÖSTU

Blásarakvintett Reykjavíkur og félagar halda sína árlegu aðventutónleika undir heitinu „Kvöldlokkur á jólaföstu“ í Frikirkjunni í Reykjavík á þriðjudagskvöld klukkan 20. Á dagskrá eru meðal annars serenöður eftir Beethoven og Mozart. Auk þess leikur kvintettinn helstu slagarana úr Tófráflautunni og í lokin mótettuna „Ave verum corpus“. Tónleikarnir taka rúma klukkustund. Almennur aðgangseyrir er 1.500 krónur en 1.000 krónur fyrir nema og eldri borgara.

# Fornminjarnar opna glænýja vídd

**Mannvist – sýnisbók íslenskra fornleifa kom út á vegum forlagsins Opnu. Þar leitast Birna Lárusdóttir og samverkamenn hennar við að opna heim fornleifafræðinnar fyrir leikum og lærdum.**

Fornleifar rata sjaldnast í fréttirnar nema þegar minjar tengdar sögulegum persónum eða þekktum valdastöðum koma í leitirnar. Fornar leifar er engu að síður að finna á ólíklegustu stöðum, áætlað er að hér á landi séu að minnsta kosti 130 þúsund fornleifastaðir en aðeins brot af þeim hefur verið rannsakað. Í bókinni Mannvist, sem kom út á vegum Opnu á dögunum, er sjónarhorninu beint að hversdagslegri minjum um daglegt líf almennings áður fyrr. Birna Lárusdóttir, ritstjóri og aðalhöfundur bókarinnar, segist hafa viljað skrifa læsilegt og fræðandi rit fyrir hinn almenna lesanda.

„Ég hef verið í þessum bransa síðan 1999 og mér hefur ávallt fundist skorta bók eins og þessa,“ segir Birna, sem starfar sem fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands. „Fólk er almennt forvitið um þessa fræðigrein. Undanfarnir tíu til tuttugu ár hafa verið gerðar mjög miklar rannsóknar, en niðurstöðurnar kannski ekki gerðar sérlega aðgengilegar fyrir almennig.“

### Fjölbreytileg fræðigrein

Birna segist hafa tekið þann pól í hæðina að gera grein fyrir fornleifafræðinni sem slíkri og sýna hversu fjölbreytt starf er unnið innan hennar vébanda.

„Það vill loða við greinina hálfgerð fjársjóðsleitarímynd, þar sem allt snýst um uppgröft á landnámsmönnum, sögulegum bæjarstöðum eða dýrgripum. En fornleifafræðin snýst um svo margt fleira. Á hverri einustu jörð eru á bilinu 20 til 100 fornleifastaðir, frá mjög ólíkum tímasteiðum.“

Í bókinni er líka lögð áhersla á fornleifafræði sem sjálfstæða fræðigrein sem hefur eitthvað fram að færa á eigin forsendum, í stað þess að vera hækja annarra greina á borð við sagnfræði.



Aðrir höfundar efnis í Mannvist: Adolf Friðriksson, Árni Hjartarson, Bjarni F. Einarsson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Guðmundur J. Guðmundsson, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Þóra Pétursdóttir.

„Besta dæmið um það í bókinni er kaflinn Þóru Pétursdóttur um nýminjar. Það er eiginlega nýjasti póllinn í fornleifafræðinni. Erlendis er til grein sem kallast „Material Culture Studies“, sem gengur út á að minjarnar sjálfar segi okkur einhverja aðra sögu en þá sem verið er að skrá, komi með annan vinkil.“

### Uppgangur í fornleifaskráningu

Það er gömul saga og ný að fjáframlög til fornleifafræði hafa verið skorin við nögl í gegnum tíðina. Engu að síður segir Birna að hér hafi talsverður uppgangur í fornleifafræði undanfarna tvo áratugi eða svo, ekki síst á sviði fornleifaskráningar, sem sveitarfélög



**BIRNA LÁRUSDÓTTIR** Er ritstjóri og aðalhöfundur bókarinnar Mannvist. Hún segir fræðimenn mega vera duglegri að koma niðurstöðum sínum á framfæri fyrir almennig.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

í landinu hafa látið í vinna í sambandi við aðalskipulag.

„Fornleifaskráning gengur út á að safna upplýsingum um staði þar sem fornleifar leynast. Þetta er dauflegt orð yfir mjög skemmtilega vinnu, maður þarf að fara á vettvang, ganga um jarðir heilu

dagana. Stundum uppgötvar maður leifar um forn mannvirki á stað sem engan grunaði og stundum kemst maður að því að kennileiti, sem heimamenn hafa lengi staðið í trú um að væru minjar um mannvist, eru í rauninni frá náttúrunnar hendi.“

Langstærsti gagnagrunnurinn um fornleifar er hjá Fornleifastofnun Íslands, sem telur um 30 þúsund fornleifastaði. „Netið er alltaf að þéttast og þessi bók er ein fyrsta tilraunin til að gera eitthvað við þær upplýsingar sem hafa safnast upp í þann grunn.“

### Vannýtt tækifæri

Birna segir þó enn vanta mikið upp á og að samdrátturinn eftir efnahagshrun hafi komið illa niður á greininni; sveitarfélög hvorki sjái sér fært að standa í fornleifaskráningu né gera eitthvað með þær upplýsingar sem hafa þó safnast saman.

„Fornleifaskráningin býður upp á svo mörg tækifæri, sem liggja enn sem komið er óbætt hjá garði. Tökum ferðaþjónustuna sem dæmi, það er alltaf verið að tala um að fjölga áfangastöðum fyrir ferðamenn. Fornminjaskráningin er kjörin í það. Ég man þegar ég byrjaði í fornleifaskráningunni að maður gat gengið um sumar sveitir dögum saman án þess að rekast á sálu. Svo fór maður í næstu vegasjöppu og þá voru heilu rúturnar fullar af fólki.“

Kannski liggur vandinn í því að fólk er alltaf að leita að einhverju stórkostlegu eða einstöku, jafnvel stöðum sem hægt er tengja við nafngreindar persónur. Fyrir mér er það einmitt hið almenna sem er svo áhugavert við fornleifafræðina, hin órjúfanlega heild menningar og landslag. Minjarnar opna algerlega nýja vídd og nýja sýn á umhverfið. Og auðvitað liggur ábyrgðin að einhverju leyti hjá okkur fornleifafræðingum, við þurfum að vera duglegri að koma niðurstöðum okkar á framfæri og vekja áhuga almennings.“

bergsteinn@frettabladid.is

Lambakjöt  
NÁTTÚRULEGA GOTT UM JÓLIN





Bækur ★★★★★

**Málverkið**

Ólafur Jóhann Ólafsson

**Vaka-Helgafell****Af ástum og stríði**

Í Málverkinu er sögð saga tveggja kvenna. Marchesu Alice Orsini, enskrar konu sem býr á bóndabæ í sunnanverðu Toskana á Ítalíu, og Kristínar Jónsdóttur, myndlistarkonu frá Íslandi, sem hefur sinnt list sinni í Róm. Sagan gerist á tímum síðari heimsstyrjaldarinnar og átökin magnast eftir því sem líður á bókina. En stríð er líka háð í einkalífi kvennanna, þar sem þær eiga báðar í leyntilægum ástarsamböndum. Kristín heldur við kvæntan meistara sinn og hin gífta Alice hittir á laun mann sem hún hefur þekkt frá unglingsárum.

Alice er sögumaður í hluta bókarinnar, en einnig er sagt frá henni og fjölskyldu hennar í þriðju persónu frásögn – sem og Kristínu og hennar lífi. Flakkað er fram og aftur í tíma, en líf kvennanna skarast nokkrum sinnum. Í upphafi bókar kemur Kristín særð á býli Alice, og þegar líða tekur á söguna kemur í ljós að þar réðu engar tilviljanir för.


Um málverkið sem bókinn er kennd við er ekki margt hægt að segja, þar sem það er þungamiðja verksins og spennu sögunnar nátengd því. En kannski má leiða að því getum að málverkið sé tákun um von – eða það sem konurnar halda báðar að verði sér til bjargar. Alice tekur að sér að geyma það og trúir (í það minnsta fyrst um sinn) að það verndi hana og þá sem næst henni standa fyrir ógnum stríðsins. Kristín vonast hins vegar í fyrstu til þess að það lækni þann sársauka sem ástarsambandið við meistaran hefur valdið henni.

Yfir stíl bókarinnar hvílir einhver mildi, sem veldur því að heildarsvipur sögunnar verður ofboð fallegur, þó að greint sé frá sorgum og óhugnaði ásta og stríðs. Sagt er frá barnsmíssi, sem er vitaskuld vandmeðfarið efni, en allt sem honum tengist er frábærlega vel skrifað og áhrifaríkt. Þar missir höfundur sig hvergi nokkurs staðar yfir í væmni, þó að slíkar gildir hafi áreiðanlega legið víða. Það tók mig svoltinn tíma að fóta mig í Málverkinu, en eftir að það tókst heillaðist ég alveg upp úr skónum. Augljóst er að Ólafur Jóhann hefur unnið mikla heimildarvinnu og víða leitað fanga þegar hann skrifaði bókina. Mér þykir þessi fína heimildarvinna skína hvað best í gegn þegar hann skrifar um nákvæm handtök Kristínar við forvörslu málverka, en þar er hvert smáatriði fínþússað. Líka er mjög fróðlegt að lesa um framgang stríðsins á Ítalíu, en Ólafur Jóhann segir í eftirmála að þar byggji hann á dagbókum „raunverulegrar“ konu, Írisar Origo, sem upplifði þar átakanlega atburði í návígi.

Ólafur Jóhann tekur ákaflega vel upp í þessari skáldsögu. Sýnilega vinnur hann úr heimildum af kostgæfni, en fyrst og fremst er Málverkið þó fagurlega skrifuð skáldsaga um örlög einstaklinga; ást, missi og eftirsjá.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

**Niðurstaða:** Eftirminnileg saga, svo vel unnin og fallega saman sett að það er hreinlega aðdáunarvert.





**VIÐEYJARSTOFA**

# Jólahlaðborð 2011

**Jólaveisla fyrir einstaklinga og hópa  
allar helgar á aðventunni**

**Lifandi  
píanótónlist  
með ljúfum  
jólalögum**





Gallery Restaurant – Hótel Holt  
sér um allar veitingar í Viðeyjarstofu.



**Elding**  
adventure at sea

videyjarstofa@holt.is
sími 552 5700
www.videyjarstofa.is

# Ljúffeng Lambafilla

Í AUSTRÆNNI KRYDDKÁPU MEÐ GRILLUÐUM ÁVÖXTUM OG GRÆNMETI

**FYRIR 8 MANNIS**  
4 lambafillur (fille), ½ á mann

**Myntusósa**  
1 ds grísk jógúrt  
1 búnt fersk mynta  
2 msk kúmen (helst úr Viðey)  
Maukið allt saman í matvinnsluvél

**Kryddkápa**  
100 g raspur úr kryddbrauði  
rifinn börkur af lime  
hnífsoddur af; engifer, kanil,  
negul og kóríander  
Blandið öllu vel saman

**Heitfengt meðlæti**  
1 vatnsmelóna, 1 ananas  
1-2 mangó, 1,2 kg sætar kartöflur

**Engiferolía**  
100 g ferskt engifer  
500 ml ólífuoía

Brúnið kjötið fyrst í smjöri á pönnu á hverri hlið og steikið síðan í ofni við 180°C í 2 mín. Takið það út og hvílið í 10 mín. Endurtakið og snúið kjötinu þannig að það steikist 3x2 mín. alls með 10 mín. hvílu á milli. Ef um mjög stóra fillu er að ræða, setjið þá 4 sinnum í ofninn. Sniðugt að matbúa fyrr um daginn. Steikin ætti að vera meðalsteikt eða bleik í gegn. Hafið kjötið við stofuhita og grillið það í lokin á vel heitu grilli. Fáum rendur á allar hliðar og grillbragð, aðalatriðið er að það hitni vel í gegn.

Brytjið engifer í pott með allri oliunni, látið malla í 30 mín. og kælið. Best að matbúa deginum áður og eiga þessa góðu engiferolíu í kæli.

Brytjið ávexti og grænmeti hæfilega niður, veltið upp úr engiferolíunni og grillið.

Í lokin er einni hliðinni á kjötinu dýft í jógúrtsósuna og svo í kryddhjúpinn.

Kjötið skorið í feringa og raðað uppá tein með grilluðum ávöxtum og grænmeti og borið fram með myntusósu – ljúffengt og spennandi.

LAMBAKJOT.IS



**12 TÖLVULEIKJAFYRIRTÆKIÐ GATE FIVE** krefur söngkonuna Beyoncé Knowles um svimandi háa upphæð, eða í kringum 12 milljarða króna, fyrir að hætta við að taka þátt í dansleiknum Starpower: Beyoncé.



# KEMUR KORTERI FYRIR JÓL

**Kvikmyndatökumaðurinn Óttar Guðnason er um þessar mundir við störf í Suffolk á Englandi en hann stjórnar kvikmyndatökunum á kvikmyndinni The Numbers Station sem skartar John Cusack í aðalhlutverki. Myndin er tryllir í anda Bourne-kvikmyndanna.**

„Flestir tókustaðirnir eru á gömlum Nato-hervelli sem búið er að breyta í neðanjarðarbyrgi,“ segir Óttar Guðnason kvikmyndatökumaður.

Nýjasta verkefni hans er kvikmyndin The Numbers Station eftir danska leikstjórnann Kasper Barfoed. Myndin skartar John Cusack og Malin Akerman í aðal-

hlutverkum en Cusack hefur um árabil verið einn vinsælasti leikari Hollywood. Akerman hefur smám saman verið að skrifa upp á stjörnuhimininn, lék meðal annars á móti Ben Stiller í gamanmyndinni The Heartbreak Kid. Óttar er búinn að vera í tvo mánuði á Englandi og tókur hafa gengið mjög vel, eru rúmlega hálfnaðar. „Við erum á áætlun og það er stefnt að því að klára 22. desember. Ég kem því heim korteri fyrir jól, á pantað flug klukkan 13 frá Heathrow. Ætli maður endi ekki bara í jóla-kettinum í ár.“

Óttar segir verkefnið hafa komið í kjölfarið á kvikmynd Baltasars Kormáks, Inhale, sem Barfoed sá og hreifest af. „Þetta er sémilega stór mynd í sniðum, framleiðslukostnaðurinn er vel á annan milljarð,“ segir Óttar en það eru bræðurnir Sean og Bryan

Furst sem framleiða hana. „Þetta eru sömu aðilar og eiga endurgerðarréttinn að Mýrinni eftir Balta,“ útskýrir Óttar en einvalalið kvikmyndagerðarmanna kemur að gerð hennar. „Sá sem stjórnar áhættuatriðunum er Greg Powell og er almennt talinn vera sá besti í sínu fagi og tæknibrelluliðið kemur allt frá kvikmynd Ridley Scott, Prometheus,“ segir Óttar en eins og flestum ætti að vera kunnugt um fóru tókur á þeirri mynd fram hér á landi. „Þjóðarstoltið gerði nú svolítið vart um sig þar sem þeir voru algjörlega dolfallnir yfir landi og þjóð.“

Til stóð að John Cusack og Óttar ynnu saman að gerð kvikmyndarinnar Stopping Power árið 2007 sem Jan de Bont átti að leikstýra. Hins vegar mistókst að fjármagna kvikmyndina á síðustu stundu og því var öllu skellt í lás þrátt fyrir



**Á NATÓ-HERVELLI** Óttar Guðnason er að vinna við kvikmyndina The Numbers Station sem er að mestu leyti tekin upp á Nató-hervelli. Kvikmyndin skartar John Cusack og Malin Akerman í aðalhlutverkum.

að Óttar og Cusack væru búnir að taka upp opunaraatriðið. „Í dag þykir hreinlega kraftaverk að ná svona óháðum kvikmyndum saman þar sem gríðarlega erfitt er að koma höndum yfir fjármagn.

Það mátti litlu muna að þessi mynd félli saman fyrir rúmum mánuði en sem betur fer gekk fjármögnunin eftir og við fengum að halda okkar striki.“

freyrgigja@frettabladid.is

# Sendum gleði

Það er hugurinn sem skiptir máli.

**JÓLIN** Á hverju ári flytjum við jólagjafir á milli ættingja og vina frá öllum landshornum og dreifikerfi Póstsins iðar af lífi þegar gjafirnar fara að láta sjá sig á pósthúsum landsins. Pósturinn kemur þeim heim að dyrum viðtakanda, sem er einmitt einu skrefi frá jólatrénu.

Það skiptir engu málið hvað gjöfin er stór, Pósturinn kemur henni til skila. Það stoppar þig því ekkert ef þú vilt gefa afa þínum á Drangsnesi þvottavél og ömmu þinni flatskiá.



## Bæði fyrir iPhone og Android Sniðugt app Póstinum

guleika efna að pósthúset. Pósturinn hefur látið smíða fyrir sig fyrsta póst-appið á Íslandi. Í þessu aðrjúga símaforriti er hægt að setja lista yfir sendingum, finna hvar þú ert og póstkassa á korti og fá upplýsingar um afhendingu jólin. Appið er sniðugt og gagnlegu sem fæ og er frjálst til að nota fyrir fyrsta tíma. Á milli sendinga og póstafráfarir eru góðar og hæglegar. Appið er frjálst til að nota og er frjálst til að nota og er frjálst til að nota.

meina að notendur ra upplýsingar um pósthús og póstkassa út frá eigin staðsetningu á korti. Póst-appið er í stöðugri þróun og það má fastlega búast við því að á næstu mánuðum muni bæstast við fleiri gagnlegir notkunarmöguleikar. Af nógu er að taka í fjölbreyttri þjónustu Póstsins. Póst-appið er fánlegt bæði fyrir iPhone og Android síma.

www.postur.is

## SMS-frímerki

**SNIÐUGT** Fyrir þessa hefði getað ímyndað sendingu áttugu árum að það yrði hægt að kaupa frímerki með síma og penna? Pósturinn hefur innleitt enn eina tækninýjungina í póstsamskiptum landsmanna, sms-frímerki. Það er því hægt að nálgast frímerki allan sólarhringinn, allan ársins hring óháð opnunartíma Pósts-

ins og Póstsins. Þú getur sýnt þessum frímerki um land allt.

Sms-frímerki er númer sem sendandi skrifar skýrt og greinilega efst í hægra horn sendingar, þar sem frímerkin eru venjulega sett. Hægt er fá sent sms-frímerki sem gildir fyrir allt að fimmtíu sendingar. Kostnaðurinn gjaldfærir á símreikning sendanda.



Það þarf ekki mikið til að vekja góðar minningar um jólin. Einhver smáhlutur, mynd frá síðasta sumri, sokkpar eða falleg bók. Það er hugurinn sem skiptir máli.

Sendu hug þinn með Póstinum – heim að dyrum.





## Vill ekki borga skatta

Johnny Depp hefur lengi talað um ást sína á Evrópu og eyðir eins miklum tíma og hann getur á heimili sínu í Suður-Frakklandi. Hann passar sig þó alltaf að eyða aldrei fleiri en 183 dögum á ári í Frakklandi, því annars þarf hann að borga franska ríkinu tekju-skatt.

Leikarinn viðurkennir að þrátt fyrir stóryrtar yfirlýsingar um yfirburði Evrópu vilji hann ekki gefa frá sér bandarískan ríkisborgararétt með því að sækja um fullan búseturétt í landi baguettebrauða og alpahúfa, en frönsk yfirvöld hafa lengi reynt að sannfæra hann um að gera einmitt það enda myndi tekju-skattur leikarans heimsfræga verða þeim mikil búbot.



**EVROPUSINN**  
Depp segist aldrei geta slakað á jafn vel og á franska búgarðinum sínum.

## Fúl út í Craig

Kris Jenner, höfuð Kardashian-fjölskyldunnar, vill afsökunar-beðni frá breska leikaranum Daniel Craig vegna ummæla hans í tímaritinu GQ. Craig sagði ótrúlegt að raunveruleikastjörnur líkt og Kardashian-fjölskyldan skyldu stórgræða á því að haga sér eins og fífl í sjónvarpinu.

Heat Magazine hafði eftir Jenner að hún vildi afsökunar-beðni frá Craig. „Það rétta í stöðunni væri opinber afsökun frá honum. Auðveldla leiðin væri að gagnrýna feril hans líka opinberlega, en fjölskylda mín mun ekki sökkva svo lágt,“ sagði Jenner.

# Fögnuðu ljósmyndabók Jónatans

Ljósmyndarinn Jónatan Grétarsson blés til útgáfuhófs á vinnustað sínum í Hamraborg á föstudaginn. Jónatan var að senda frá sér ljósmyndabók sem ber hið þægilega nafn Icelandic Queens/Artists/Angels/Stages/Scapes/BDSM and the Kid. Góð stemning var í hófinu og virtust gestir ánægðir með bók Jónatans.



Sólveig Jónsdóttir og Hrunn Þórsdóttir, ritstjóri Mannlífs, voru meðal gesta.

Jónatan Grétarsson og Ardis Ólöf Víkingsdóttir ljósmyndari útgáfuhófi ljósmyndabók Jónatan Grétarsson og Ardis Ólöf Víkingsdóttir útgáfuhófi



Björgvin Ólafsson, Hilda Guttormsdóttir og Arnþór Ásgrímsson voru hrikaleg í útgáfuhófinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Bára Kristinsdóttir, prófessorinn Goddur og Arndís B. Sigurgeirsdóttir bóksali í lðu.



Egill Erlingsson og Ragnheiður K. Guðmundsdóttir.



Haukur Eyþórsson og María Ólafsdóttir.



Smári Víðisson og Ingólfur Þorsteinsson.

**Lambakjöt**  
NÁTTÚRULEGA GOTT UM JÓLIN

## Gljáð hátíðarlamb

MEÐ PISTASÍUHNETUM, HUNANGI, ANANAS OG RAUDUM PERLUM

### FYRIR 10-12 MANN

2 lambalæri  
4 dl hunang, 4 dl vatn  
200g pistasíuhnetur  
krydd á hnífsoði: Malaðar kardíommur, kanill, pipar, malað og ristað kúmen, karrí,  
10 msk hakkaður eða saxaður ananas, 1 msk sjávarsalt,  
1 msk heill rósapipar (rauðar perlum)

### Eplatur á blöðrukáli

12 epli, hangikjöt 2-3 sneiðar í hvert epli, 400 g rjómaostur, 2 msk rífin piparrót, 2 msk hunang, 3-4 greinar fersk mynta, smjör, sykur og blöðrukáli

### Trönuberjasósa

1 l trönuberjasafi, kanilstöng, 1 l kjötsöð, 2 dl rauðvín, 100 g trönuber

Skerið gróft munstur í lærið í líkingu við taflborð. Nuddið með salti og pipar. Bakið við 180 °C í 20 mín. Takið lærið út og látið standa í 15-20 mín. Saxið pistasíuhnetur (ekki of smátt). Sjóðið vatn og hunang í potti ásamt kryddi. Setjið pistasíur og sjávarsalt úti í lokin. Dreifið helmingsnum ofan á lærið og bakið lærið áfram í 30 mín. eða þar til kjarnhiti er orðinn 58-61°. Leyfið lærinu að hvíla í minnst 10 mín. Smyrjið svo með afganginum af vökvanum og berið fram.

**Eplatur á blöðrukáli** (1 turn á mann)  
Skerið toppinn af epli, kjarnhreinsið og skerið restina í þrjár til fjórar sneiðar og steikið í smjóri og smá sykri. Blandið saman rjómaosti, piparrót, hunangi og saxaðri myntu og smyrjið á 3 eplasneiðar. Leggið hangikjöt á milli og raðið upp, efst kemur eplalokið með stöngli. Einnig má setja salat með.

Skerið blöðrukálið hringlaga og sjóðið í saltvatni í 3 mín. Snöggkælið og hitið svo upp með góðri olíu.

**Trönuberjasósa**  
Sjóðið niður safa og vín með kanilstöng þar til 1/3 er eftir af vökvanum, bætið kjötsöði við og sjóðið áfram þar til góðu bragði er náð. Bætið trönuberjunum í sósunu rétt áður en borið er fram. Sjóðið ekki.

LAMBAKJOT.IS



# Tók upp plötu heima í stofu

Low Roar er listamanns-nafn bandaríska tónlistarmannsins Ryans Karazija. Ryan flutti til Íslands fyrir ári og tók upp plötu heima í stofu hjá sér í vaktafrí-um frá erfiðisvinnu. Platan hefur fengið frábærar viðtökur.



KALDARA LOFTSLAG Ryan Karazija og Júlíus Björgvinsson eru nýkomnir heim frá Kaliforníu þar sem þeir spiluðu lög af nýju plötunni á nokkrum tónleikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég er ótrúlega ánægður með viðtökurnar,“ segir bandaríski tónlistarmaðurinn Ryan Karazija sem nýverið gaf út sína fyrstu plötu undir listamannsnavninu Low Roar. Ryan er búsettur á Íslandi, en hann flutti til Reykjavíkur í september á síðasta ári þegar hann giftist íslenskri kærustu sinni. Plötunni hefur verið vel tekið, bæði hér heima og erlendis. Fyrir stuttu var lag af plötunni notað í sjónvarpsþáttunum vinsælu 90210 og í vikunni stökk platan í fyrsta sætið á tónlistarsíðunni Gogoyoko.

Ryan samdi lögin eftir flutningana til Íslands, og segir þau fjalla um allt það sem viðkemur því að hefja nýtt líf á nýjum stað. Tónlistarmaðurinn bjó áður í Kaliforníu þar sem hann átti mikilli velgengi að fagna með hljómsveit sinni. Stökkið var því stórt og hann syngur á hreinskilinn hátt um erfiðleika við að passa inn í samfélagið, finna vinnu og sjá fyrir fjölskyldu um kaldan íslenskan vetur. „Á sama tíma og það var erfiðt að byrja upp á nýtt herna var það líka frískandi. Mig langaði að taka upp plötu hérna

en hafði áhyggjur af því að hafa engin sambönd og þekkingu engan hér. Það varð til þess að ég tók plötuna upp sjálfur heima í stofu hjá mér, sem eftir á að hyggja var mikil blessun. Ég gat samið lögin og haldið hráu tilfinningunni, sem ég hefði ekki getað ef ég hefði farið í eitthvert fínt hljóðver.“ Á liðnu ári hefur Ryan komið sér vel fyrir á Íslandi og segist elska að búa í Reykjavík, stærðin og andrúmsloftið sé frábært. Hann hefur kynnst íslensku tónlistarsenunni betur og fann sér

vinnu, sem veldur því reyndar að hann hefur minni tíma til þess að semja tónlist því hann vinnur vaktavinnu, bæði á næturnar og daginn. „Það er samt ekki endilega slæmt. Ég held að ég hafi haft of mikinn tíma áður. Núna kann ég betur að meta frítímann og nýti hann svo miklu betur,“ segir Ryan sem hefur ekki í hyggju að flytja frá Íslandi í brád. „Ekki á meðan þið viljið enn hafa mig.“

Útgáfutónleikar Low Roar verða haldnir á Kex Hostel 28. desember næstkomandi. [bergthora@frettabladid.is](http://bergthora@frettabladid.is)

**KLIKKADASTA GRÍNMYNDÁRSINS**

100/100  
Merrily outrageous, over-the-top fun.  
Entertainment Weekly

FRÁBÆR TEIKNIMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

**PUSS IN BOOTS 3D**

★★★★  
nýtt mynd mynd

**ORGY**

**TRESPASS**

**HAPPY FEET TWO**

**TWILIGHT: BREAKING DAWN**

SAMBIO.is ÁLFABAKKA			
HAROLD AND KUMAR Ótextuð	kl. 5:50 - 8 - 10:10	3D	16
STÍGVELADI KÖTTURINN	kl. 5:50	3D	16
STÍGVELADI KÖTTURINN	kl. 5:50	2D	16
PUSS IN BOOTS	kl. 10:10	3D	16
A GOOD OLD FASHIONED ORGY	kl. 8	2D	16
HAPPY FEET 2	kl. 5:40	2D	16
TWILIGHT: BREAKING DAWN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	2D	16
TWILIGHT: BREAKING DAWN VIP	kl. 9:20	2D	16
THE HELP	kl. 8	2D	16
TOWER HEIST	kl. 8 - 10:20	2D	16
THE INBETWEENS	kl. 10:45	2D	16

SAMBIO.is EGILSHÖLL			
STÍGVELADI KÖTTURINN	kl. 5:40	3D og 2D	16
VERY HAROLD & KUMAR XMAS	kl. 5:40 - 8 - 10:10	3D	16
HAPPY FEET TWO	kl. 5:40	3D	16
TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1	kl. 8 - 10:30	2D	16
SEEKING JUSTICE	kl. 8 - 10:20	2D	16
A GOOD OLD FASHIONED ORGY	kl. 8	2D	16
THE IDEAS OF MARCH	kl. 10:20	2D	16

SAMBIO.is KRINGLUNNI			
HAROLD AND KUMAR Ótextuð	kl. 5:50 - 8 - 10:10	3D	16
STÍGVELADI KÖTTURINN	kl. 5:50	3D	16
PUSS IN BOOTS	kl. 8	3D	16
TRESPASS	kl. 8 - 10:10	2D	16
HAPPY FEET 2	kl. 5:40	3D	16
TWILIGHT: BREAKING DAWN	kl. 10:10	2D	16

SAMBIO.is KEFLAVÍK			
A VERY HAROLD AND KUMAR CHRISTMAS	kl. 8 - 10:10	3D	16
HELP	kl. 7:30	2D	16
A GOOD OLD FASHIONED ORGY	kl. 10:20	2D	16

KAUPTU Á NETINU OG FÁDU SENT Í TÖLVUPÓSTI

**FLOTT Í SKÓINN VOUCHER Í BÍÓ**

# Matt Damon fær að vera í friði

Matt Damon viðurkennir að hann fái að mestu frið fyrir ágangi ljósmyndara ólíkt Brad Pitt og Ben Affleck. Þetta kemur fram í viðtali sem tímaritið Parade tók við Damon.

Leikarinn segir götublöðin öll á höttunum eftir hneyksli og því fái hann að lifa lífi sínu í ró og næði. „Þau hafa ekki áhuga á mér. Ég er enn giftur sömu konunni, er enn í sömu vinnunni og er ennþá hamingjusamur.“

Damon segir vini sína, leikarana Brad Pitt og Ben Affleck, þó ekki jafn lánsama og hann sjálfan. „Brad skilur ekki að ég skuli geta eytt degi á leikvellinum með dætrum mínum án þess að vera myndaður. Ég man líka eftir atviki sem átti sér stað þegar Ben var í sambandi með Jennifer Lopez og var hundeltur af ljósmyndurum. Hann keyrði, með tuttugu bíla á eftir sér, í átt að San Francisco og eftir sex klukkustundir snéri hann við og keyrði til baka. Hann sagði við mig; Ég var svo reiður út í þá fyrir að hnýsast í einkalíf mitt að ég eyddi eina frídeginum mínum í að hefna mín á þeim,“ sagði Damon sem er faðir fjögurra stúlkna á aldrinum eins árs til þrettán ára.



RÓLEGT LÍF Matt Damon segist að mestu fá frið frá ágangi ljósmyndara, ólíkt mörgum vinum sínum.

NORDICPHOTOS/GETTY

**SMÁRRA BÍÓ**

**HÁSKÓLABÍÓ**

**STÍGVELADI KÖTTURINN**

**ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM**

**JACK OG JILL**

**IMMORTALS**

SMÁRABÍÓ			
STÍGVELADI KÖTTURINN 3D	KL. 3.40 - 5.50	L	5%
STÍGVELADI KÖTTURINN 3D LÚXUS	KL. 3.40 - 5.50	L	
STÍGVELADI KÖTTURINN 2D	KL. 3.30	L	
PUSS IN BOOTS 3D ÁN TEXTA KL. 8		L	
PUSS IN BOOTS 3D ÁN TEXTA LÚXUS KL. 8		L	
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D	KL. 3.40 - 5.50	L	
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 2D	KL. 3.40	L	
BLITZ	KL. 10.10	16	
BLITZ LÚXUS	KL. 10.10	16	
IMMORTALS 3D	KL. 8 - 10.30	16	
JACK AND JILL	KL. 8 - 10.10	L	
ÆVINTYRI TINNA 3D	KL. 5.40 - 8 - 10.20	7	
PÖR 3D	KL. 5.50	L	

HÁSKÓLABÍÓ			
ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D	KL. 5.50	L	
ARTHUR CHRISTMAS 3D ÁN TEXTA	KL. 5.50	L	
TROPA DE ELITE	KL. 8 - 10.30	16	
IMMORTALS 3D	KL. 8 - 10.30	16	
JACK AND JILL	KL. 5.50 - 8 - 10.10	L	
IN TIME	KL. 8 - 10.30	12	
ELDEFJALL	KL. 5.45	L	

BORGARBÍÓ			
THE RUM DIARY	KL. 8 - 10.10	12	
BLITZ	KL. 6	16	
MONEYBALL	KL. 8 - 10.20	L	
JACK AND JILL	KL. 6	L	

**LAUGARÁS BÍÓ**

www.laugarasbio.is  
-bara lúxus sími 553 2075

**JOHNNY DEPP**  
**THE RUM DIARY**

**ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM**

**IMMORTALS**

**BLITZ**

LAUGARÁSBÍÓ		Sýningartímar
THE RUM DIARY	KL. 8, 10, 30	
STÍGVELADI KÖTTURINN 3D	6	
PUSS IN BOOTS 3D ENS TAL, 6, 8 - ÓTEXTUÐ	6	
BLITZ	8, 10	
IMMORTALS 3D	10, 15	

– Lífið heil

www.lyfja.is

**Original Arctic Root**

– vinnur gegn streitu og álagi  
– eflir einbeitingu, úthald og þrek

**Fyrir þig í Lyfju**

**BÍÓ PARADÍS**

MED STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS  
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / [www.bioparadis.is](http://www.bioparadis.is) / [midi.is](http://midi.is)

**MÁNUDAGUR: HKL 18:00, 20:00, 22:00 ■ Á ANNAN VEG**  
**18:00 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 20:00, 22:00 ■**  
**HJEM TIL JUL 18:00, 20:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 22:00 ■**  
**SUPERCLASICO 18:00, 20:00 ■ PARTIR 22:00**

SL. TEXTI / ENGLISH SUBTTILES.

**ANTI-AMERICAN**  
WINS NOBEL PRIZE

**KEVIN**

**Heim um jólin**  
NÝJÓLA-KLASSÍK!

**WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN**



## Ástfangin af Brad

Angelina Jolie er á stöðugu ferðalagi þessa dagana við að kynna kvikmyndina *In the Land of Blood and Honey* sem er jafnframt frumraun hennar sem leikstjóri. Hún hefur veitt þónokkur viðtöl í tengslum við útgáfu myndarinnar og í því nýjasta segir hún Brad Pitt vera stóru ástina sína.

Jolie og Pitt kynntust árið 2005 við tókur á kvikmyndinni *Mr. and Mrs. Smith* og hófu samband stuttu síðar. Þau eiga nú saman sex börn, þar af eru þrjú ættleidd. „Við höfum skapað okkur fjölskyldu og Brad er ekki aðeins stóra ástin í lífi mínu, hann er fjölskylda mín. Það sem ég hef lært af Brad er að taka hamingju fjölskyldunnar fram yfir mína eigin og ég er einstaklega þakklát fyrir að eiga svo ástríka fjölskyldu. Eg ætti hana ekki án hans,“ sagði leikkonan um fjölskyldu sína.

ÁSTFANGIN Angelina Jolie er ástfangin af Brad Pitt og þakklát fyrir fjölskyldulíf þeirra. NORDICPHOTOS/GETTY



## Óttast örlög Díönu

Lady Gaga er án vafa ein allra vinsælasta poppstjarna heims um þessar mundir, og nú er svo komið að hún er farin að óttast að frægð hennar verði til þess að hún hljóti sömu örlög og Dána prinsessa heitin.

Haft var eftir heimildarmanni að söngkonan vissi að hún væri nánast jafn þekkt og Dána var, og væri elt jafn brjálæðislega mikið af ljósmyndurum og aðdáendum. Gaga hefur dreymt að hún muni lenda í sams konar slysi og Dána, en prinsessan lést eins og flestir vita í bílslysi þegar bílstjóri hennar reyndi að komast undan ágangum ljósmyndurum. Lady Gaga óttast mikið að frægðin muni verða henni að aldurtila á einn hátt, enda sér hún sig sem Díönu 21. aldarinnar. „Dána prinsessa er hinn eini sanni píslarvottur frægðarinnar. Hún dó vegna hennar,“ var haft eftir söngkonunni.

Lady Gaga er þessa dagana að semja lag um Díönu, en eitt fræg-



HEIMSFRAEG Ofurstjörnur verða sífellt fyrir ágangi ljósmyndara, líkt og Lady Gaga söng um í *Paparazzi*.

asta lag hennar, *Paparazzi*, var einnig samið með sögu hinnar ástælu prinsessu í huga.

ISNIC

# ÞÚ.IS

## Lénið þitt á lægra verði

Skráðu þitt eigið **.is-lén** hjá **isnic.is** á

# 6.982 kr./ári

1000 kr. lækkun

Nú þarf enginn að vera lengur án léns. ISNIC þjónar núorðið meira en 35 þúsund lénum og í tilefni af þeim stóra áfanga þá lækkum við árgjaldið um 1.000 kr.

Undanfarin ár hefur lénum ISNIC fjölgað verulega enda hefur árgjaldið ekki hækkað í 11 ár. Árið 2008 felldum við niður 4.532 kr. stofngjald og nú lækkum við gjaldið til frambúðar.

Internet á Íslandi hf. | s: 578 2030 | [www.isnic.is](http://www.isnic.is)

Lambakjöt  
NÁTTÚRULEGA GOTT UM JÓLIN

## Stökkur lambahryggur Í KARAMELLUHJÚPI

### FYRIR 8-10 MANNS

2 lambahryggir, um 2,5 kg-hvor

### Karamelluhjúpur

100 g hrásýkur, 2 dl rauðvín,  
1 dl soja, 1 dl balsamikedik,  
2 msk Dijon sinnep

### Raspur

100 g grófur brauðraspur  
fersk- salvía, steinselja og rósmarín  
sjávarsalt og heill rósapípar

### Kartöflublíni

4 stórar bökunarkartöflur  
5 eggjahvítur, 2 egg  
330 ml pilsner, 3 msk hveiti  
1 tsk lyftiduft  
1 sítróna (mega vera fleiri)  
sjávarsalt

### Grænertumauk

500 g grænertur (mega vera  
frostnar), 500 ml rjómi, 3 greinar  
mynta (má sleppa), 2 msk ólífuolía

### Suðrænt salat

2 agúrkur, 2 grasker, 3-rauð greip,  
3 appelsínur, 1 chilli, smá engifer  
2 dl góð olía, ferskt dill,  
balsamikedik (um 3 msk niðursoðið)

Takið lundina undan hryggnum. Sneiðið hrygginn í kótilettur og lundina í bita, um einn á mann og 3-4 kótilettur. Saltið og piprið. Steikið kótiletturarnar í ofni við 180°C í 2 mín. takið út og hvílið í 10 mín. Endurtakið. Steikið kótelettur í 5x2 mín. alls (10 mín. hvíld á milli) og lund 4x2 mín. alls. Penslið kjötið með karamelluhjúpi að lokinni steikingu og veltið upp úr raspinu rétt áður en borið er fram.

### Karamelluhjúpur

Brúnið sykur, setjið allan vökva úti og sjóðið. Sinnepi bætt við.

### Raspur

Salvía, steinselja og rósmarín saxað smátt og blandað saman við brauðrasp. Nuddið vel saman. Sjávarsalt og rósapípar sett úti.

### Kartöflublíni

Sjóðið kartöflur og stappið þær eða maukið. Sláið saman eggjum og eggjahvítum og hrærið saman við kartöflurnar ásamt pilsner. Rífið sítrónubörk úti deigið og smá sítrónusafa. Lyftidufti með hveitinu er að síðustu bætt við þar til deigið er hæfilega þykkt. Saltið að vild. Bakið u.þ.b. 10 sm, ½ sm þykkar kökur, 2-3 á mann.

### Grænertumauk

Sjóðið upp á rjóma með myntunni. Leyfið því að standa dálítið, svo að rjóminn taki bragð. Takið myntuna úr og bætið ertum úti. Hitið allt vel og maukið síðan vel í matvinnsluvél ásamt ólífuolíunni.

### Suðrænt salat

Skerið grasker niður í teninga og bakið í ofni við 180°C í 20 mín. Skrælið gúrku og skerið niður. Blandið söxuðum chilli og rífnum engifer saman við. Saltið og piprið. Sneiðið lauf af appelsínu og greip, blandið saman við olíuna, söxuðu dilli og niðursoðnu balsamikedik.

Bindið 3-4 kótilettur saman í toppinn með graslauk, skreytt með rósmarín og tímian. Berið fram ásamt lundinni, kartöflublíni, suðrænu salati og grænertumauki.



LAMBAKJOT.IS





**MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR OG HEIÐAR HELGUSON** voru um helgina útnefnd knattspyrnukona og -maður ársins af Knattspyrnusambandi Íslands. Heiðar leikur með QPR í ensku úrvalsdeildinni en Margrét Lára gekk á haustmánuðum til liðs við þýska stórliðið Turbine Potsdam.

## ÚRSLIT

### N1-deild karla

**Fram - Valur 28-27 (15-14)**

**Mörk Fram (skot):** Einar Rafn Eidsson 7/1 (10/1), Ingimundur Ingimundarson 6/3 (8/3), Róbert Aron Hostert 5 (11), Ægir Hrafn Jónsson 4 (7), Arnar Birkir Hálfðásson 3 (8), Jóhann Karl Reynisson 2 (3), Sigfús Páll Sigfússon 1 (1), Stefán Baldvín Stefánsson (1), Sigurður Eggertsson (2).

**Varin skot:** Sebastian Alexandersson 8 (26/1, 31%), Magnús Erlendsson 4 (13, 31%).

**Hraðauppflaup:** 6 (Einar Rafn 3, Ægir Hrafn 1, Arnar Birkir 1, Jóhann Karl 1).

**Fiskuð viti:** 4 (Ingimundur 1, Róbert Aron 2, Jóhann Karl 1).

**Utan vallar:** 8 mínútur.

**Mörk Vals (skot):** Anton Rúnarsson 7 (13), Valdimar Fannar Þórsen 5 (6), Magnús Einarsson 4 (5), Sigfús Sigurðsson 3 (3), Sveinn Aron Sveinsson 3 (3), Sturla Ásgeirsson 3/1 (5/1), Finnur Ingi Stefánsson 2 (4), Agnar Smári Jónsson (1).

**Varin skot:** Hlynur Morthens 18 (45/3, 40%), Sigurður Ólafsson (1/1).

**Hraðauppflaup:** 3 (Anton, Valdimar, Magnús).

**Fiskuð viti:** 1 (Magnús).

**Utan vallar:** 8 mínútur.

**Dómarar:** Gísli Hlynur Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson

### Powerade-bikarkeppni karla

#### 32-LIÐA ÚRSLIT

**Grindavík - Haukar 95-59 (52-32)**

**Stig Grindavíkur:** Giordan Watson 24, J'Nathan Bullock 20, Ólafur Ólafsson 13, Ómar Örn Sævarsson 11, Þorleifur Ólafsson 8, Sigurður Þorsteinsson 8, Björn Steinar Brynjólfsson 3, Jón Axel Guðmundsson 3, Jóhann Arni Ólafsson 2, Einar Eyjólfsson 2, Þorsteinn Finnbogason 1.

**Stig Hauka:** Hayward Fain 18, Christopher Smith 17, Emil Barja 9, Sævar Ingi Haraldsson 5, Örn Sigurðarson 4, Alex Óli Ívarsson 2, Davíð Páll Hermansson 2, Helgi Björn Einarsson 2.

**ÍR - Keflavík 85-102 (46-41)**

**Stig ÍR:** Robert Jarvis 20, James Bartolotta 19, Nemanja Sović 14, Kristinn Jónsson 13, Eiríkur Önnundarson 7, Ellert Arnarson 7, Hjalti Friðriks-son 4, Niels Dungal 1.

**Stig Keflavíkur:** Charles Parker 27, Jarrod Cole 23, Steven Dagustino 16, Valur Orri Valsson 15, Almar Guðbrandsson 8, Ragnar Albertsson 5, Halldór Örn Halldórsson 3, Gunnar H. Stefánsson 3, Andri Þór Skúlason 2.

Víkingur Ó. - Þór Þorl. 52-120

Árman - Skallagrímur 60-103

KR B - Höttur 80-81

Patrekur - Njarðvík B 69-87

ÍBV - Þór Ak. 47-153

ÍA - Fjölnir 68-86

Álftanes - Tindastöll 51-90

Mostrí - KR 54-106

Haukar B - Breiðablik 62-78

Stjarnan B - Stjarnan 61-91

KFÍ - FSU 86-52

Reynir S. - Hamar 66-87

#### Í KVÖLD

Vodafone-höllin: Valur - Snæfell kl. 19:30

# Fram vann borgarslaginn

Reykjavíkurlíðin tvö í N1-deild karla mættust í Safamýrinni í gær. Fram hafði eins marks sigur, 28-27, og kom sér þar með upp í annað sæti deildarinnar.

**HANDBOLTI** Framarar unnu gríðarlega mikilvægan sigur, 28-27, gegn Val í Safamýrinni í gær, en leikurinn var nokkuð jafn allan tímann. Framarar eru því komnir með 14 stig í N1-deildinni og í annað sæti. Einar Rafn Eidsson skoraði sjö mörk fyrir Fram í leiknum sem og Anton Rúnarsson í Val.

Jafnræði var með liðunum til að byrja með og mikil harka var í leiknum, en staðan var 15-14 fyrir Fram í hálfleik. Framarar höfðu ákveðið frumkvæði í síðari hálfleiknum og leiddu stóran hluta hálfleiksins.

Valsmenn gáfust aldrei upp og voru alltaf rétt við hælana á þeim. Þegar tvær mínútur voru eftir af leiknum var staðan 27-25 en þá skoruðu Framarar mikilvægt mark sem eiginlega gerði út um leikinn.

Valsmenn héldu samt áfram og náðu að minnka muninn í eitt mark, en lengra komust þeir ekki og því stóðu Framarar uppi sem sigurvegjar.

#### Mikilvæg tvö stig

„Þetta var geysilega mikilvægur sigur og frábært fyrir okkur að taka tvö stig,“ sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram, eftir sigurinn í gær.

„Mér fannst við finir sóknarlega stóran hluta af leiknum en varnarleikurinn hjá okkur var alls ekki nægilega góður. Ég er bara virkilega ósáttur við varnarleikinn hjá okkur. Við erum ekki nægilega góðir maður á mann í vörninni, menn voru að rjúka út úr stöðum og ekki nægilega gott skipulag hjá okkur. Við vorum verulega aga-lausir varnarlega í dag á meðan mikill agi einkenndi sóknarleik okkar, en það er kannski öfugt við



**INNLIFFUN** Ingimundur Ingimundarson og Valsarinn Anton Rúnarsson í leiknum í gær.

leik okkar að undanfögnu,“ segir Einar.

„Við vorum að elta þá nánast allan síðari hálfleikinn og það var okkur erfitt,“ sagði Óskar Bjarni Óskars-son, þjálfari Vals, eftir tapið í gær.

#### Þeir voru klókari

„Þeir voru skrefinu á undan en ég hefði viljað fá boltann þegar fjór- ar sekúndur voru eftir af leiknum þegar þeir fengu heldur ódýrt fríkast,“ sagði Óskar Bjarni.

„Þeir voru bara klókari í leiknum og við þurftum að hafa meira fyrir hlutunum. Við erum með 16 tæknifeila í þessum leik sem er auðvitað allt of mikið. Mér fannst aftur á móti halla nokkuð á okkur í dómgæslunni og boltinn oft dæmdur ranglega af okkur. Það er mikil stígandi í spilamennsku okkar og menn að koma til baka úr meiðslum. Við ætlum okkur í þessa úrslitakeppni og erum með liðið til þess.“ - sáþ



**KEFLAVÍK HAFDI BETUR Í SELJASKÓLA ÍR** og Keflavík mættust í úrvalsdeildarslag í 32-liða úrslitum Powerade-bikarkeppinnar í gærkvöldi. Keflavík hafði betur, 102-85, en hér er Valur Orri Valsson í baráttu við Eirík Önnundarson, leikmann ÍR, í gær. Úrslit helgarinnar má sjá hér til hliðar á síðunni.

## Þýski handboltinn: Kiel enn án taps

**HANDBOLTI** Kiel er enn með fullt hús stiga eftir sextán umferðir í þýsku úrvalsdeildinni en liðið hafði í gær betur gegn Hamburg, núverandi meisturum. Lokatölur voru 30-25 en Kiel skoraði fimm síðustu mörk leiksins.

Füchse Berlin er í öðru sæti deildarinnar en liðið vann í gær Grosswallstadt, 29-26. Þjálfarar efstu tveggja liðanna eru því báðir íslenskir en Alfreð Gíslason er þjálfari Kiel og Dagur Sigurðsson stýrir Füchse Berlin.

Alexander Petersson fór á kostum með Berlínarliðinu í gær og skoraði átta mörk í leiknum. Aron Pálmarsson skoraði tvö mörk fyrir Kiel en hann hefur spilað mjög vel með liðinu í undanfögnu leikjum.

## ÚRSLIT

### Enska úrvalsdeildin

<b>Arsenal - Everton</b>	<b>1-0</b>
1-0 Robin van Persie (69.).	
<b>Bolton - Aston Villa</b>	<b>1-2</b>
0-1 Marc Albrighton (32.), 0-2 Stilian Petrov (38.), 1-2 Ivan Klasnic (54.).	
<b>Liverpool - Queens Park Rangers</b>	<b>1-0</b>
1-0 Luis Suarez (46.).	
<b>Manchester United - Wolves</b>	<b>4-1</b>
1-0 Nani (16.), 2-0 Wayne Rooney (26.), 2-1 Steven Fletcher (46.), 3-1 Nani (55.), 4-1 Wayne Rooney (61.).	
<b>Norwich - Newcastle</b>	<b>4-2</b>
1-0 Wesley Hoolahan (38.), 1-1 Demba Ba (45.), 2-1 Grant Holt (58.), 3-1 Steve Morison (62.), 3-2 Demba Ba (70.), 4-2 Grant Holt (81.).	
<b>Swansea - Fulham</b>	<b>2-0</b>
1-0 Scott Sinclair (55.), 2-0 Danny Graham (90.).	
<b>West Brom - Wigan</b>	<b>1-2</b>
1-0 Steven Reid (32.), 1-1 Victor Moses (36.), 1-2 Jordi Gomez, viti (56.).	
<b>Sunderland - Blackburn</b>	<b>2-1</b>
0-1 Simon Vukcevic (17.), 1-1 David Vaughan (84.), 2-1 Sebastian Larsson (92.).	
<b>Stoke City - Tottenham</b>	<b>2-1</b>
1-0 Matthew Etherington (13.), 2-0 Ethrington (43.), 2-1 Emmanuel Adebayor, viti (62.).	

#### STAÐAN

<b>Man. City</b>	<b>14</b>	<b>12</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>48-13</b>	<b>38</b>
Man. United	15	11	3	1	35-14	36
<b>Tottenham</b>	<b>14</b>	<b>10</b>	<b>1</b>	<b>3</b>	<b>30-18</b>	<b>31</b>
Arsenal	15	9	2	4	31-23	29
<b>Chelsea</b>	<b>14</b>	<b>9</b>	<b>1</b>	<b>4</b>	<b>31-17</b>	<b>28</b>
Liverpool	15	7	5	3	18-13	26
<b>Newcastle</b>	<b>15</b>	<b>7</b>	<b>5</b>	<b>3</b>	<b>21-19</b>	<b>26</b>
Stoke City	15	6	3	6	16-24	21
<b>Aston Villa</b>	<b>15</b>	<b>4</b>	<b>7</b>	<b>4</b>	<b>18-19</b>	<b>19</b>
Norwich City	15	5	4	6	24-28	19
<b>Swansea</b>	<b>15</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>6</b>	<b>16-20</b>	<b>17</b>
Everton	14	5	1	8	15-18	16
<b>QPR</b>	<b>15</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>7</b>	<b>15-26</b>	<b>16</b>
Fulham	15	3	6	6	16-18	15
<b>West Brom</b>	<b>15</b>	<b>4</b>	<b>3</b>	<b>8</b>	<b>14-23</b>	<b>15</b>
Sunderland	15	3	5	7	18-18	14
<b>Wolves</b>	<b>15</b>	<b>4</b>	<b>2</b>	<b>9</b>	<b>16-28</b>	<b>14</b>
Wigan	15	3	3	9	14-29	12
<b>Blackburn</b>	<b>15</b>	<b>2</b>	<b>4</b>	<b>9</b>	<b>22-34</b>	<b>10</b>
Bolton	15	3	0	12	20-36	9

### Spænska úrvalsdeildin

<b>Real Madrid - Barcelona</b>	<b>1-3</b>
1-0 Karim Benzema (1.), 1-1 Alexis Sanchez (30.), 1-2 Marcelo, sjálfsm. (53.), 1-3 Cesc Fabregas (66.).	

### Þýskaland - fótbolti

<b>Nürnberg - Hoffenheim</b>	<b>0-2</b>
Gylfi Þór Sigurðsson lék ekki með Hoffenheim þar sem hann meiddist um síðustu helgi.	

### Þýskaland - handbolti

<b>Kiel - Hamburg</b>	<b>30-25</b>
Aron Pálmarsson skoraði tvö mörk fyrir Kiel. Alfreð Gíslason er þjálfari liðsins.	
<b>Wetzlar - Lüneburger</b>	<b>24-28</b>
Kári Kristján Kristjánsson skoraði tvö mörk fyrir Wetzlar í leiknum.	
<b>Grosswallstadt - Füchse Berlin</b>	<b>26-29</b>
Alexander Petersson skoraði átta mörk fyrir Füchse og Sverre Jakobsson lék í vörn Grossw.	
<b>Bergischer - Flensburg</b>	<b>25-36</b>
Rúnar Káráson skoraði fjögur mörk fyrir í Berg.	

#### STAÐA EFSTU LIÐA

<b>Kiel</b>	<b>16</b>	<b>16</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>+137</b>	<b>32</b>
Füchse Berlin	15	12	1	2	+45	25
<b>Hamburg</b>	<b>15</b>	<b>11</b>	<b>0</b>	<b>4</b>	<b>+62</b>	<b>22</b>
Flensburg	15	11	0	4	+42	22
<b>RN Löwen</b>	<b>15</b>	<b>10</b>	<b>1</b>	<b>4</b>	<b>+43</b>	<b>21</b>
Lemgo	15	9	0	6	+3	18
<b>Lüneburger</b>	<b>16</b>	<b>9</b>	<b>0</b>	<b>7</b>	<b>+6</b>	<b>18</b>
Magdeburg	14	8	0	6	+24	16

United, Liverpool og Arsenal unnu öll en Tottenham mátti sætta sig við óvænt tap gegn Stoke:

# Rooney og Nani komu United á réttan kjöl

**FÓTBOLTI** Það var nóg um að vera í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu um helgina þegar 15. umferðin fór fram. Englandsmeistararnir í Manchester United vögnuðu loksins til lífsins þegar þeir unnu auðveldan sigur á Wolves 4-1 á Old Trafford. Wayne Rooney gerði tvö mörk fyrir United sem og Nani en þeir tveir hafa verið langt frá sínu besta undanfarnar vikur. Antonio Valencia var einnig frábær í liði Manchester United og spurning hvort þeir séu komnir aftur á beinu brautina.

„Stundum skora sóknarmenn í kippum og vonandi er Wayne að komast á gott skrið í markaskoruninni sem mun endast fram yfir áramót,“ sagði Alex Ferguson, knattspyrnu- stjóri Manchester United, eftir sigurinn.

Stoke stöðvaði siguröngu Tottenham með frábærum 2-1 sigri á Britannia-vellinum í gær. „Dómarinn átti skelfilegan dag og kostaði

okkur þetta tap,“ sagði Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Tottenham, eftir tapið í gær.

Robin van Persie hélt áfram að skora fyrir Arsenal sem sigraði Everton með einu marki gegn engu á Emirates-vellinum í London. Liverpool bar sigur úr bítum gegn QPR en Luis Suárez skoraði loksins fyrir Liverpool. Heiðar Helguson kom ekki við sögu í liði QPR vegna smávægilegra meiðsla.

Hrakfarir Blackburn Rovers halda áfram en félagið tapaði fyrir Sunderland 2-1 þar sem

sigurmarkið var skorað þegar komið var fram í uppþotartíma. Svíinn Sebastian Larsson skoraði beint úr aukaspyrnu og tryggði Sunderland mikilvæg þrjú stig. Grétar Rafn er sem fyrr ekki í náðinni hjá Owen Coyle, knattspyrnustjóra Bolton, sem tapaði enn einu sinni gegn Aston Villa 2-1 á Reebok-vellinum. Nýliðarnir í Swansea halda áfram að krækja í mikilvæg sig en þeir sigruðu Fulham 2-0 á heimavelli. Chelsea tekur síðan á móti Manchester City í kvöld í stórleik umferðarinnar.

**ROONEY SKORAÐI TVÖ**  
Wayne Rooney skoraði loksins eftir langa hvíld.



**VEIÐI JÓLA GJÖF**



**VEIÐIBÆKUR, DVD OG GJAFAKORT**



Langholtsveg 111 Reykjavík  
www.veidiflugur.is | S: 527 1060



Arion banki er stoltur bakhjarl HSÍ

# Við styðjum stelpurnar okkar

Til hamingju með frábæran árangur





## ÚRSLIT

## HM í handbolta

## 16-LIÐA ÚRSLIT

Rússland - Ísland 30-19 (15-12)

**Mörk Rússlands (skot):** Ludmila Postnova 7 (12), Chernovnenko 3 (3), Davydenko 3 (3), Bliznova 3 (4), Turei 3/2 (4/2), Levina 3 (7), Uskova 2 (2), Shipilova 2 (3), Bodnieva 2 (4), Khmyrova 2 (5), Zhilinskayte (1).

**Varin skot:** Anna Sedoykina 8 (20/2, 40%), Maria Sidorova 4 (11/1, 36%).

**Hraðaupphlaup:** 7 (Chernovnenko 2, Uskova 2, Turei 1, Shipilova 1, Bodnieva 1)

**Fiskuð víti:** 2 (Bodnieva 2)

**Utan vallar:** 10 mínútur.

**Mörk Íslands (skot):** Karen Knútsdóttir 4/3 (8/3), Arna Sif Pálsdóttir 3 (3), Þórey Rósa Stefánsdóttir 3 (5), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 2 (6), Stella Sigurðardóttir 2 (6), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 1 (1), Hanna G. Stefánsdóttir 1 (1), Dagný Skúladóttir 1 (2), Þorgerður Anna Atladóttir 1 (2), Rut Jónsdóttir 1 (5).

**Varin skot:** G. Jenný Ásmundsd. 17 (47/2, 36%).

**Hraðaupphlaup:** 4 (Þórey 2, Stella 1, Dagný 1).

**Fiskuð víti:** 2 (Hrafnhildur 1, Anna 1, Dagný 1).

**Utan vallar:** 10 mínútur.

Suður-Kórea - Angóla 29-30

Noregur - Holland 34-22

Svartfjallaland - Spánn 19-23

## LEIKIR DAGSINS

Svíþjóð - Frakkland kl. 16.30

Í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

Rúmenía - Króatía kl. 16.30

Danmörk - Japan kl. 19.15

Í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

Brasilía - Filabeinsströndin kl. 20.00



**FAGNAÐ** Patricia Viegas og félagar hennar í landsliði Angóla hafa náð góðum árangri í Brasilíu. NORDIC PHOTOS/AFIP

Aðrir leikir á HM í Brasilíu:

## Angóla áfram í fjórðungsúrslit

**HANDBOLTI** Afríkumeistarar Angóla eru eitt spútnikliðanna á HM í Brasilíu en þeir unnu sér sæti í fjórðungsúrslitum keppinnar með sigri á Suður-Kóreu í gær, 30-29. Fögnuðu þær vitanlega vel og innilega í leikslok en Angóla kom mörgum á óvart með góðri frammistöðu í riðli Íslands á mótinu.

Noregur fór auðveldlega áfram eftir stórsigur á Hollandi, 34-22, og þá slógu Spánverjar sterkt lið Svartfellinga úr leik, 23-19. 16-liða úrslitunum lýkur í dag með fjórum leikjum.

## Stórkostlegur árangur þrátt fyrir allt

Heimsmeistaralið Rússa of stórt verkefni fyrir Ísland að þessu sinni. Frábær byrjun dugði ekki til fyrir Ísland í 30-19 tapleik í 16-liða úrslitum á heimsmeistaramótinu í Brasilíu. Framtíðin er svo sannarlega björt.

**HANDBOLTI** Stelpurnar okkar, íslenska landsliðið í handbolta kvenna, lauk keppni á heimsmeistaramótinu í gær með því að tapa 30-19 gegn ríkjandi heimsmeistaraliði Rússlands. Ísland náði samt sem áður frábærum árangri á þessu fyrsta heimsmeistaramóti kvennalandsliðsins, 12. sæti og 60% vinninghlutfall í riðlakeppninni. Upphafskafli Íslands gegn Rússunum í gær var stórkostlegur, Ísland komst í 4-2 og sjálfstraustið geislaði af liðinu.

Evgeny Trevilov, þjálfari Rússa, fór á kostum á hliðarlínunni og öskraði á alla í kringum sig látlaust allan fyrri hálfleikinn. Ísland fór í taugarnar á honum og hann leyndi ekki vonbrigðum sínum. Rússland komst ekki yfir fyrr en í stöðunni 7-6 og það munaði aðeins þremur mörkum í hálfleik.

## Of mörg mistök

„Mér fannst við geta gert góða hluti gegn þessu liði miðað við byrjunina,“ sagði Karen Knútsdóttir, leikstjórnandi Íslands, en hún skoraði 4 mörk í leiknum. „Það var ekkert ódrúvísi að spila við þetta lið en Svartfjallaland, Noreg eða Þýskaland. Það vantaði bara aðeins meiri yfirvegum í leik okkar og fækka mistökunum, þá hefði allt getað gerst,“ bætti Karen við.

Staðan í hálfleik var 15-12 fyrir Rússa og en Ísland náði að minnka muninn í 2 mörk þegar 11 mínútur voru liðnar af síðari hálfleik, 18-16. Þá skildu leiðir og Rússar skoruðu 5 mörk í röð og loka-kafllinn var ekkert sérstakur hjá Íslandi. Í stöðunni 23-16 skoruðu Rússar aftur 5 mörk í röð og úrslitin ráðin. Lokatölur 30-19.

## Heilluðu alla upp úr skónum

Íslensku landsliðsstelpurnar og þeir sem starfa í kringum þetta lið eiga hins vegar að bera höfuðið hátt þrátt fyrir þessa niðurstöðu. Liðið kom gríðarlega á óvart í þessari keppni og heillaði alla sem fylgdust með upp úr skónum.

Ágúst Jóhannsson þjálfari og Gústaf Adolf Björnsson, aðstoðarmaður hans, hafa gert frábæra hluti að undanförunni. Liðið er nánast með 50% vinningshlutfall frá því að þeir tóku við liðinu sem er stórbæting miðað við undanfarin ár.

Liðið er ungt, nánast eins og U21 árs lið. Kjarninn í liðinu er rétt að skrifa yfir tvítugt og framtíðin er því björt. Reynslan sem þetta lið fékk á þessu móti mun aðeins styrkja það til enn stærri afreka.



**NÁÐU GLÆSILEGUM ÁRANGRI** Karen Knútsdóttir er hér nýbúin að skora mark fyrir Ísland gegn Rússlandi í gær. Ágúst Þór Jóhannsson í bakgrunni hvetur sína leikmenn áfram og aðrir á varamannabeknum fagna innilega. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Það hefur nánast gleymst að einn besti leikmaður liðsins í vörn og sókn, Rakel Dögg Bragadóttir, lék ekki með á þessu móti vegna alvarlegra hnémeiðsla og maður spyr sig hvað hefði getað gerst ef Rakel hefði ekki lent í þessu áfalli.

## Jötnar í vörninni

Stella Sigurðardóttir og Anna Úrsúla Guðmundsdóttir báru varnarleik liðsins á herðum sér allt mótið. Arna Sif Pálsdóttir og Harpa Eyjólfsdóttir leystu einnig varnarhlutverkin með sóma og Arna lék vel gegn Rússum þegar hún brá sér í sóknina.

Guðný Jenný Ásmundsdóttir lék vel í markinu á sínu fyrsta stórmóti og varamarkvörðurinn Sunneva Einarsdóttir átti finar rispur á þessu móti. Jenný var í raun sá leikmaður sem kom hvað mest á óvart enda var hún ekki í EM hópnum fyrir ári.

## Kröftug í horninu

Þórey Rósa Stefánsdóttir eignaði sér stöðuna í hægra horninu með flottu framlagi. Óflugur leikmaður sem nýtir færin sín vel. Hanna

Það vantaði bara aðeins meiri yfirvegum í leik okkar og fækka mistökunum, þá hefði allt getað gerst.

KAREN KNÚTSDÓTTIR  
LEIKMAÐUR ÍSLANDS

G. Stefánsdóttir, einn reynslumesti leikmaður liðsins, varð að setta sig við að vera í aukahlutverki í þessari stöðu.

Dagný Skúladóttir átti jöfnustu leikina í íslenska liðinu. Skilar alltaf sínu og er örugg eins og íslenskt ríkisskuldabréf – eða kannski aðeins öruggari en það. Ásta Birna Gunnarsdóttir fékk ekki margar mínútur í vinstra horninu þar sem Dagný blómstraði, en Ásta skilaði sínu.

## Eflidist við mótlætið

Rut Jónsdóttir náði að hrista af sér erfiða byrjun á mótinu og eflidist við mótlætið, og Birna Berg Haraldsdóttir fékk dýrmæta reynslu. Hún er aðeins 18 ára og þarf

líklega að fara að gera það upp við sig hvort hún ætli að leggja handboltann alveg fyrir sig. En Birna er einnig á meðal bestu fótþolmarkvarða Íslands.

Ragnhildur Guðmundsdóttir leysti sitt hlutverk með þrýði þrátt fyrir að hafa ekki leikið mikið á þessu móti. Þorgerður Anna Atladóttir fékk líka eldskírni sína á HM og hún getur bara orðið betri.

## Ótrúlegur kraftur í fyrirlíðanum

Ekki má gleyma 34 ára gamla fyrirlíðanum, Hrafnhildi Skúladóttur. Hún gaf sig alla í þessa leiki, þrátt fyrir ýmis smávægileg meiðslu, og krafturinn sem býr í þessari konu getur ekki annað en virkað vel á alla sem eru í sama liði og hún.

Stelpurnar okkar hafa lokið keppni en ég sé bara eins og flestir Íslendingar: Takk fyrir mig.

Sigurður Elvar Þórólfsson og Pjetur Sigurðsson fjalla um HM í Brasilíu  
seth@frettabladid.is - pjetur@365.is



## VEGLEG VERKFÆRI í Múrbúðinni

MURBÚÐARVERÐ

NOVA TWISTER 4,8V Skruvífel og skruvíbitar 1.790 kr.

NOVA 18V Rafhlöðuborvél 2 hraðar 4.990 kr.

ARGES borvél HDA235 900W PROFESSIONAL 5.990 kr.

DURATOOL Rafhlöðuborvél 18V 2.990 kr.

ARGES rafhlöðuborvél, HDA2544, 18V 17.900 kr. PROFESSIONAL

Reykjavík - Reykjanesbæ  
Akureyri - Húsavík  
Vestmannaeyjum



MURBÚÐIN

- Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Knútur Hauksson, formaður HSÍ, er stoltur af árangri kvennalandsliðsins á HM:

## „Eigum ekki fyrir farinu heim“

**HANDBOLTI** „Ég er gríðarlega stoltur af þessu liði eins og öll þjóðin. Þetta eru æðislegar stelpur, miklir fagmenn, og náum flottum árangri á fyrsta heimsmeistaramótinu. Þær gefast aldrei upp og þetta er bara yndislegur hópur,“ sagði Knútur Hauksson, formaður Handknattleikssambands Íslands, í gær í Barueri. Knútur á dóttur í liðinu, Karen Knútsdóttur, og það verður seint sagt að formaðurinn hafi ekki lifað sig inn í leikina hér á HM í Brasilíu.

„Það er mikið verk sem unnið hefur verið af starfsmönnum HSÍ í kringum þetta mót sem og önnur stórmót. Við erum með um 100 landsleiki á ári hjá öllum landsliðum og þetta er gaman þegar vel gengur,“ sagði formaðurinn en hann hefur líkt og aðrir stjórnmenn unnið hörðum höndum að því að útvega fjármagn í rekstur HSÍ.

„Þetta gengur allt saman upp að lokum en ég segi það á hverju stórmóti að staðreyndin er sú að við eigum ekki fyrir farinu heim. Þá tökum við bara „Íslendinginn á þetta“ og reynum að redda



**FORMAÐURINN** Knútur Hauksson fylgdist vel með stelpunum okkar í Brasilíu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

þessu. Staðan er alltaf sú sama hjá okkur, það erfiðasta við þetta allt saman er að við vitum aldrei hvaða fjárhagsstuðning við fáum áður en lagt er í svona stórmót. Ég hef stundum gantast með það að það þyrfti að setja í gang söfnun, „stelpurnar heim“. Við erum ekki alltaf búnir að sjá fyrir endann á

þessu þegar við leggjum af stað. Þannig er þetta hjá okkur og við gerum bara það sem þarf að gera til þess að redda hlutunum frá degi til dags. En á svona dögum þar sem góður árangur næst þá gleymir maður öllu því neikvæða sem fylgir þessum rekstri,“ sagði Knútur.

- seth





Emil

**Snæfell dúnúlpá**

Ný úlpá í Parka-línunni okkar og ein sú glæsilegasta. Hún er úr vatnsheldu efni og með 70% gæsadúnsfyllingu. Hettan er skjólgóð með kanti úr gerviskinni sem hægt er að taka af. Einstaklega góð flík fyrir íslenskar aðstæður.

75.800 kr.

**Kul peysa**

33.500 kr.

**66°N húfa**

5.800 kr.

## Lítið, skrýtið og skítkalt

Í Sandgerði fundum við 80 ára gamlan frystiklefa. Klefinn er því næstum jafn gamall okkur en í ár urðum við 85 ára. Samkvæmt nútíma gæðakröfum er frystiklefinn of rakur fyrir geymslu matvæla og brúkast því aðeins undir beitu núorðið. Frostið í klefanum nær niður í 20 stig. Okkur þótti hann því kjörinn fyrir myndatöku af fótunum okkar enda eins og smækkuð mynd af Fróni - lítill, kaldur og dimmur en samt dálítið snotur.

Sjáðu meira á [magazine.66north.is](http://magazine.66north.is)



## &gt; Stöð 2 kl. 21:10

## Covert Affairs

Magnaðir þættir um unga konu sem starfar fyrir bandarísku leyningjónustuna, CIA. Núna er Annie send til London þar sem hún þarf að komast í innsta hring glæpasamtaka sem reyndu að smygla demöntum til Bandaríkjanna.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON ER FULL AF FORTÍÐARPRÁ

### Ný kynslóð af Línu-aðdáendum

Ég á eina litla systurdóttur sem, líkt og margir jafnaldrar hennar, hefur ofsalega gaman af barnaefni á borð við Teletubbies, Skoppu og Skritlu og Dóru landkönnuð. Stundum, þegar búið er að lita, teikna, fönndra og ærslast, hef ég keypt mér stundarfríð með því að leita uppi áður nefnt barnaefni á vefsíðunni Youtube.com og leyft þeirri litlu að horfa á. Fyrir ekki svo löngu síðan fékk ég svo nóg af látunum í Teletubbies og Töskunni í þáttunum um Dóru og ákvað að finna til myndina Pippi Långstrump þá de sju haven frá árinu 1970



og sýna þeirri stuttu í von um að hún kynni einnig að meta þessa klassík. Og viti menn, barnið varð jafn hugfangið af látunum í Pippi, Anniku og Tommy og móðursystirin er enn þann dag í dag. Myndin um Línu og höfin sjö fjallar um ævintýri þremmenninganna er þau ferðast um höfin sjö í leit að föður Línu langsokks sem hefur verið tekinn höndum af hópi sjóræningja. Kvikmyndin er yndisleg í alla staði og hver veit nema systurdóttirin verði nú einnig gallharður aðdáandi sterkustu stúlku heims.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunbáttur Rásar 1 06.40 Veðurfreginir  
06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit  
08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með  
KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar  
á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir  
10.03 Veðurfreginir 10.13 Stefnumót 11.00  
Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00  
Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir  
12.45 Veðurfreginir 12.50 Dánarfreginir 13.00  
Hringsól 14.00 Fréttir 14.03 Bak við stjómurmar  
15.00 Fréttir 15.03 Útvarpssagan: Ofar tungum  
15.25 Fólkl og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05  
Viðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20  
Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfreginir  
18.53 Dánarfreginir 19.00 Endurómur úr Evrópu  
20.00 Leynifélagið 20.30 Kvika 21.10 Ópus  
22.00 Fréttir 22.05 Veðurfreginir 22.10 Orð  
kvöldsins 22.15 Tónlistarklúbburinn 23.10  
Stúdentsárin 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit  
Rásar 1

## RÚV

14.10 Jóladaatalið - Sáttmálinn (e)  
14.40 Silfur Egils (e)  
16.05 Landinn (e)  
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)  
17.20 Táknafréttir  
17.30 Babar (6:26) 17.52 Mærin Mæja  
(44:52) (Missy Mila Twisted Tales)  
18.00 Jóladaatalið - Sáttmálinn  
18.25 Óvænt heimsókn (2:5) (Uventet  
besøg) Dönsk þáttaröð með sjónvarpskon-  
unni Puk Elgård.  
19.00 Fréttir  
19.30 Veðurfreginir  
19.35 Kastljós  
20.10 Freistingar í borginni: Fyrstu  
vöruhúsin (Seduction of the City - The  
Birth of Shopping) Heimildamynd um það  
hvernig deildaskiptar stórvæslanir komu  
til sögunnar og breyttu hlutverki kvenna í  
samfélaginu.  
21.10 Hefnd (2:13) (Revenge)  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veðurfreginir  
22.20 Íslenski boltinn Í þáttunum  
er sýnt frá leikjum á Íslandsmóti karla og  
kvenna í handbolta og körfubolta.  
23.00 Réttur er settur (24:25) (Raising  
the Bar) Bandarísk þáttaröð um gamla skóla-  
félaga úr laganámi sem takast á fyrir rétti.  
23.45 Kastljós (e)  
00.20 Fréttir  
00.30 Dagskrárlok

## BÍÓ

06.20 Wild West Comedy Show  
08.00 Waking Sleeping Beauty  
10.00 A Cool, Dry Place  
12.00 Lína Langsokkur  
14.00 Waking Sleeping Beauty  
16.00 A Cool, Dry Place  
18.00 Lína Langsokkur  
20.00 Wild West Comedy Show  
22.00 The Quick and the Dead  
00.00 Dreaming Lhasa  
02.00 Peaceful Warrior  
04.00 The Quick and the Dead  
06.00 Funny People

## STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2  
08.15 Oprah  
08.55 Í finu formi  
09.10 Bold and the Beautiful  
09.30 Doctors (75:175)  
10.15 Masterchef (8:13)  
11.00 Mercy (16:22)  
11.45 Lie to Me (22:22)  
12.35 Nágrannar  
13.00 Frasier (15:24)  
13.25 So you think You Can Dance (22:23)  
14.50 ET Weekend  
15.40 Barnatími Stöðvar 2  
17.00 Bold and the Beautiful  
17.25 Nágrannar  
17.52 The Simpsons (11:21)  
18.23 Veður  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.47 Íþróttir  
18.54 Ísland í dag  
19.21 Veður  
19.30 Malcolm in the Middle (13:25)  
19.55 My Name Is Earl (12:27)  
20.25 Glee (8:22) Þriðja gamanþáttaröðin  
um metnaðarfullu menntaskólanemana sem  
halda áfram að keppast við að vinna söng-  
keppni á landsvisu þrátt fyrir mikið mótlæti  
frá klappstýrkuennaranum Sue sem nýir hvert  
tækifæri til þess að koma höggi á söngkennar-  
ann Will og hæfileikahópinn hans. Fjölmargar  
gestastjómur bregða á leik í þáttunum.  
21.10 Covert Affairs (10:11)  
22.00 Celebrity Apprentice (6:11) Auð-  
kyfingurinn Donald Trump leiðir saman mis-  
stórar og skærar stjómur í hörkuspennandi  
markaðs- og fjárfunlarkeppni.  
23.30 Twin Peaks (8:8)  
00.20 Modern Family (1:24)  
00.45 Mike & Molly (13:24)  
01.10 Chuck (12:24)  
01.55 Community (9:25)  
02.20 Hide Hörkuspennandi mynd sem  
eru nútímaútgáfa að glæpaparínu Bonnie og  
Clyde. Billy er nýsloppinn úr fangelsi og hitt-  
ir elskuna sína, Betty en hún heldur honum  
á glæpabrotunni.  
03.55 Lie to Me (22:22)  
04.40 Covert Affairs (10:11)  
05.25 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

07.00 HM í handbolta Útsending frá leik  
í 16 liða úrslitum / Forsetabikarnum.  
16.35 HM í handbolta Útsending frá leik  
í 16 liða úrslitum / Forsetabikarnum.  
18.05 Þorsteinn J. og gestir  
18.35 Þorsteinn J. og gestir  
19.05 HM í handbolta: Forsetabikar-  
inn BEINT  
20.45 Þorsteinn J. og gestir  
21.15 Spænsku mörkin Sýnt frá öllum  
leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu  
tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska  
boltanum.  
21.55 HM í handbolta Útsending frá leik  
í Forsetabikarnum á HM.  
23.25 Þorsteinn J. og gestir

## SPORT 2

07.00 Stoke - Tottenham  
15.40 Arsenal - Everton  
17.30 Sunnudagsmessan  
18.50 Premier League Review 2011/12  
19.50 Chelsea - Man. City BEINT  
22.00 Premier League Review 2011/12  
23.00 Football League Show  
23.30 Chelsea - Man. City

## EXTRA

19.30 The Doctors (60:175)  
20.05 Wonder Years (2:23)  
20.35 Wonder Years (3:23)  
21.00 Fréttir Stöðvar 2  
21.25 Ísland í dag  
22.00 The Mentalist (1:24)  
22.50 The Killing (12:13)  
23.40 Mad Men (7:13)  
00.30 My Name Is Earl (12:27)  
00.50 Wonder Years (2:23)  
01.15 Wonder Years (3:23)  
01.40 The Doctors (60:175)  
02.15 Sjáðu  
02.40 Fréttir Stöðvar 2  
03.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist  
08.00 Dr. Phil (e)  
08.45 Rachael Ray (e)  
09.30 Pepsi MAX tónlist  
16.05 Game Tívi (13:14) (e)  
16.35 Rachael Ray  
17.20 Dr. Phil  
18.05 Top Gear Best of (3:4) (e)  
18.55 America's Funniest Home  
Videos (21:48)  
19.20 Everybody Loves Raymond (9:25)  
19.45 Will & Grace - OPIÐ (12:24) (e)  
20.10 Kitchen Nightmares (10:13) Kokk-  
urinn Gordon Ramsay tekur að þessu sinni  
veitingastaði í Kaliforníu í bakaríð.  
21.00 Parenthood (17:22) Bráðskemmti-  
leg þáttaröð sem er í senn fyndin, hjartnæm  
og dramatisk. Crosby þarf að mæta örlögum  
sínunum eftir alvarleg mistök á sama tíma fær  
Drew slæmar fréttir frá Seth.  
21.45 Málið (3:4) Háreið þættir frá  
Sólva Tryggvassyni þar sem hann kannar  
málin ofan í kjólinn. Í þessum þriðja þætti af  
Málinu fer Sólvi suður á Bessastaði og kynnrir  
sér málefni Ólafs Ragnars Grímssonar forseta  
Íslands.  
22.15 Mad Dogs (3:4)  
23.05 Jimmy Kimmel  
23.50 Law & Order: Special Victims  
Unit (13:24) (e)  
00.35 United States of Tara (10:12) (e)  
01.05 Outsourced (13:22) (e)  
01.30 Kitchen Nightmares (10:13) (e)  
02.15 Mad Dogs (3:4) (e)  
03.05 Everybody Loves Raymond  
(9:25) (e)  
03.25 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America 08.10 Dubai World  
Championship (4:4) 12.10 Golfing World 13.00  
Dubai World Championship (4:4) 17.00 US  
Open 2009 - Official Film 18.00 Golfing World  
18.50 The Franklin Shootout (3:4) 22.00 Golf-  
ing World 22.50 Champions Tour - Highlights  
(19:25) 23.45 ESPN America

## N4

18.00 Að norðan

## BBC entertainment

08.40 Come Dine With Me 09.30 Hustle 10.20  
Hustle 11.10 EastEnders 11.40 Derren Brown.  
Something Wicked This Way 12.55 Come Dine  
With Me 13.45 The Inspector Lynley Mysteries  
15.20 Top Gear 16.10 Come Dine With Me 17.00 Derren  
Brown. Something Wicked This Way 18.15 QI  
18.45 QI 19.15 Top Gear 20.10 Top Gear 21.00  
Michael McIntyre's Comedy Roadshow 21.45 QI  
22.15 Little Britain 22.45 Little Britain 23.15 Little  
Britain 23.45 The Graham Norton Show

## DR 1

11.10 21 Söndag 12.05 Cleo 12.55 Jamie Olivers  
familiejul 13.20 Clement Söndag 14.00 DR  
Update - nyheder og vejr 14.10 Maggies nye liv  
15.00 Vinden i piletræerne 15.20 Shanes verden  
15.50 Professor Balthazar 16.00 Rockford 16.50  
DR Update - nyheder og vejr 17.00 Tæt på Dyrene  
17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet  
18.30 Nissebanden i Grønland 19.00 Den frosne  
planet 19.50 Bag om den frosne planet 20.00 TV  
Avisen 20.25 Sporten med VM håndbold 20.30  
Lewis 22.05 OBS 22.10 Kontakt til fortiden

## NK1

12.35 Ut i nærturen 13.00 Nyheter 13.05 Norge  
rundt 13.30 Magasin 14.00 Nyheter 14.10 Dallas  
15.00 Nyheter 15.10 Jessica Fletcher 16.00  
Nyheter 16.10 Det søte liv 16.40 Oddasat - nyhe-  
ter på samisk 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00  
Jul i Blåfjell 17.25 Farkvæld 17.40 Distriktsnyheter  
18.00 Dagsrevyen 18.45 Norge rundt-jubiläum  
19.15 Brenner - historier fra vårt land 19.55  
Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21. 20.30 Buzz  
Aldrin, hvor ble det av deg i alt mylderet? 21.30  
Livssynsdirktoratet

## svt1

11.30 The Trip 12.00 Skatten under glaciä-  
ren 12.20 Hej kvinna 13.20 Längs raden  
13.40 Midnattssolens son 15.00 Rapport 15.05  
Comoron Sverige 15.55 Engelska Antikrundan  
16.55 Sportnytt 17.00 Rapport 17.10 Regionala  
nyheter 17.15 Fråga doktorn 17.45 Julkalendern.  
Tjuvamas jul 18.00 Kulturmysterierna 18.15  
Regionala nyheter 18.30 Rapport 19.00 Från  
Lark Rise till Candleford 20.00 Anno 1790 21.00  
Medialized 21.30 Små barn - stora rättigheter  
22.00 Kören 23.00 Starke man 23.30 Rapport

## INN

20.00 Heilsupáttur Jóhönnu 20.30 Golf  
fyrir alla 2 21.00 Frumkvöðlar 21.30 Eldhús  
meistarana

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 91,9 Kaninn

FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið  
FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útlit Saga  
FM 102,2 Útlit Latibær

FM 102,9 Lindin  
FM 105,5 Útlit Boðun

TRÚNAÐARMÁL  
POP SECRET ER NÚNA  
ÁN TRANSFITU!





**ora**

Ástríða í matargerð

# Gleðileg íslensk jól

Komdu og sjáðu risa jólatré úr Ora dósum  
**í Nettó Mjódd**

Hvað eru margar ORA rauðkálsdósir í jólatrénu?  
5 heppnir þátttakendur sem hitta á rétt svar  
(eða verða næst því) fá glæsilegan jólaglaðning frá Ora!

**nettó**

Kræsingar og kostakjör...  
... um jólín



„Uppáhalds-þátturinn minn þessa dagana er Grey's Anatomy. Ég hef gaman af að fylgjast með öllu læknadramanu sem er í gangi hverju sinni, þótt ég sé nú engin dramadrottning sjálf.“



Anna Kristín Kristinsdóttir, viðskiptafræðingur og flugfreyja.

# Framleiða einn vinsælasta söngleik ársins

„Þetta er alveg frábært og við erum í skýjunum með viðtökurnar,“ segir Óskar Eiríksson, framkvæmdastjóri Leikhúsmógulsins en söngleikur í þeirra framleiðslu var á dögnum valinn á Topp 10 lista Time Magazine yfir bestu leikrit og söngleiki ársins.

Um er að ræða söngleikinn Silence! er hann er byggður á kvikmyndinni Lömbin Þagna eða The Silence of the Lambs. Söngleikurinn er sýndur í 9th Space Theatre-leikhúsinu í New York og á Leikhúsmóguöllinn heimsréttinn á honum. Hugmyndin er óneitanlega frumleg og ekki margir sem geta ímyndað sér

söngleik upp úr hryllingsmyndinni Frægu um mannætuna Hannibal Lecter.

„Ég verð að viðurkenna að ég var ekki alveg að kaupa hugmyndina strax þegar hún var borin undir mig og setti fram þá kröfu að þetta yrði að vera fyndinn söngleikur. Að setja upp svona söngleiki er áhætta og ekki var víst að áhorfendur myndu kveikja á gríninu,“ segir Óskar en söngleikurinn sló vægast sagt í gegn og hefur, að hans sögn, fengið geysilega góða umfjöllun úti.

„Söguþræði myndarinnar er fylgt og lögin byggð á frægum setningum úr myndinni. Ég er núna búinn að

sjá sýninguna tíu sinnum og gæti séð hana oft. Þetta er alveg ótrúlega skemmtilegt,“ segir Óskar en á dögnum kom stjórnandi frægasta morgunþáttar Bandaríkjanna, Kelly Ripa, á sýninguna og talaði svo um hana í heilar fimm mínútur í þættinum daginn eftir. „Hún skemmti sér konunglega og þetta var ómetanleg auglýsing fyrir okkur,“ segir Óskar en næsta skref er setja sýninguna upp í Suður-Afríku, Ástralíu, London og jafnvel á Íslandi. „Okkur langar mikið að setja söngleikinn upp hér í Gamla Bíó. Við þurfum bara að finna góðan þýðanda fyrst.“



SÖNGLEIKUR UM HANNIBAL Óskar Eiríksson hjá Leikhúsmógulnum framleiðir söngleikinn Silence! sem var valinn á topp 10 lista Times Magazine yfir bestu leikrit ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ingvar lærir norsku

„Ég byrjaði aðeins síðastliðið vor að þreifa á textanum sem ég flyt. Og svo hefur maður auðvitað verið að vasast í öðrum hlutum. En undanfarnar tvær til þrjár vikur hef ég eiginlega bara verið á fullu í að læra norsku,“ segir stórleikarinn Ingvar E. Sigurðsson.

Ingvar er ekki að feta í fótspor landa sinna sem hafa fundið sér framtíð hjá frændþjóðinni heldur eru hann og Gísli Örn Garðars-son að fara að leika í Hamskiptunum hjá norska Þjóðleikhúsinu í Ósló en uppsetning Vesturports á verkinu hefur verið sýnd um allan heim. Gísli Örn er altalandi á norsku enda var hann búsettur þar í samanlagt tíu ár. Ingvar kunnir hins vegar varla stakt orð í tungumálinu og hefur því bæði sótt málaskóla og verið í einkakennslu.

„Þetta er bara gaman og ögrandi,“ segir Ingvar sem hefur aðallega einbeitt sér að aust-norsku sem töluð er í Ósló. Þeir félagar héldu utan í gær til að æfa með norskum starfsbræðrum sínum en svo verður frumsýning í janúar. Á norsku. „Ég ber mikla virðingu fyrir norsku en það sem hefur eiginlega komið mér mest á óvart er hversu íslenskan er einstök og svo allt öðruvísi en þessi tungumál í kringum okkur.“



LÆRIR NORSKU Ingvar E. Sigurðsson leikur í Hamskiptunum í uppsetningu norska þjóðleikhússins.



GAME OF THRONES Á ÍSLANDI Þórhallur Gunnarsson endurklippti Game of Thrones-innslag Djöflaeyjunnar en það virðist ekki hafa dugað til, óklippta útgáfan er komin inn á aðdáendasíðu þáttanna, Winter-is-coming.net. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SNORRI ÞÓRISSON: FRAMLEIÐENDUR GAME OF THRONES LEIÐIR

# Aðdáendurnir himinlifandi með mistök Djöflaeyjunnar

Óklippt innslag af menningarþættinum Djöflaeyjunni, þar sem tókustaður Game of Thrones var heimsóttur, er nú að finna inni á aðdáendasíðu þáttanna, winter-is-coming.net. Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku sást í innslaganu persóna sem framleiðendur þáttanna höfðu lagt ríka áherslu á að yrði haldið leyndri og höfðu gert heidurssamkomulag við þá fjölmiðla sem heimsóttu tókustaðinn að umrædd persóna yrði hvergi nefnd né birt. Aðdáendur hafa nú upplýst að persónan heitir Ygritte og er leikin af Rose Leslie.

„Ég er búinn að ræða þetta við framleiðendurna og þeir eru auðvitað mjög leiðir yfir þessu. En svona getur alltaf gerst þegar fjölmiðlum er hleypt inn á tókustað og það er ekkert hægt að gera í þessu núna,“ segir Snorri Þórisson, eigandi Pegasus, en fyrirtækið þjónustar tókulið Game of Thrones. Í kjölfarið á kvörtunum brást Þórhallur Gunnarsson, ritstjóri Djöflaeyjunnar, skjótt við og endurklippti þáttinn fyrir vefsíðu RÚV. En það virðist ekki hafa dugað til því vefsíðan winter-is-coming.net, sem er ein stærsta aðdáendasíða þáttanna, birti óklippt myndband

Djöflaeyjunnar frá notenda sem kallar sig gunnarahlidarenda. Og þar sést umrædd persóna, skýrt og greinilega. „Ygritte lítur stórkostlega út,“ segir einn af ritstjórum vefjarins

Umræðurnar um myndbandið eru ansi fjörugar á aðdáendasíðunni og Game of Thrones-aðdáendurnir eru himinlifandi með mistök RÚV. Og sem betur fer fyrir aðstandendur Game of Thrones virðast aðdáendur einnig vera sáttir við útlitið á persónunni. „Ég dýrka lita-pallfettturnar á búningnum hennar,“ segir aðdáandi að nafni Lina. freyrgigja@frettabladid.is

## Tölvuhjálpmenn - engar áhyggjur!

Við komum heim til þín með nýju tölvuna og setjum hana upp fyrir þig fyrir aðeins 4.990 kr. ef keypt með nýrri tölvu. Listaverð á þessari þjónustu er 12.990 kr.

- Setjum tölvuna upp ásamt fylgihlutum ✓
- Tengjum nýju tölvuna við internetið\* ✓
- Setjum upp eitt netfang ✓
- Tengjum prentarann og flakkarann ✓
- Setjum upp hugbúnað að þínu vali\*\* ✓
- Göngum snyrtilega frá öllum köplum ✓



\* Nettenging þarf að vera til staðar. \*\* Einn hugbúnað, t.d MS Office. Gildir eingöngu fyrir höfuðborgarsvæðið, Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.



Apple iMac 21.5" - 234.900 kr.

Þú færð örugglega verðlaun fyrir fallegasta vinnuborðið með þessari. Glæsileg Apple iMac tölva með sambyggðum skjá. Þráðlaust lykklaborð og mús fylgja með.



Dell Inspiron One - 169.900 kr.

Einfaldaðu líf þitt og hámarkaðu borðpláss með glæsilegri Inspiron One 2320 borðtölvu með innbyggðum FULL HD 23" snertiskjá, vefmyndavéi og nýrri kynslóð Pentium örgjörva frá Intel.



REYKJAVÍK Ármúli 11  
REYKJANESBÆR ■ AKRANES ■ BORGARNES

- Við þekkjum tölvur

## Atvinnumaður í spurningagerð

„Maður semur spurningar á daginn og kennir í bjórskóla á kvöldin. Ef einhver hefði sagt mér þetta þegar ég var nítján ára þá hefði ég hlegið,“ segir Stefán Pálsson, atvinnuspurningahöfundur.

Hann samdi spurningarnar fyrir Gettu beturspilið sem er nýkomið út. Tíu ár eru liðin frá því að síðasta spil kom út og hefur nýja útgáfan að geyma tvö þúsund spurningar. Stefán semur einnig spurningar fyrir sjónvarpsþáttinn Ha? á Skjá einum og hefur aðstoðað við að semja spurningar fyrir Útsvarið í Sjónvarpinu. Að auki er hann duglegur við að halda pöbba-spurningakvöld.

„Draumurinn um að verða atvinnumaður í fótbolta rættist ekki en þetta kom þá í staðinn,“ segir Stefán, ánægður með starf sitt.

Með dugnaði sínum gerir hann einnig harða atlögu að sæmdarheitinu „Spurningahöfundur Íslands“. „Maður hefur notað þennan titil í gamni um Ólaf Bjarna Guðnason, aðalspurningahöfundinn í Útsvari. Hann hefur samið fyrir Meistarann og hinar og þessar keppnir en maður gerir alvarlega atlögu að titlinum.“

Stefán, sem er sagnfræðingur að mennt, hefur lengi stundað spurningagerð. Hann samdi spurningar fyrir fótboltaspil og var dómari í Gettu betur



ATVINNUMAÐUR Stefán Pálsson varð atvinnumaður í spurningagerð en ekki í fótbolta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

í tvö ár. Spurður hvort hann verði aldrei þreyttur á þessu segir hann: „Er þetta ekki eins og með flest annað? Maður verður bara betri með æfingunni. En ég skal viðurkenna að þegar maður fer í fjölskyldu- og einhver fær þá sniðugu hugmynd að fara í spurningaspil, þá fer maður bara að hjálpa til við að vaska upp.“



M  
MICHELSEN  
ÚRSMIDIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

MICHELSEN ÚRSMIDIR BJÓÐA KIRI TE KANAWA VELKOMNA

DAME KIRI TE  
KANAWA

HÖRPU SUNNUDAGSKVÖLDIÐ 5. FEBRÚAR

MÍÐASALA HAFIN  
Á HARPA.IS  
OG Í SÍMA 528 5050

Nánari upplýsingar á [www.concert.is](http://www.concert.is)







Póst: dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is  
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

# VÍSIR

Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sækja í hitann á Kúbu

Erpur Eyvindarson eða Blaz Roca, eins og rapparinn kallar sig stundum, kvaddi klakann á föstudaginn var en hann ætlar að eyða næstu þremur mánuðum á Kúbu ásamt móður sinni og bróður, rapparanum Sesarí A. Þeir bræður eru þó ekki einu íslensku tónlistarmennirnir sem hyggjast dvelja á Kúbu yfir hátíðarnar því **Magnús Kjartansson** ætlar einnig að dvelja þar í faðmi fjölskyldu sinnar. Eins og kunnugt er fagnaði Magnús sextíu ára afmæli sínu á þessu ári og því ákvað fjölskyldan að fagna tímamótunum með stæl. Magnús var þó ekki sá eini í fjölskyldunni sem átti stórafmæli á þessu ári því sonur hans, **Oddur Snær**, fagnaði þrítugsafmæli sínu í byrjun árs.



### Fjör hjá Börsungum

Barcelona-klúbburinn á Íslandi er ört stækkandi félagsskapur en klúbburinn hefur aðsetur sitt á gistiheimilinu Backpackers við Laugaveg 28. Meðlimir klúbbsins sem og aðrir komu saman á laugardaginn til að fylgjast með stórleiknum, El Clasico, gegn Real Madrid. Börsungar höfðu ærna ástæðu til að fagna enda unnu þeir sannfærandi sigur gegn erkiffendum, 3-1. Meðal þeirra sem létu sjá sig á Backpackers á laugardaginn má nefna **Sindra Má Sigfússon**, kenndan við Seabear, **Órvar Þóreyjarsón Smárasón**, kenndan við múm og FM Belfast, Jón Kaldal ritstjóra, sem og plötusnúðana Árna Sveinsson og Magga Lego. - kh



### Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Þetta er ástæðan að við erum Ísland
- 2 Gistu í fangaklefa vegna leiðinda
- 3 Mugison heldur fleiri fría tónleika
- 4 Leita að fjórum mönnum sem hefur verið saknað síðan í gær

# Office1

Fyrirtækjþjónusta

# ÓDÝR

REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

PÖNTUNARSÍMI  
**550 4111**

Fyrirtækjþjónustan er opin 8 - 17  
pontun@office1.is  
www.office1.is



# JÓLAGJAFIR

## SEM ÞÚ LEST SPJALDANNA Á MILLI



99.900 kr.

**Motorola Xoom**

Skjár: 800 x 1280 pixels  
Með Wi-Fi tengingu  
Android OS stýrikerfi

159.900 kr.

**HTC Flyer 3G 32GB**

Skjár: 600 x 1024 pixels  
Með Wi-Fi tengingu  
Android OS stýrikerfi

81.900 kr.

**iPAD 2 16GB**

Skjár: 1024 x 768 pixels  
Með Wi-Fi tengingu  
Hraðvirkari, þynnri og léttari!

109.900 kr.

**Samsung Galaxy Tab**

Skjár: 800 x 1280 pixels  
Með Wi-Fi tengingu  
Android OS stýrikerfi

12 MÁNAÐA  
VAXTALAUS  
LÁN



89.900 kr.

**HP Pavilion dm1-4035eo**

Skjár: 11,6" High-Definition HP  
BrighView LED display  
Örgjörvi: AMD Dual-Core E-450  
Vinnsluminni: 4GB DDR3  
Hljóðstýring: Beats Audio



179.900 kr.

**HP TouchSmart borðtölva**

Skjár: 23" snertiskjár  
Örgjörvi: Intel © Core T i3-2120  
Vinnsluminni: 4 GB DDR3  
Harður diskur: 1 TB  
Hljóðstýring: Beats Audio



169.900 kr.

**MacBook Air**

Skjár: 11,6" LED breiðtjaldsskjár  
Örgjörvi: Intel Core i5  
Vinnsluminni: 2 GB DDR3

\* Skv. Gartner.



- MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI\*

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18  
kl. 11-15 alla laugardaga fram að jólu.



# OK

búðin

OK búðin | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | Sími 570 1140 | www.okbudin.is